SKOÐUN Dagforeldrum er vorkunn, skrifar Pawel Bartoszek **21**

TÓNLIST Jóhanna Guðrún gæti flutt lag Davíðs kærasta síns í Eurovision **66**

SPORT Það eru 20 ár síðan Eric Cantona kom til Man. Utd. **62**

NÝ VERSLUN
Iceland
Opnum á morgun á Granda
Frábær opnunartilboð

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
30. nóvember 2012
282. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

FRÉTTIR

Ekkert lát á mótmælum

Stjórnlagaþing Egyptalands samþykkti í gær frumvarp að stjórnarskrá sem felur í sér að sjaría-lög verða áfram grunnur stjórnskipunar. Þessu var mótmælt víða í landinu. **4**

Sjö ára fangelsi Einn þyngsti dómur sem fallið hefur fyrir kynferðisbrot á Íslandi var kveðinn upp í gær yfir manni sem níddist á tveimur börnum um árabil. **2**

Landsnet kært fyrir lögbrot Samtök álframleiðenda hafa kært verðhækkun Landsnets og segja hana brot á raforkulögum. Verð hefur hækkað um 160% til stórnotenda. **6**

Framsóknarmenn þinga Valið verður á framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavík og Norðausturkjördæmi um helgina. **12**

SHALIDOR **20**

Bolungarvík	-1°	A	5
Akureyri	-4°	A	3
Egilsstaðir	-4°	NV	3
Kirkjubæjarkl.	-2°	NA	2
Reykjavík	1°	A	6

Skýjað með köflum og lítilsháttar él sums staðar við ströndina. Vindur fremur hægur og frost víða um land. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk

VG hlynnt en Samfó efins

Frumvarp um fiskveiðistjórnun var samþykkt hjá þingflokki Vinstri grænna í gærkvöldi. Samfylkingin telur málið þurfa meiri vinnu í ríkisstjórn. Tíminn er naumur því 38 þingdagar eru eftir á starfsáætlun Alþingis.

STJÓRNMÁL Þingflokkar stjórnarflokkanna funduðu í gærkvöldi um frumvarp um fiskveiðistjórnun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins samþykkti þingflokkur Vinstri grænna að leggja frumvarpið fram, en Samfylkingin vill skoða ákveðin atriði þess innan ríkisstjórnar. Málið verður rætt á ríkisstjórnarfundi í dag og stefnt er að því að leggja það fram í kjölfarið.

Það er ekki seinna vænna því frestur til að leggja fram mál á Alþingi rennur út í dag. Eftir það þarf að veita afbrigði til að mál séu tekin á dagskrá. Þá eru aðeins eftir 38 fundadagar á Alþingi, samkvæmt áætlun, að deginum í dag meðtöldum.

Heimildir Fréttablaðsins herma

38 þingdagar eru eftir samkvæmt starfsáætlun.

69 stjórnarfrumvörp liggja fyrir þinginu.

að frumvarpið, sem Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra leggur fram, sé óbreytt í grundvallaratriðum frá því sem var frestað á síðasta þingi. Þingflokkarnir hafa ekki séð frumvarpið í heild sinni, en þau atriði sem vitað er að ágreiningur er um hafa verið kynnt.

Á meðal þess sem deilt er um er hve byggðapottar eiga að vera stórir. Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, og Ólína Þorvarðardóttir Samfylkingunni hafa bæði lýst yfir andstöðu við ákveðna þætti frumvarpsins, ekki síst byggðatengingu.

Þær raddir gerast æ háværari að ríkisstjórnin sé einfaldlega fallin á tíma – og stuðningi – til að ljúka málinu. Hún hefur ekki lengur þingmeirihluta, en aðeins 31 þingmaður er í stjórnarflokkunum. Þá bíða fjölmörg stór mál afgreiðslu þingsins og ljóst þykir að forgangsraða þurfi þeim. Þau náist ekki öll í gegn.

Innan Samfylkingarinnar hefur, samkvæmt heimildum blaðsins, sú skoðun verið uppi að frumvarpið sé fulllangt frá því sem lagt var upp með í stjórnarsáttmála. Á það ekki síst við um aðgang að greininni. **- kóp**

➜ Stór mál óafgreidd

- Frumvarp um fiskveiðistjórnun
- Rammaáætlun
- Fjárlög 2013
- Frumvarp um stjórnarskrá
- Bandormar um tekjur (m.a. skattur á ferðaþjónustu)

SKÁK OG MÁT! Felix Steinþórsson er hér búinn að gersigra lækninn sinn, Sindra Valdimarsson. Þeir hituðu upp fyrir skákmaraþon helgarinnar í Kringlunni. Þar verður peningum safnað til tækjakaupa fyrir Barnaspítala Hringsins. Búið er að stefna saman skákæsku landsins í bland við stórmeistara í skák, skemmtikrafta og þjóðþekkta karaktera eins og Karíus og Baktus og Skoppu og Skrítlu, svo aðeins fáir séu nefndir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skákmaraþon um helgina:

Lagði lækninn sinn að velli

SKÁK Hinn ellefu ára gamli Felix Steinþórsson er einn efnilegasti skákmaður landsins, en hefur þó lengi glímt við erfiðan hjartasjúkdóm og því dvalið langdvölum á Barnaspítala Hringsins.

Skákakademían stendur í dag og á morgun fyrir skákmaraþoni í Kringlunni til að safna fé til tækjakaupa fyrir Barnaspítala Hringsins, og tók Felix af því tilefni eina bröndótta við lækninn sinn, Sindra Valdimarsson, og hafði sigur.

Hrafn Jökulsson, hjá Skákakademíunni, segir maraþonið hreina fjölskylduskemmtun. „Við vonum að sem flestir geti komið og lagt góðu málefni lið. Skákkunnátta er algjört aukaatriði. Það er gleðin og málstaðurinn sem skiptir hér öllu.“

Þeir sem vilja leggja málefninu lið geta mætt í Kringluna milli klukkan tólf og sex í dag og á morgun. **- þj, shá**

Meistaraverk!

Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Dauðinn í Dumbshafi.

Mikil samþjöppun hefur átt sér stað í kröfuhafahópi Glitnis:

Sjóðir eiga um helming krafna

VIÐSKIPTI Vogunarsjóðir og aðrir fjárfestingasjóðir eiga um helming allra krafna á Glitni. Verði nauðasamningur bankans samþykktur og kláraður munu þeir eiga meirihluta í eignarstýringafélaginu sem stofnað verður á grunni hins fallna banka. Á meðal eigna þess verður Íslandsbanki.

Þetta má lesa út úr skrá yfir fimmtíu stærstu samþykktu kröfuhafa Glitnis sem birt var á kröfuhafafundi í gær og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Burlington Loan Management, írskt skúffufyrirtæki sem er fjármagnað og stýrt af bandaríska sjóðstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner, er langstærsti einstaki kröfuhafi Glitnis. Alls á Burlington 8,46 prósent allra samþykktra krafna. Heildarumfang krafna sjóðsins er 191 milljarður króna.

Burlington er einnig á meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings, á meðal stærstu eigenda Klakka og Straums og á meðal kröfuhafa Landsbankans. **- þsj / sjá síðu 16**

47,9% krafna í þrotabú Glitnis eru í eigu rúmlega 30 sjóða, aðallega vogunarsjóða.

NÝKAUP.IS
VIÐ OPNUM Á MORGUN 1. DESEMBER

VETRAR TILBOÐ
á öllum hjólum

MARKIÐ
Ármúli 40, 108 • Reykjavík • Sími: 517 4600

SPURNING DAGSINS

Bragi, voruð þið hræddir um að gerast brotlegir við jólalög?

„Já, við vildum ekki þurfa að spila með Bubba á Hrauninu um jólin."

Bragi Valdimar Skúlason og félagar í Baggalúti gáfu nýlega út sitt árlega jólalag. Það er frumsamið að þessu sinni, en ekki sótt í annarra smiðju eins og svo oft áður. Bubbi Morthens fór flatt á slíku fyrir þessi jól.

Mikill meirihluti samþykkti Palestínu sem áheyrnarríki í gærkvöldi:

SÞ viðurkenna Palestínuríki

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gærkvöldi að Palestína fengi stöðu áheyrnarríkis innan samtakanna. Aukinn meirihluta, eða tvo þriðju aðildarþjóðanna 193, þurfti til samþykktarinnar. Niðurstaðan varð að 138 ríki greiddu atkvæði með tillögunni, níu gegn henni og 41 ríki sat hjá.

Ísland var á meðal flutningsmanna tillögunnar og greiddi henni atkvæði sitt, ásamt áhrifamiklum ríkjum á borð við Frakkland og Spán, Indland, Rússland og Kína. Bandaríkjamenn og Ísraelsmenn leiddu andstöðuna en Þjóðverjar sátu hjá, eins og Bretar.

Palestína er nú áheyrnarríki og hefur sömu stöðu og Vatíkanið. Leiðtogar Palestínu vonast til þess að þetta muni styrkja samningsstöðu þeirra í deilunni við Ísrael.

Forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, ávarpaði þingið og sagði að þessi niðurstaða væri „síðasta hálmstráið" í baráttu Palestínumanna fyrir því að tvö fullvalda ríki geti þrifist þar sem nú er Ísrael. - sh

MAHMUD ABBAS Forseti palestínsku heimastjórnarinnar var þakklátur þegar niðurstaðan lá fyrir í gærkvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Dvelja fram á sunnudag:

Kollegar heimsækja Ögmund

STJÓRNMÁL Innanríkisráðherrar Færeyja og Grænlands koma í opinbera heimsókn til Íslands í dag. Þeir Kári Höjgaard og Anton Frederiksen dvelja hér í boði Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra fram á sunnudag.

Ráðherrarnir munu funda með sérfræðingum innanríkisráðuneytisins og ýmissa stofnana sem heyra undir það. Þeir munu kynna sér ýmis sameiginleg málefni, til dæmis starfsemi Fjölmenningarseturs og Þjóðskrár. - þeb

Könnunarfar NASA á sporbaug um innstu plánetu sólkerfisins:

Ís og lífræn efni á Merkúr

VÍSINDI Messenger, könnunarfar bandarísku geimferðastofnunarinnar, hefur sent til jarðar upplýsingar um að finna megi ís í skyggðum gígum nærri norðurpól plánetunnar. Yfir ísnum sé þunnt og dökkt lag af lífrænum efnum sem hylur ísinn á köflum.

Talið er að ísinn og lífræna efnið hafi borist til Merkúrs með loftsteinum fyrir milljónum eða hundruðum milljóna ára.

Könnunarfarið er á sporbaug umhverfis innstu plánetu sólkerfisins og kastar leysigeisla á yfirborð plánetunnar. Könnunarfarið greinir svo geislana sem endurkastast.

Messenger var sent í átt til Merkúrs árið 2004 og komst á sporbaug um plánetuna í fyrra. - þþh

MERKÚR Messenger hefur verið á sporbaug um Merkúr í rúmt ár og er nú þegar búinn að gera miklar uppgötvanir. Merkúr er fyrsta pláneta frá sólu.

Níddist á börnum og borgaði þeim fyrir

Maður á fimmtugsaldri dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir að misnota tvö börn um árabil. Með þyngstu dómum fyrir kynferðisbrot. Borgaði þeim þúsundir króna fyrir hvert skipti. Neitaði allri sök. Þolendurnir glíma við mikla sálræna erfiðleika.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær mann á fimmtugsaldri í sjö ára fangelsi fyrir að níðast kynferðislega á tveimur börnum, dreng og stúlku, um árabil.

Fram kemur í dómnum að eftir því sem á leið hafi maðurinn farið að borga báðum þolendum fyrir samræði, um fimm til tíu þúsund krónur í hvert sinn.

Dómurinn er með þeim þyngstu sem fallið hefur á Íslandi fyrir kynferðisbrot. Aðeins þrír átta ára fangelsisdómar eru þyngri.

Stúlkan sem maðurinn braut gegn er í dag hálfþrítug og pilturinn um tvítugt. Brotin voru hins vegar framin frá því fyrir síðustu aldamót og gegn piltinum allt til ársins 2010, þegar hann var átján ára og sagði loks frá ofbeldinu.

Stúlkan er systurdóttir konu mannsins. Pilturinn og sonur mannsins voru vinir frá sex ára aldri.

Maðurinn var handtekinn í nóvember 2010 og sat í gæsluvarðhaldi í rúma viku. Framlengingu þess á grundvelli almannahagsmuna var hafnað.

Hann neitaði alla tíð sök og framburður hans var stöðugur. Hins vegar er byggt á jafnstöðugum framburði beggja brotaþolanna við sönnunarmatið, og eins mati sálfræðinga sem telja bæði piltinn og stúlkuna glíma við mikla erfiðleika sem rími við frásögn þeirra af langvinnri misnotkun.

Maðurinn er því fundinn sekur um að hafa misnotað drenginn frá sjö til tíu ára aldurs, og aftur frá fjórtán til átján ára aldurs og haft við hann munnmök og endaþarmsmök. Þá er hann sakfelldur fyrir að hafa haft munnmök og samræði við stúlkuna þegar hún var tólf til fimmtán ára.

Þolendurnir hafa báðir átt mjög erfitt vegna ofbeldisins. Stúlkan er óvinnufær vegna kvíðaröskunar sem sálfræðingur telur öruggt að sé afleiðing misnotkunarinnar. Pilturinn fór út af sporinu, ánetjaðist fíkniefnum og á erfitt með að skynja líkama sinn rétt.

Maðurinn er dæmdur til að greiða stúlkunni 1,6 milljónir í bætur og piltinum þrjár milljónir.

stigur@frettabladid.is

MIKLAR AFLEIÐINGAR Þolendunum eru dæmdar 1,6 og þrjár milljónir króna í miskabætur.

Órjúfanleg dulkóðun á tölvugögnum

Bæði pilturinn og stúlkan sögðu að maðurinn hefði tekið klámfengnar myndir af þeim. Vegna þess var lagt hald á dulkóðaðan DVD-disk í hans eigu og tölvu þar sem fannst svæði sem dulkóðað var með sama hætti.

Lögreglufulltrúi sem kom fyrir dóminn sagði að þessi „dulkóðuðu kerfi væru mjög öflug og framleiðandinn segði að ekki væri hægt að brjóta þau upp. Tilraunir lögreglunnar til að brjóta kerfin upp hefðu ekki tekist. Eins hefðu gögnin verið send til lögreglu á Norðurlöndum en þeim hefði heldur ekki tekist að brjóta þessar dulkóðanir upp. Það hafi því ekki verið hægt að skoða innihald þessara skráa."

Maðurinn var sýknaður af ákæru um að hafa tekið slíkar myndir, enda fundust þær hvergi.

STJÓRNMÁL

Guðbjartur hlutskarpastur

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hafði hlotið flest atkvæði í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi þegar rúmlega helmingur atkvæða hafði verið talinn í gær. Hann var með 315 atkvæði af 701 í fyrsta sæti og Ólína Þorvarðardóttir með 254 atkvæði í fyrsta til annað sæti.

DÓMSTÓLAR

Lögreglumaður sýknaður

Hæstiréttur sýknaði í gær mann af ákæru um kynferðisbrot gegn fimmtán ára stúlku. Héraðsdómur Norðurlands vestra hafði dæmt manninn, sem starfaði sem lögreglumaður, í hálfs árs fangelsi fyrir að leita á stúlkuna. Upphaflega var hann reyndar sýknaður í héraði en Hæstiréttur ómerkti þann dóm og vísaði aftur í hérað. Maðurinn neitaði staðfastlega sök.

Í framboð í NV-kjördæmi:

Árni Múli leiðir Bjarta framtíð

STJÓRNMÁL Árni Múli Jónasson, fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi, mun leiða lista Bjartrar framtíðar í Norðvesturkjördæmi í kosningunum til Alþingis næsta vor.

Árni Múli er 53 ára mannréttindalögfræðingur og var forstjóri Fiskistofu áður en hann var ráðinn til Akranesbæjar. Hann hætti sem bæjarstjóri fyrr í mánuðinum vegna samskiptabrests við bæjarfulltrúa. - sh

ÁRNI MÚLI JÓNASSON

Fiskvegur í Efri-Fossi í Selá í Vopnafirði hefur skilað tilætluðum árangri:

Landnám laxins vonum framar

NÁTTÚRA Rannsóknir Veiðimálastofnunar í Selá í Vopnafirði sýna að landnám laxa í efri hluta árinnar gengur vel. Þessa ályktun draga sérfræðingar af dreifingu þeirra ellefu laxa sem merktir voru síðsumars með merkjum sem gefa frá sér útvarpsmerki. Merkin gera það kleift að fylgjast með hverjum þeirra úr flugvél.

Í ágúst 2010 var opnaður nýr fiskvegur í Efri-Fossi sem er 28 kílómetra frá sjó en opnar víðáttumikil svæði til viðbótar fyrir lax. Teljari er í nýja fiskveginum og gengu um 90 laxar um hann á liðnu sumri.

Eftir merkingarnar í ágúst flugu sérfræðingar fyrst til leitar 5. október og þá voru laxarnir við þá staði sem þeir voru merktir á, en höfðu mjakast upp á við. Í flugferðum 21. október og 15. nóvember höfðu laxarnir dreift vel úr sér og hrygning greinilega í algleymingi.

Efsti fiskur var þá kominn um níu kílómetra upp fyrir Efri-Foss. Er þetta framar vonum hve fljótt laxinn nemur land, því í sams konar merkingu árið 2011 höfðu laxarnir ekki gengið nema um fjóra kílómetra upp ána, en þá fundust einnig tveir laxar í hliðaránni Selsá sem einnig er nýr landnámsstaður. - shá

EFRI-FOSS Landnám laxins á nýju svæði gengur að óskum. MYND/ORRI

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

ALLIR KRAKKAR FÁ GEFINS LJÓS TIL AÐ SETJA Á HJÓLIÐ EÐA SKÓLATÖSKUNA
Fáð á meðan birgðir endast.

SPARIÐ 60.000

FULLT VERÐ: 149.950
89.950

RUSSELL 3 + 2 SÓFASETT
Glæsilegt sófasett úr pellisima leðri. Litur: Dökkbrúnn.
Stærð á 2ja sæta: 150 x 86,5 x 84 sm.
Stærð á 3ja sæta: 205 x 86,5 x 84 sm.
Verð áður: ~~149.950~~ nú: **89.950**

OPNUNARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM

OPNUM NÝJA VERSLUN Á SELFOSSI

40% AFSLÁTTUR

KILIMANJARO THERMOTREFJASÆNG
Góð sæng fyllt með 2 x 600 gr. af fíngerðum holtrefjum. Í raun tvær sængur saumaðar saman á þann hátt að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Stærð: 135 x 200 sm.
Fullt verð: ~~4.995~~ nú: **2.995**

FULLT VERÐ: 4.995
2.995

VERÐ FRÁ:
745

DANIA JÓLALÍNA
Einstaklega falleg jólalína.
Efni: 100% polyester.
Barnasvunta fullt verð: **1.495** nú: **745**
Dagatal fullt verð: **1.995** nú: **995**
Dúkur 85 x 85 sm. Fullt verð: **1.695** nú: **845**

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 995
499
10 PÖR

ÖKKLASOKKAR
Flottir, svartir ökklasokkar.
10 pör í búnti. Stærðir: 35-41.

ALLAR RAFHLÖÐUSERÍUR 50% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.995
1.995

JÓLAARINN
Flottur jólaarinn með ljósi.
Fæst í nokkrum gerðum.
Gengur fyrir rafhlöðum.

FULLT VERÐ: 9.995
4.995

50% AFSLÁTTUR

BARBAPAPA GRJÓNASTÓLL
Grjónastóll úr blönduðu bómullar- og polyesterefni.
Stærð: 140 lítrar. Ø56 x H80 sm.

50% AFSLÁTTUR

GRENILENGJUR
Lengd: 2,7 metrar.
Græn PROMO.

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 499
249

STÓR JÓLABOLLI
Hæð: 15 sm.

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 499
299

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA 30.11 til 02.12

50% AFSLÁTTUR

YVETTE JÓLAELDHÚSLÍNA
Flott jólalegt sett sem inniheldur:
Ofnhanska, pottalepp og handklæði.

FULLT VERÐ: 1.295
645

GENGIÐ
29.11.2012

Bandaríkjadalur	125,5	126,1
Sterlingspund	200,92	201,9
Evra	162,94	163,86
Dönsk króna	21,84	21,968
Norsk króna	22,199	22,329
Sænsk króna	18,934	19,044
Japanskt jen	1,5273	1,5363
SDR	192,47	193,61

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,8761

Agné Krataviciuté í þriggja ára fangelsi fyrir að deyða barn sitt á Hótel Fróni:

Þyngri dómur fyrir barnsdráp

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær Agné Krataviciuté í þriggja ára fangelsi fyrir að bana nýfæddu sveinbarni sínu á Hótel Fróni í fyrrasumar og koma því fyrir í ruslagámi við hótelið, þar sem hún starfaði. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt hana í tveggja ára fangelsi.

Agné neitaði sök frá upphafi og kannaðist raunar ekki einu sinni við að hafa eignast barn. Málið uppgötvaðist þegar hún leitaði á spítala vegna innvortis meiðsla.

NEITAÐI SÖK Agné kvaðst ekki einu sinni hafa vitað að hún hefði fætt barn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geðlæknir mat hana sakhæfa og saksóknari fór fram á sextán ára fangelsi yfir henni fyrir manndráp.

Hún var hins vegar dæmd fyrir 212. grein almennra hegningarlaga, sem kveður á um sex ára hámarksrefsingu við því þegar móðir deyðir barn sitt í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, og ætla má að hún hafi gert það „vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veikleiðs eða ruglaðs hugarástands“.

Í héraði var Agné dæmd til að greiða barnsföður sínum 600 þúsund krónur í miskabætur, en þeirri kröfu vísar Hæstiréttur frá sökum vanreifunar. - sh

Tölur Hagstofu Íslands:

Mikil fækkun á gjaldþrotum

REKSTUR Alls voru 118 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í októbermánuði síðastliðnum. Þetta segir á vef Hagstofu, en um er að ræða 40% fækkun frá sama mánuði í fyrra.

Flest fyrirtækin sem verða gjaldþrota eru á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar.

Fyrstu tíu mánuði ársins urðu 910 fyrirtæki gjaldþrota, sem er tæplega þriðjungsfækkun frá sama tíma í fyrra þegar 1.317 voru tekin til gjaldþrotaskipta. - þj

MAST fjallar um bolakjöt:

Bændur gæti að aldri gripa

LANDBÚNAÐUR Matvælastofnun bendir framleiðendum á að fylgjast með aldri gripa og áætla sláturtíma í samræmi við aldursmörk.

NAUTAKJÖT

„Nýleg dæmi hafa sýnt að ástæða er til að minna bændur á að gæta að aldursmörkum nautgripa varðandi kjötmat,“ segir á vef stofnunarinnar. „Einkum á þetta við um ungneytakjöt, það er af nautum, uxum og kvígum á aldrinum 12 til 30 mánaða, en einnig um kýr.“ Bent er á að samkvæmt kjötmatsreglugerð flokkast naut og uxar eldri en 30 mánaða sem bolakjöt. - óká

ÚTIVIST

Opið í Tungudal í dag

Skíðasvæðið í Tungudal á Ísafirði verður opið í dag á milli klukkan fjögur og sjö og jafnvel lengur. Flestar brekkur hafa verið troðnar, færi er gott og gert er ráð fyrir hægu og góðu veðri í dag, að því er segir í tilkynningu.

LEIÐRÉTT

Ranglega kom fram í miðvikudagsblaði Fréttablaðsins að tollasekt vegna smygls á einni iPad-spjaldtölvu af dýrustu gerð nægði til að koma viðkomandi á sakaskrá. Hið rétta er að það þarf smygl á tveimur slíkum af ódýrustu gerð til að enda á sakaskrá.

Í aðsendri grein Gunnsteins Ólafssonar, Núll-kostur í Gálgahrauni, var sagt að leysa mætti hnútinn um Álftanesveg með því að setja tvö hringtorg við Prýðahverfi. Annað hringtorgið vantaði á myndina sem fylgdi og er beðist velvirðingar á því. Rétta mynd má sjá á www.visir.is

Stjórnarskrá gerð í kappi við dómsvald

Egypska stjórnlagaþingið hraðaði atkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá af ótta við að hæstiréttur landsins ógilti stjórnlagaþingið. Samþykkt að sjaría-lög verði áfram grundvöllur stjórnskipunar. Frumvarpið verður borið undir þjóðina í kosningum.

EGYPTALAND, AP Stjórnlagaþing Egyptalands samþykkti í gær frumvarp að stjórnarskrá, sem meðal annars felur í sér að sjaría-lög múslíma verði áfram grunnur stjórnskipunar landsins.

Fjölmenn mótmæli hafa verið í borgum landsins undanfarna daga, bæði gegn stjórnlagaþinginu og gegn tilskipunum Muhammeds Morsi forseta, sem í síðustu viku tók sér einhliða nánast alræðisvöld í landinu.

Íslamistar, sem leggja áherslu á að trúin sé undirstaða stjórnmála, eru í meirihluta í stjórnlagaþinginu sem kosið var til fyrr á árinu. Kristnir og veraldlega sinnaðir þingmenn eru andsnúnir frumvarpinu og hafa sumir sagt sig úr stjórnlagaþinginu.

Mohammed Morsi forseti fær svo það hlutverk að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið, sem líklega verður haldin strax um miðjan desember.

Atkvæðagreiðslunni um frumvarpið var skyndilega hraðað í gær, en upphaflega var hún ekki á dagskrá fyrr en eftir tvo mánuði.

Ótti við að hæstiréttur landsins dæmi stjórnlagaþingið ógilt nú um helgina varð til þess að stjórnlagaþingsmenn ákváðu að hraða málinu.

Samkvæmt tilskipun Morsi forseta í síðustu viku tók hann sér ekki aðeins alræðisvöld sjálfur heldur nam hann jafnframt einhliða úr gildi heimildir dómstóla til að skipta sér af stjórnlagaþinginu. Ekkert benti þó til þess að dómstólar landsins hefðu í hyggju að taka mark á þessum tilskipunum forsetans.

TJALDAÐ Á TAHRIR-TORGI Á þriðja degi mótmælanna höfðu margir tjaldað á Tahrir-torgi í Kaíró, eins og gert var þegar mótmælin gegn Hosni Mubarak voru í hámarki. NORDICPHOTOS/AFP

> **Ef stjórnarskráin væri komin, þá félli allt niður sem ég hef sagt og gert í síðustu viku.**
>
> *Mohammed Morsi forseti Egyptalands“*

Ekkert lát er á mótmælum gegn Morsi, sem kosinn var forseti í júní. Mótmælendurnir eru afar ósáttir við að hann hafi snúið byltingunni gegn Hosni Mubarak og stjórn hans upp í herferð íslamista til að ná völdum í landinu. Hann taki eigin völd og skoðanir fram yfir vilja byltingarhreyfingarinnar.

Sjálfur segist Morsi hins vegar vera að tryggja framgang byltingarinnar með því að taka sér aukin völd og koma í veg fyrir að dómstólar geri störf stjórnlagaþingsins að engu.

gudsteinn@frettabladid.is

SLÖKKVILIÐSBÍLL Greiða á niður lán hjá slökkviliðinu.

Ný slökkvistöð í Mosfellsbæ:

Slökkviliðið eykur stofnfé

MOSFELLSBÆR Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vantar allt að 683 milljónir króna í nýtt stofnfé á þessu ári frá sveitarfélögum sem standa að byggðasamlaginu.

Stjórn slökkviliðsins segir að hinu aukna stofnfé verði meðal annars varið til þess að gera samlaginu kleift að greiða niður lán, draga úr skuldsetningu og fjármagna helming fjárþarfar vegna byggingar nýrrar slökkvistöðvar í Mosfellsbæ. - gar

Ferðamennska í Svíþjóð:

Norðurljósin sífellt vinsælli

SVÍÞJÓÐ Vetrarferðamennska fer vaxandi í Svíþjóð og nú er útlit fyrir að í fyrsta sinn verði ferðamenn yfir vetrartímann fleiri en yfir sumartímann, að því er fram kemur í sænskum fjölmiðlum.

Árið í fyrra var metár í ferðamennsku tengdri norðurljósunum og eru bókanir í slíkar ferðir fyrir þennan vetur 130 prósentum fleiri en þá. Fjöldi fólks sem vinnur í ferðaþjónustu í Abisko og nágrenni í Norður-Svíþjóð hefur undanfarið verið á námskeiði til að geta sagt ferðamönnum til um norðurljósin. - þeb

ÓBYGGÐALEIÐIR Á ÍSLANDI

Spennandi og fáfarnar ferðaleiðir um hálendi Íslands. Bók sem allir fjallamenn verða að hafa í bílnum.

Hinn fullkomni ferðafélagi!

SKRUDDA
www.skrudda.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HÆGLÆTISVEÐUR verður á landinu í dag en á morgun vex vindur sunnan og vestan til með úrkomu. Norðaustanlands verður bjart með köflum og fremur hægur vindur á morgun en dregur fyrir sólu á sunnudag og bætir heldur í vind.



Á morgun
Strekkingur S- og V-lands en annars hægari vindur.



Sunnudagur
Strekkingur eða hvasst S- og V-lands annars yfirleitt hægari vindur.

Alicante	14°	Billund	1°	Gautaborg	2°	London	4°	Orlando	24°	San Francisco	16°
Basel	7°	Frankfurt	4°	Kaupmannahöfn	1°	Mallorca	12°	Ósló	-4°	Stokkhólmur	1°
Berlín	3°	Friedrichshafen	0°	Las Palmas	21°	New York	7°	París	5°		

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI: *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

PIPAR\TBWA • SÍA • 123433

AÐVENTUHÁTÍÐ Í KÓPAVOGI

1. desember

Jólaljósin tendruð á vinabæjartrénu

HÁLSATORG kl. 16.00–17.00

Stígvélaði kötturinn og Mjallhvít sjá um að kynna dagskrána.

Skólahljómsveit Kópavogs spilar jólalög.

Sendiherra Svíþjóðar, Anders Ljunggren, afhendir vinabæjartréð frá Norrköpping.

Forseti bæjarstjórnar, Margrét Björnsdóttir, tekur á móti jólatrénu fyrir hönd Kópavogsbæjar.

Samkór Kópavogs syngur jólalög.

Jólasveinar kíkja í heimsókn og taka lagið.

MOLINN – ungmennahús, opið kl. 14.00–18.00

Kaffihúsið opið – jólastemning, tónlist og leikþáttur.

Tríóið Friends4ever.

Kl. 17.30 Atriði úr Ævintýrinu um Augastein.

GERÐARSAFN, opið kl. 11.00–17.00

MÆTING – Kristinn G. Harðarson.

Frásagnir af raunverulegu lífi, umhverfi og atburðum eru kjarni verkanna.

Aðventustemning í kaffistofu.

LAUFABRAUÐSDAGURINN Á GJÁBAKKA

Kl. 13.00 Handverksmarkaður opnaður

Kl. 13.00 Laufabrauðsgerðin hefst

Kl. 14.00 Tríóið Friends4ever

Kl. 15.00 Samkór Kópavogs

Kl. 16.15 Skólahljómsveit Kópavogs

Veitingar, kaffi og súkkulaði verður afgreitt í kaffiteríu frá kl. 13.30–16.30.

Allir eru velkomnir í ylinn á Gjábakka.

BÓKASAFN KÓPAVOGS OG NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Jólakötturinn verður á kreiki í Safnahúsinu milli kl. 15.00 og 16.00 og heilsar upp á krakka.

Í Kórnum í Safnahúsinu verður boðið upp á skemmti- og fræðsluerindi um jólaköttinn í máli og myndum fyrir 4–6 ára börn, slóð kattarins verður rakin um húsið og lesin skemmtileg jólasaga.

Dýrin í Náttúrufræðistofunni skrýðast jólabúningi.

Nýjar og gamlar jólabækur eru til útláns í bókasafninu.

LISTAMENN SÝNA 1. og 2. des.

Listamenn í miðbæ Kópavogs hafa tekið sig saman og opna vinnustofur sínar helgina 1. og 2. desember kl. 13.00–17.00.

Komið og skoðið listmenninguna í Kópavogi, heitt á könnunni og allir velkomnir í jólastemningu og smitandi gott jólaskap!

Glergallerí, Jónas Bragi og Catherine Dodd, Auðbrekku 7.

Listamenn Art 11, Auðbrekku 4, 3. hæð. Gengið inn að aftanverðu.

Listamenn í Norm-X húsinu, Auðbrekku 6, 2. og 3. hæð. *Ath. aðeins opið 1. desember kl. 13–17.*

Skruggusteinn, keramik, myndlist og skart. Vinnustofa fimm listamanna, Auðbrekku 4, 2. hæð.

Stúdíó Subba, Hamraborg 1–3.

Kópavogsbær

kopavogur.is

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað hafði strætófarþegum fjölgað mikið á einu ári í október?
2. Hversu hátt hlutfall fullorðinna Íslendinga hefur einhvern tímann prófað kannabis?
3. Hvað er strand út af Vestfjörðum?

SVÖRIN
1. Um tólf prósent. **2.** Fjórðungurinn. **3.** Tíu metra hár borgarísjaki.

Stjórn Íbúðalánasjóðs bar til baka fullyrðingar stjórnarformannsins klukkan að verða þrjú að nóttu:

Óskýr skilaboð frá stjórn Íbúðalánasjóðs

EFNAHAGSMÁL Engin ákvörðun hefur verið tekin hjá Íbúðalánasjóði um að hætta útgáfu skuldabréfa í núverandi flokkum húsnæðisbréfa (HHF). Þetta kemur fram í tilkynningu frá stjórn sjóðsins.

Bar stjórnin þannig til baka þá fullyrðingu Jóhanns Ársælssonar stjórnarformanns í viðtali við vefsíðu Morgunblaðsins á miðvikudagskvöld að stjórn Íbúðalánasjóðs hefði ákveðið að útgáfu óuppgreiðanlegra húsnæðisbréfa

13
milljarðar króna er sú upphæð sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja Íbúðalánasjóði til.

væri lokið. Ræddi vefsíðan við Jóhann í kjölfar stjórnarfundar fyrr um daginn.

Viðtalið við Jóhann birtist á vefsíðunni rétt eftir klukkan 20 en þegar klukkan var 44 mínútur gengin í þrjú nóttina eftir barst fyrrnefnd tilkynning frá stjórninni.

Þar segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um að nýta núverandi skuldabréfaflokka ekki áfram. Þá er ástæða þess að Íbúðalánasjóður hefur ekki gefið út ný skuldabréf frá því í janúar sögð vera sterk lausafjárstaða sjóðsins.

Nokkuð hefur verið fjallað um erfiða fjárhagsstöðu Íbúðalánasjóðs að undanförnu en ríkisstjórnin samþykkti á þriðjudag að leggja sjóðnum til 13 milljarða til að treysta eiginfjárstöðu hans.

Ein helsta orsök vandræða sjóðsins er sú að lántakendur hjá sjóðnum hafa síðustu misseri greitt upp fjölda lána en sjóðurinn getur ekki á móti greitt upp skuldabréf sín. Þannig bera eignir hans, lánin, ekki nægilega vexti til að standa undir skuldum hans. **- mþl**

Breyting hjá Landsbjörgu:

Nýr maður við stjórnvölinn

FÉLAGSMÁL Jón Svanberg Hjartarson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá 1. janúar 2013. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu var samið um starfslok forvera Jóns í starfinu fyrr í þessum mánuði.

JÓN SVANBERG HJARTASON

Að því er segir í frétt frá SL hefur Jón verið félagi í Björgunarsveitinni Sæbjörgu á Flateyri frá 1986 og var formaður sveitarinnar árin 1996 til 2002. Hann var lögreglumaður á Ísafirði frá 1994 til 2009, þar af varðstjóri frá 1996-2009. Frá 2009 hefur Jón verið framkvæmdastjóri Iceland ProFishing ehf. **- gar**

Sautján ára fyrir rétti:

Stakk systur sína 100 sinnum

SVÍÞJÓÐ Réttarhöld hófust í gær í Lundi í Svíþjóð yfir sautján ára gömlum dreng sem er ákærður fyrir að myrða nítján ára gamla systur sína.

Stúlkan var stungin meira en hundrað sinnum með tveimur hnífum og skærum. Drengurinn hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu. Hann var handtekinn fyrir utan heimili systur sinnar, en hann hringdi í neyðarlínu eftir atburðinn. Hann var þá alblóðugur og með skurði á höndum. Þá fundust fingraför hans á einum hnífnum.

Stúlkan hafði áður verið neydd til að giftast til heimalands þeirra, Íraks, en tókst að komast aftur til Svíþjóðar. Morðið var rannsakað sem heiðursmorð. **- þeb**

Kæra Landsnet fyrir lögbrot

Samtök álframleiðenda hafa kært verðhækkun Landsnets. Segja hana brot á raforkulögum. Frá því fyrirtækið var stofnað árið 2005 hefur verð til stórnotenda hækkað um 160 prósent en 40 prósent til almennings.

ORKUMÁL Samál, Samtök álframleiðenda, hafa kært hækkun Landsnets á flutningstaxta til úrskurðarnefndar raforkumála. Orkustofnun hafði samþykkt breytingar á tekjumörkun fyrirtækisins og sú ákvörðun er kærð, en fyrirtækið segir að hún stangist á við raforkulög. Búist er við úrskurði nefndarinnar fyrir áramót.

Landsnet hefur lagt til að verð á flutningi á raforku til dreifiveitna, og þar með almennings, hækki um níu prósent og um tuttugu prósent til stórnotenda.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls, segir að Landsnet hafi hækkað taxta sinn gríðarlega mikið frá því að fyrirtækið var stofnað.

„Frá því að Landsnet var stofnað árið 2005 hefur flutningstaxti á hverja megavattsstund gagnvart stórnotendum hækkað um nærri 160 prósent, sé miðað við íslensku krónuna. Á sama tíma hefur flutningskostnaður fyrirtækisins, það er að segja allt annað en fjármagnskostnaður, lækkað um tvö prósent í krónum. Gagnvart almennum notendum er hækkunin um 44 prósent."

Flutningstaxtinn er í dollurum gagnvart stórnotendum. Þorsteinn segir það gefa svipaða mynd; hækkunin í dollurum sé um 30 prósent, en lækkunin á flutningskostnaði fyrir Landsnet í dollar sé á sama tíma 53 prósent.

Í raforkulögum er ákvæði um tekjumörk sem sett eru yfir ákveðið tímabil og gjaldskrá verður að miðast við. „Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi."


HVERAHLÍÐARVIRKJUN Forstjóri Norðuráls segir mikla hagræðingu hafa náðst í flutningskerfi Landsnets, meðal annars með virkjunum á Hellisheiði. Það skili sér ekki í lægra verði, eins og lög geri ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þessa grein laganna telur Samál að Landsnet brjóti.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að mikil hagræðing hafi náðst í flutningskerfinu með stórnotendum og nýjum virkjunum, svo sem Hellisheiðarvirkjunum og verulegri stækkun á Grundartanga. Því hafi mátt búast við lækkun gjaldskrár Landsnets, en ekki hækkun eins og raunin varð.

„Lög gera ráð fyrir að hagræðing í rekstri eigi að skila sér til neytenda, en það hefur ekki gerst. Þetta er milljarða skattlagning á notendur sem er ekki heimil samkvæmt lögum og er í engu samræmi við rekstrarkostnað Landsnets."

kolbeinn@frettabladid.is

Flutningsgjald Landsnets og - rekstrarkostnaður
(ISK/MWh 2005=100)



Afborgun á mánuði aðeins:
25.910 kr.*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

Chevrolet Lacetti Station

Söluverð:	1.800.000 kr.
Bílafjármögnun:	1.350.000 kr.
Okkar hlutur:	210.000 kr.
Þín útborgun:	240.000 kr.
Heildarverð til þín:	1.590.000 kr.
Afborgun:	25.910 kr.

*Hlutfallskostnaður 11.92%

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

EINFALT
AÐ SKILA OG SKIPTA

AÐ SKIPTA JÓLAGJÖFUM ER EINFALT...
hjá okkur geta þínir nánustu valið úr yfir 50.000 vörutegundum og allir finna eitthvað við sitt hæfi:

leikföng, spil, snyrtivörur, fatnaður, skór, skemmtiefni, bækur, búsáhöld, raftæki og margt fleira.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

PIPAR\TBWA - SÍA - 122994

Það getur borgað sig að taka notuð skothylki, þín og annarra, með til byggða. Ef þú skilar þeim á næstu Olís-stöð og fyllir út þátttökuseðil um leið, gætir þú unnið **150.000 kr.** eldsneytisúttekt frá Olís – það munar um minna! Dregið verður úr innsendingum í desember 2012.

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
LANDSSAMTÖK UM SKYNSAMLEGA SKOTVEIÐI

UMHVERFISSTOFNUN

olís

ÓMARK Rannsókn Séralini (í miðið) um skaðsemi erfðabreyttra lífvera vakti mikla athygli, en hefur síðan verið gagnrýnd harðlega og talin ómarktæk. NORDICPHOTOS/AFP

Matvælastofnun Evrópu úrskurðar um grein Séralini:

Rannsókn talin vera ómarktæk

VÍSINDI Rannsókn franska vísindamannsins Gilles-Erics Séralini um skaðleg áhrif erfðabreyttra lífvera stenst ekki kröfur um vísindaleg vinnubrögð og er því ekki marktæk. Þetta segir Matvælastofnun Evrópu (EFSA) sem hefur skoðað rannsóknina ofan í kjölinn.

Grein Séralini vakti mikla athygli í haust, enda var þar sýnt fram á að erfðabreyttur maís og plöntueitur yllu æxlismyndun í rottum. Fljótt kom þó fram gagnrýni á vinnubrögðin sem rannsóknin byggði á og að niðurstöður rannsóknarinnar væru ekki í samræmi við framlögð gögn. - þj

Rannsóknarnefnd vill setja lög um fjölmiðla:

Cameron andvígur lagasetningu

BRETLAND David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, fellst ekki á meginniðurstöðu rannsóknarnefndar Brians Leveson, sem leggur til að sett verði lög um eftirlit með fjölmiðlum í Bretlandi.

Hann segir mikilvægara að tryggja frelsi fjölmiðla og leggur til að fjölmiðlar landsins komi sér sjálfir hið fyrsta upp öflugri eftirlitsnefnd, sem passar að blaðamenn brjóti ekki á einstaklingum til að ná sér í æsifréttir.

Leveson kynnti í gær skýrslu nefndar sinnar, sem hefur í heilt ár verið að rannsaka brot breskra fjölmiðlamanna sem meðal annars stunduðu hleranir á símtölum.

Hann sagði niðurstöðu nefndarinnar vera þá að framferði fjölmiðla hefði í mörgum tilvikum verið fyrir neðan allar hellur. Þess vegna væri nauðsynlegt að setja lög sem koma í veg fyrir að fjölmiðlarnir valdi fleiri einstaklingum tjóni.

LEVESON MEÐ SKÝRSLUNA Segir fjölmiðla hafa gerst seka um vítavert skeytingarleysi gagnvart einstaklingum. NORDICPHOTOS/AFP

Hann sagði reyndar líka nauðsynlegt að tryggja frelsi fjölmiðlanna, en mælti með því að stofnuð yrði nefnd, skipuð bæði fræðimönnum og fyrrverandi blaðamönnum til að hafa eftirlit með fjölmiðlunum, en í þeirri nefnd mættu hvorki sitja stjórnmálamenn né starfandi yfirmenn á fjölmiðlum. - gb

HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

30% AFSLÁTTUR

1749
ÁÐUR 2.498 KR/KG

FLJÓTLEGT&ÞÆGILEGT!

PASTASKRÚFUR
500 GR
88 KR/PK

186 KR/PK
LASAGNE OFNRÉTTUR
262 GR

199 KR/STK
PASTASÓSA M/BASIL
690 GR

LÍFRÆNT MORGUNKORN Á FRÁBÆRU VERÐI!

HONEY PUFFER 375 GR — **379** KR/PK
SPECIAL FLAKES 399 GR — **399** KR/STK
BRAN FLAKES 375GR — **379** KR/STK
CHOCO PILLOWS 300GR — **449** KR/STK

FIFTY SHADES TRÍLÓGÍAN - Á ENSKU

2000 KR AFSLÁTTUR

5.998 KR/PK

THE HUNGER GAMES TRÍLÓGÍAN - Á ENSKU
6.998 KR/PK

PETER LARSENS KAFFI - 3 TEG

520 KR/STK
382 KR/STK
552 KR/STK

INNIHALDA EKKI HNETUR!

99 kr/stk

JÓLADAGATÖL
ÝMSAR GERÐIR

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

HEIMURINN

Árásir kosta tugi lífið

1 Nokkrar sprengjuárásir í tveimur borgum í sunnanverðu Írak, Hillah og Karbala, kostuðu að minnsta kosti 39 manns lífið í gær. Yfir hundrað manns særðust í árásunum, sem beint var gegn sjía-múslímum. Sprengjuárásir eru ekki jafn algengar í Írak og fyrir nokkrum árum, þegar öflugt erlent herlið var í landinu, en þær eiga sér enn stað reglulega. Þær beinast ýmist gegn her og lögreglu, embættismönnum eða almennum borgurum og þá oftast sjía-múslímum.

Sýknaður af stríðsglæpum

2 Ramush Haradinaj, fyrrverandi forsætisráðherra Kósóvó, var í gær sýknaður af ákærum um stríðsglæpi hjá Alþjóðlega sakadómstólnum í Haag. Hann var sakaður um að standa að baki pyntingum og morðum í stríðsátökum við Serba á árunum 1989-99. Dómararnir töldu sækjendur ekki hafa sannað hlutdeild hans. Serbar hafa brugðist illa við sýknuninni. Haradinaj var sýknaður fyrir fjórum árum, en málið var tekið upp aftur á grundvelli þess að vitnum hefði verið hótað.

Concorde sýknað af manndrápum

3 Bandaríska flugfélagið Concorde hefur verið sýknað af ákærum um manndráp vegna flugslyss í París árið 2000, þar sem 113 manns létu lífið. Franskur áfrýjunardómstóll sneri við niðurstöðu annars dómstóls, sem taldi flugfélagið bera ábyrgð. Rannsókn leiddi í ljós að málmhlutur, sem skilinn var eftir á flugbrautinni eftir annað flugslys, hefði valdið þessu slysi.

IFS greining er svartsýn á vaxtarhorfur Vodafone:

Mælir gegn kaupum í útboði Vodafone

VIÐSKIPTI IFS greining telur að fjárfestar sem hugsa til lengri tíma eigi að halda að sér höndum í útboði á hlutabréfum í Vodafone sem fram fer þann 3. desember næstkomandi.

IFS metur hluti í félaginu á 25,1 krónu og spáir því að eftir níu til tólf mánuði verði gengið 28,1 króna á hlut. Útboðsgengið verður aftur á móti á bilinu 28,8 til 33,3 krónur.

Í verðmati IFS segir að verðlagningin í útboðinu bendi til þess að rekstur Vodafone hafi talsverð vaxtartækifæri á næstunni. IFS telur það hins vegar ekki réttlætanlegar forsendur og bendir meðal annars á að fyrirtækið sé lítið og í atvinnugrein sem breytist hratt og ófyrirsjáanlega.

Á móti bendir IFS þó meðal annars á að fáir fjárfestingarkostir séu innan gjaldeyrishaftanna auk þess sem félagið sé hið fyrsta í sínum geira sem hægt er að fjárfesta í.

Bendir IFS á að tekjur félagsins hafi verið nokkurn veginn flatar síðustu fjögur ár og ekki haldið í við verðbólgu. Þá hafi ekki verið mörkuð arðgreiðslustefna fyrir félagið en benda má á að til stendur að láta nýja eigendur félagsins, að loknu útboði, móta framtíðarstefnu þess.

Miðað við virðismat IFS er hlutafjárvirði Vodafone 8,5 milljarðar króna en til samanburðar gerir útboðsgengið ráð fyrir hlutafjárvirði upp á 9,8 til 11,3 milljarða. Telur IFS að niðurstöður sínar séu sambærilegar við það sem gerist hjá samanburðarhæfum, alþjóðlegum fjarskiptafyrirtækjum. - mþl

VODAFONE Hlutafjárútboð Vodafone fer fram 3. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1,3 til 2,8

milljarðar er sá munur sem er á markaðsvirði Vodafone sé tekið mið af virðismati IFS greiningar og á markaðsvirðinu miðað við útboðsgengi.



ALLAR VÖRUR*

TAX FREE

FRAMLENGJUM AÐEINS Í DAG

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI Í KVÖLD

Risa Tax Free um land allt

í Húsasmiðjunni og Blómavali í dag

Jólaskraut • Jólaseríur • Þvottavélar • Verk
Pottaplöntur • Gjafavara • Parket • Vinnufat
Gasgrill • Ljós • Blöndunartæki • Búsáhöld • Jól aftæki
Útivistarfatnaður • Fersk blóm • Eldavélar • Þurrkarar
Uppþvottavélar • Jólaljós • Kerti • Leikföng og margt fleira...

*Gildir ekki af vörum í timbursölu.

*Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvöru.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

FRAMSÓKNARFLOKKURINN VELUR Á FRAMBOÐSLISTA

Formaðurinn á nýjum slóðum

Framsóknarflokkurinn velur á lista í Reykjavíkurkjördæmunum og Norðausturkjördæmi um helgina. Formaðurinn hefur fært sig úr Reykjavík og tekst nú á um efsta sæti listans fyrir norðan. Kosið verður á tvöföldu kjördæmisþingi. Tillaga komin fram í Reykjavík.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Ákvörðun Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, um að sækjast eftir efsta sætinu í Norðausturkjördæmi kom á óvart. Þó er deilt um hve mikið þetta kom þingmanni flokksins í kjördæminu, Höskuldi Þórhallssyni, á óvart, en hann og Sigmundur Davíð eru ósammála um það hver vissi hvað í aðdraganda þeirrar ákvörðunar.

Formaðurinn sigurstranglegur

Það ætti að vera formsatriði fyrir formann stjórnmálaflokks að færa sig á milli kjördæma, það er ekki lenska að fella formann, hvorki í Framsókn né öðrum flokkum. Höskuldur hefur hins vegar bitið í skjaldarrendur og sækist eftir efsta sætinu.

Tekist var á um hvaða leið yrði farin við að velja á lista og þar má segja að Sigmundur hafi unnið fyrsta slaginn.

Stuðningsmenn Höskuldar vildu að það yrði gert í póstkosningu allra félaga í kjördæminu. Formannsfólkið vildi hins vegar að haldið yrði tvöfalt kjördæmisþing og sú varð raunin.

Heimildarmenn Fréttablaðsins ganga sumir svo langt að segja að með því hafi Sigmundur Davíð í raun tryggt sér fyrsta sætið og ljóst er að Höskuldur vildi síst af öllu þessa leið. Það er auðveldara að kjósa gegn formanni heima í eldhúsi en á fundi þar sem maður gengur á mann.

Norðrið og austrið

Kjördæmisþingið tvöfalda verður haldið á morgun í Reykjahlíð í Mývatnssveit. Alls eiga 460 fulltrúar úr 23 félögum atkvæðisrétt. Kosið verður fyrst um efsta sæti listans, þá annað og svo koll af kolli. Frambjóðendur sem ekki hljóta brautargengi í efri sætin geta því boðið sig fram í þau neðri.

Kjördæmið er víðfeðmt og Höskuldur sækir stuðning sinn fyrst og fremst á Eyjafjarðarsvæðið. Akureyrarfélagið er það stærsta, með 98 fulltrúa. Austfirðingar eru hins vegar mjög fjölmennir. Ekki er ólíklegt að þingið reyni að ná jafnvægi á milli búsetu og framboðslistans.

Engin Jónína Ben

Uppstillingarnefnd hefur skilað tillögum sínum um sjö efstu sætin í hvoru Reykjavíkurkjördæminu. Athygli vekur að Jónínu Benediktsdóttur, sem sóttist eftir leiðtogasæti, er hvergi að finna á þeim lista.

Sigurður Harðarson, formaður kjörstjórnar og jafnframt uppstillingarnefndar, vill lítið tjá sig um tillöguna, en niðurstaðan hafi verið samhljóða. „Þetta er niðurstaða nefndarinnar og í sjálfu sér ekkert meira um það að segja.“

Til stóð að halda kjördæmisþingið í Reykjavík um síðustu helgi en því var frestað. Sigurður segir að uppstillingin hafi tekið lengri tíma en búist hafi verið við.

TILLAGA UPPSTILLINGANEFNDAR

Reykjavíkurkjördæmi suður

1. Vigdís Hauksdóttir
2. Karl Garðarsson
3. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir
4. Jóhanna Kristín Björnsdóttir
5. Hafsteinn Ágústsson
6. Sunna Gunnars Marteinsdóttir
7. Ragnar Rögnvaldsson

Reykjavíkurkjördæmi norður

1. Frosti Sigurjónsson
2. Sigrún Magnúsdóttir
3. Þorsteinn Magnússon
4. Fanný Gunnarsdóttir
5. Snædís Karlsdóttir
6. Einar Jónsson
7. Snorri Þorvaldsson

NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

→ Frambjóðendur

1. sæti	Höskuldur Þórhallsson
1. sæti	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
2. sæti	Anna Kolbrún Árnadóttir
2. sæti	Líneik Anna Sævarsdóttir
2. - 3. sæti	Huld Aðalbjarnardóttir
2. - 4. sæti	Sigfús Karlsson
2. - 5. sæti	Margrét Jónsdóttir
2. - 6. sæti	Kristín Thorberg
4. sæti	Þórunn Egilsdóttir
4. - 5. sæti	Hjálmar Bogi Hafliðason
6. - 8. sæti	Guðmundur Gíslason

53,3%

Fjögur stærstu félögin skipa 53,3% prósent Framsóknarmanna í kjördæminu. 23 framsóknarfélög eru í kjördæminu.

Starfsumhverfi hljómlistarmanna á Íslandi
Málþing 1. desember í Norðurljósum í tilefni af 80 ára afmæli Félags íslenskra hljómlistarmanna

10:00-10:05 Setning þingsins.Tónlist: La Peri eftir Paul Dukas Blásarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands: Einar Jónsson, Guðmundur Hafsteinsson, Emil Friðfinnsson,Sigurður Þorbergsson, Nimrod Ron

- **10:05-10:10 Björn Th. Árnason býður gesti velkomna**

10:10-10:15 Tónlist: Ragnheiður Gröndal, Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson, Þorgrímur Jónsson og Erik Qvick

- **10:15-10:30. Hljómlistarmaðurinn og samfélagið**

Erindi: Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

10:30-10:35 Tónlist: KKband Kristján Kristjánsson, Kormákur Geirharðsson, Þorleifur J.Guðjónsson

- **10:35-11:25 Harpa. Bylting eða svarthol?**

Framsaga: Halldór Guðmundsson forstjóri Hörpu
Spjallborð: Steinunn Birna Ragnarsdóttir tónlistarstjóri Hörpu, Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Arna Kristín Einarsdóttir tónleikastjóri SÍ, Björn Th. Árnason formaður FÍH og Egill Ólafsson formaður Samtaka um tónlistarhús, Halldór Guðmundsson forstjóri Hörpu

11:25-11:30 Tónlist: Steðjakórinn úr Il Trovatore eftir Verdi Kór íslensku Óperunnar

- **11:30-12:30 Stuðningur ríkisstjórnar Íslands að aukinni atvinnusköpun í tónlist**

Framsaga: Katrín Jakobsdóttir mennta-og menningarmálaráðherra: Hugmynd núverandi ríkisstjórnar að aukinni atvinnusköpun í íslenskri tónlist, Anders Laursen formaður DMF og v.forseti FIM: Reynsla Dana af löggjöf um lifandi tónlistarstaði

Spjallborð: Katrín Jakobsdóttir, Róbert Þórhallsson, Anders Laursen og Sunna Gunnlaugsdóttir

- **12:30-13:00 Matarhlé.**

Hljómsveit FÍH og söngsveit Hörpu frá 1944

Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans spilar blöndu af tónlist frá Balkanlöndunum

13:00-13:05 Tónlist: Snorri Wium tenor, Lilja Eggertsdóttir píanó, Heimskringla: Verk eftir Tryggva Baldvinsson og Þórarin Eldjárn

- **13:05-14:05 Menntun hljómlistarmanna.**

Framsaga: Kjartan Óskarsson skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík
Spjallborð: Kjartan Óskarsson skólastjóri, Hilmar Jensson tónlistarmaður, Sigurður Halldórsson fulltrúi Listaháskólans, Freyja Gunnlaugsdóttir tónlistarkennari

14:05-14:10 Tónlist: Duo Harpverk Frank Aarnink og Katie Buckley flytja verk fyrir hörpu og slagverk eftir Önnu Þorvaldsdóttur

- **14:10-15:00 Atvinnutækifæri ungra hljómlistarmanna**

Spjallborð: Greta Salóme Stefánsdóttir, Daníel Bjarnason, Pétur Þór Benediktsson, Ragnheiður Gröndal, Freyja Gunnlaugsdóttir

15:00-15:05 Tónlist: Valdimar Guðmundsson og Högni Þorsteinsson

- **15:05-16:05 Framtíðarsýn. Þingsályktunartillaga frá 16 þingmönnum um uppbyggingu tónlistarlífsins**

Skúli Helgason alþingismaður kynnir þingsályktunartillögu sína.
Spjallborð: Skúli Helgason, Björn Th. Árnason, Gunnar Hrafnsson, Gunnar Guðmundsson

- **16:05-16:20 Opnun skráningarvefs íslenskra hljóðrita. HLJÓÐRIT.IS**

Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri SFH og Axel Gunnlaugsson hugbúnaðararkitekt

- **16:20-16:45 Samantekt, ályktanir og þinglok**

Fundarstjórar: Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Ævar Kjartansson

Ritari: Bjarni Daníelsson

Áhugasamir velkomnir á meðan húsrúm leyfir

Allt fyrir jólin í BAUHAUS®

Ótrúlegt úrval af jólavörum og jólaljósum á betra verði!

180 CM
Með 150 LED perum.
4.995.-

VELULNE

LED LJÓSTRÉ
H:120 cm, með 80 LED perum. Viðrukennt til notkunar utanhúss. IP44 vottað.
2.495.-

VELULNE

PÍLUTRÉ
H:100 cm, með 100 LED perum. Viðurkennt til notkunar utanhúss. IP44 vottað.
3.995.-

VELULNE

SKRAUTTRÉ
H:120 cm, með 100 LED perum. Viðurkennt til notkunar utanhúss. IP44 vottað.
4.495.-

VELULNE

SKRAUTTRÉ
H:180 cm, með 100 LED perum. Viðurkennt til notkunar utanhúss. IP44 vottað.
7.495.-

Jólaplöntur og skreytingarefni í miklu úrvali og á betra verði!

HÝASINTA
Tilvaldar í jólaskreytinguna. Bleikar, bláar, fjólubláar og hvítar. Verð pr. stk. 295.-
3 STK. 795.-

JÓLASTJARNA
Fallegar jólastjörnur
Verð frá:
695.-

AMARYLLIS
Falleg jólaplanta með stórum blómum, sem eru ýmist rauð, bleik eða hvít.
1.295.-

NOBILIS 500 GR.
Nobilis og Normmans þinur Verð frá
795.-



GRENI TIL SKREYTINGA
Nokkrar gerðir t.d. Squarrosa 175 gr, Buxus 300 gr, Cryptomeria 500 gr, Cupressus 500 gr, Pinus Weymouth og Blandað búnt 500 gr. Verð frá
995.-

Auglýst verð gildir frá föstudeginum 30. nóvember til og með sunnudagsins 2. desember 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVIK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

FINLUX

Finlux 22FLHS910
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart. HDMI. USB tengi. Digital Coax. VGA. heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Með 12v - 230v kerfi og hótelstillingu.

VERÐ ▶ 49.990

FINLUX

Finlux 32FLY132B
32" HD LCD sjónvarpmeð 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart. USB. 2x HDMI. Ci. S-video. S/PDIF. Digital Coax. VGA. Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Hótelstilling.

VERÐ ▶ 69.990

FINLUX

Finlux 40FLHY173
Vandað 40" Finlux sjónvarp með háskerpu upplausn, stafrænum DVBT móttakara og tveim USB tengjum. Flott tæki á frábæru verði.

VERÐ ▶ 99.990

TOSHIBA

Toshiba 22DL833
22" LED LCD EDGE sjónvarp með innbyggðum DVD DivX spilara. 3.000.000:1 skerpa. Digital Noise Reduction. 3D Digital Comb Filter. Stafrænn móttakari (DVB-T). Hótelstilling. USB, 2x HDMI, Scart o.fl.

VERÐ ▶ 59.990

TOSHIBA

Toshiba 32AV933N
32" HD LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og 12.000:1 skerpu. Active Vision LCD. Ambient Light Sensor. Wi-Fi Ready. DVB-T/C móttakari. USB 2.0, 2x HDMI, Component, CVBS, DVB Ci, heyrnartólstengi, VGA, hljóð inn o.fl. Hótelstilling.

VERÐ ▶ 84.990

TOSHIBA

Toshiba 47VL863N
47" Full HD 1080p 3D LED sjónvarp með LED Edge baklýsingu. Resolution+. 7.000.000:1 skerpa. Intelligent 3D. 400 Active Motion Rate Processing. 24P Mode. Stafrænn DVB-T/T2 C/C2/S móttakari. Gerfihnattamóttakari. Smart TV. Wi-Fi Ready. Ambient Light Sensor. 2x USB, 4x HDMI, LAN, Ci, VGA tengi o.fl. Hótelstilling.

VERÐ ▶ 199.990

PHILIPS

Philips 32HFL5573D
32" Smart LED sjónvarp með Full HD Pixel Plus HD. 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænn DVB-C. DVB-T. DVB-T2 móttakari. 3x USB. HDMI. Ethernet. Optical út. VGA & CI rauf. EasyLink o.fl.

VERÐ ▶ 109.990

PHILIPS

Philips 42PFL3007T
42" LCD Full HD 1080p sjónvarp með 100 Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Ljósnemi fyrir birtu í rýminu. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 3x HDMI, USB tengi og EasyLink o.fl.

VERÐ ▶ 129.990

PHILIPS

Philips 46PFL5007T
46" Smart LED Full HD 1080p sjónvarp með Pixel Plus HD. 400Hz Perfect Motion. Stafrænn móttakari. 3 HDMI og 3 USB tengi. Skype möguleiki. Wi-Fi þráðlaus móttakari o.fl.

VERÐ ▶ 259.990

Panasonic

Panasonic TXP50ST50Y
50" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D. High Contrast Filter. 2000Hz Focused Field Drive. Intelligent Frame Creation PRO. 2D-3D breytir. Infinite Black Pro skerpa. Pro 24p Smooth Film/ Play Back. VIERA CONNECT og opinn netvafri. Skype möguleiki. Wi-Fi þráðlaus sendir. Stafrænn háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari. iPhone/ Android App. 2x USB, 3x HDMI, CI rauf, DNLA, kortalesari o.fl.

VERÐ ▶ 299.990



Panasonic

Panasonic TXL47DT50Y
47" Full HD 1080p IPS Alpha LED LCD sjónvarp með Vreal 3D. 1600 Hz Back Light Scanning. Intelligent Frame Creation Pro. 2D-3D breytir. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect nettenging og opinn netvafri. Þráðlaus Wi-Fi sendir. Skype möguleiki. Stafrænn háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari. Gervihnattamóttakari. iPhone/Android App. 3x USB, 4x HDMI, DNLA, PC tengi, kortalesari o.fl.

VERÐ ▶ 399.990



Panasonic

Panasonic TXL55ET5Y
55" Full HD 1080p IPS LED sjónvarp með Vreal 3D Engine. 300 Hz Back Light Scanning. Intelligent Frame Creation Pro. Passive 3D. 2D-3D breytir. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect. Þráðlaus Wi-Fi. Skype möguleiki. Stafrænn HDTV DVB-T/T2 móttakari. iPhone/ Android App. 4x HDMI. 3x USB. Kortalesari o.fl.

VERÐ ▶ 499.990

Góðar gjafir og Gleðileg Jól

Panasonic TXL42E5Y

VERÐ ▶ 159.990

ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum

150Hz Backlight scanning
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

VIERA Connect
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

VrealLIVE örgjörvi
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

V-Audio Surround
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

Media spilari
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

VIERA Remote App Support
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

IPS LED · BRILLIANT CONTRAST · 150Hz Back Light Scanning · Vreal LIVE · CLEAR PANEL · social networking TV · USB x2 · HDMI x4 · FULL HD 1920×1080p · V-Audio SURROUND · dlna · Media Player · SMARTVIERA · Made for iPhone · WiFi Ready

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

FJÁRHAGSSTAÐA ÞROTABÚS GLITNIS

KRÖFUHAFAR Í GLITNI

Sjóðir 47,9%

- Burlington Loan Management
- CCP Credit Acquisition
- Silver Point
- Owl Creek Investments
- ACMO
- Max Participations
- Perry Luxco
- Leonardo
- Botticelli
- Thingvellir
- CSCP Credit Acquisition
- Holdings Luxco
- Credit Agricole Vita
- TCA Opportunity Investment
- Goldman Sachs Lending Partners
- Gardur Partners
- Aristeia European Investments
- Hilcrest Investors Limited
- Geysir Fund
- York Global Finance Offshore BDH
- MSD Credit Opportunity Master Fund
- Venor Capital Master Fund Ltd.
- Eksportfinans ASA
- Silfra Funds
- Calvert Income Fund
- Double Black Diamonds Offshore
- FCCD Limited
- Norsk Tillitsmann
- Vlaams Woningsfonds van de Grote Gezinnen cvba
- Scoggin International Fund
- Baejarins Partners
- GS Raven Holdings

Erlendir bankar 20,3%

- Royal Bank of Scotland
- Deka Bank
- Deutsche Bank
- Barclays Bank
- Morgan Stanley
- Serengeti Manyara
- Nomura International
- Goldman Sachs
- BNP Paribas
- Merrill Lynch
- Intesa Sanpaolo Bank Ireland

Íslenskir bankar 10,8%

- Landsbanki þrotabú
- Sparisjóðabanki þrotabú
- Kaupþing þrotabú
- Saga Capital þrotabú
- Íslandbanki

Aðrir stórir kröfuhafar 0,5%

- Síminn

Aðrir 20,5%

- 2.991 kröfuhafi

REYKJAVÍKURBORG

Til leigu

Einbýlishús við höfnina

Snoturt einbýlishús við Reykjavíkurhöfn er til leigu. Að hluta til hefur það verið lagfært að utan en þarfnast endurbóta innanhúss. Húsið er byggt árið 1884 og er að grunnfleti um 56 fermetrar.

Húsið verður sýnt þriðjudaginn 4. des. milli kl. 14 - 17. Nánari upplýsingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is/fer

Tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu hússins skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 16:15 fimmtudaginn 6. desember.

Reykjavíkurborg | 411 1111 | www.reykjavik.is/fer

STAÐAN KYNNT Slitastjórn Glitnis hélt fund fyrir kröfuhafa sína í gær þar sem farið var yfir fjárhagsstöðu búsins. Þar var líka gerð grein fyrir því hverjir væru 50 stærstu kröfuhafar þess. Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson mynda slitastjórn Glitnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Útstím er ráðgjafarverkefni þar sem íslensk fyrirtæki fá aðstoð við að ná fótfestu á erlendum markaði fyrir vörur sínar og þjónustu. Fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur góða reynslu af þátttöku í verkefninu og hafa sum þeirra tekið þátt oftar en einu sinni til að styrkja stöðu sína erlendis.

Áhersla er lögð á að finna rétta samstarfsaðila og aðstoða við val á dreifingaraðilum út frá kröfum sem skilgreindar hafa verið í samráði við þátttakanda. Ráðgjafi skipuleggur 3-6 fundi við væntanlega samstarfsaðila á markaði, en þátttakendur fara á eigin vegum á þessa fundi og reyna að ná samningum. Ráðgjafi er fyrirtækjum innan handar við gerð viðskiptasamninga.

Á vef Íslandsstofu **www. Islandsstofa.is** eru frekari upplýsingar um Útstím, umsóknarferlið og framkvæmd verkefnisins.

Upplýsingar veita, Andri Marteinsson verkefnsstjóri, **andri@islandsstofa.is** og Hermann Ottósson forstöðumaður markaðsþróunar, **hermann@islandsstofa.is**

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

islandsstofa.is

Sjóðir eiga helming krafna í bú Glitnis

Vogunarsjóðir eiga tæpan helming krafna á Glitni. Sjóðir munu eiga meirihluta. Burlington stærsti einstaki eigandi krafna. Heildarkröfur nema 2.263 milljörðum.

VIÐSKIPTI Vogunarsjóðir og aðrir fjárfestingasjóðir eiga um helming allra krafna á Glitni. Verði nauðasamningur bankans samþykktur og kláraður munu þeir eiga meirihluta í eignarstýringafélaginu sem stofnað verður á grunni hins fallna banka. Á meðal eigna þess verður Íslandsbanki. Þetta má lesa út úr skrá yfir 50 stærstu samþykktu kröfuhafa Glitnis sem birt var á kröfuhafafundi bankans í gær. Fréttablaðið hefur skrána undir höndum.

Samkvæmt skránni hefur mikil samþjöppun átt sér stað í eignarhaldi á kröfum á Glitni á síðustu tveimur árum. Sumarið 2010 áttu fimmtíu stærstu kröfuhafar bankans 60,4 prósent allra krafna. Nú eiga þeir fimmtíu stærstu 79,5 prósent krafnanna, en alls nema samþykktar kröfur í búið 2.263 milljörðum króna.

Rúmlega þrjátíu sjóðir, að mestu vogunarsjóðir, eiga samtals 47,9 prósent allra krafna á hinn fallna banka. Þeir hafa aukið hlut sinn mjög mikið á undanförnum tveimur árum. Verði nauðasamningur Glitnis samþykktur, og margir minni kröfuhafar borgaðir út, mun eignarhlutur þessara sjóða vaxa nægilega mikið til að þeir verði meirihluti eigenda Glitnis. Auk þess eiga íslenskir bankar, sem annaðhvort eru í slitameðferð eða eru í eigu þrotabúa, 10,8 prósent krafna. Margir vogunarsjóðanna sem eru á meðal stærstu kröfuhafa Glitnis eiga líka kröfur á þessa banka og verða á meðal eigenda þeirra ef fram fer sem horfir.

Erlendir bankar, sem upphaflega voru stærstu kröfuhafar bankans, eiga nú um 20,3 prósent krafna. Tæplega 3.000 aðrir almennir kröfuhafar eiga síðan samtals 20,5 prósent.

Nokkrir vogunarsjóðir hafa verið mjög duglegir við að sanka að sér kröfum á Glitni á undanförnum árum. Á meðal tíu stærstu kröfuhafa bankans eru nú sjóðir á borð við CCP Credit Acquisition Holdings (4,61 prósent krafna), Silver Point Luxemburg Platform (4,14 prósent krafna) Owl Creek Investments (3,08 prósent krafna) og ACMO (2,79 prósent krafna). Samtals er nafnvirði krafna þessara sjóða 331 milljarður króna.

thordur@frettabladid.is

Burlington langstærsti eigandinn

Burlington Loan Management, írskt skúffufyrirtæki sem er fjármagnað og stýrt af bandaríska sjóðstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner, er langstærsti einstaki kröfuhafi Glitnis. Alls á Burlington 8,46 prósent allra samþykktra krafna. Heildarumfang krafna sjóðsins er 191 milljarður króna. Sjóðurinn hefur bætt duglega við sig á síðustu tveimur árum. Um mitt ár 2010 átti hann 5,6 prósent allra krafna á Glitni, samtals upp á 142 milljarða króna.

Burlington er einnig á meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings, sem á 2,03 prósenta kröfu á Glitni. Nafnvirði hennar er um 45 milljarðar króna. Þá er Burlington á meðal stærstu eigenda Klakka, áður Existu. Dótturfélag Klakka, Síminn hf., á 10,6 milljarða króna kröfu á Glitni, eða 0,47 prósent allra krafna.

Harðir jólapakkar eru okkar sérgrein!

Tactix Stubby/toppa- og bitasett 40 stk
2.290

DASH skrúfvél Li-Ion rafhlaða 3,6V m/bitum verð
2.990,-

NOVA TWISTER 4,8V Skrúfvél og skrúfbitar
1.790

Snyrtispegill með stækkun
1.299

Tactix plastbox, verð frá
349

Proma Topplyklasett 3/8" 10 toppar
2.490

SHA-2625 Vinnuljóskastari Rone 28W m. innst. blár
5.995

NOVA 18V Rafhlöðuborvél 2 hraðar
4.990

Tactix verkfærakista 40x23x20 cm margir litir
1.599

37 stykkja Tacticx ¼" topplyklasett.
3.990
(mikið úrval lyklasetta)

Tactix bita/topplyklasett 55 stk.
3.790

Proma topplyklasett 1/2" 32 stk.
4.390

Flísjakki með hettu fyrir útivistina
5.990
Skv. staðli EN471

Tactix smáhlutabox 31x27x6 cm
999

ZB2105 LED ljós með hleðslurafhlöðu
2.995

Rafhlöðuborvél /skrúfvél HDD 3213 18V DIY
8.990

LED Bílavasaljós
1.490

LED Þríhyrningsljós
990

Drive toppasett 17 stk 1/4"
990

HDD1106 580W stingsög DIY
3.990

Gjafabréf Múrbúðarinnar
Gleðilegt jól

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Óseyri 1.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

SPEGILSLÉTT TJÖRNIN Pessi börn voru á gangi yfir Tjörnina í Reykjavík þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kom auga á þau. Nú verður væntanlega ekki hægt að ganga yfir Tjörnina næstu daga, þar sem ekki er spáð frosti í höfuðborginni fyrr en í næstu viku.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgin og fjöllin í ljósaskiptunum

Dagurinn styttist enn þó að jólaljósin geri sitt besta til að lýsa upp myrkrið. Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, var sem fyrr á ferð og flugi og myndaði það sem fyrir augu bar í skammdeginu.

MYRKUR Á MIKLUBRAUT Ljósastaurarnir halda ekki í við myrkrið þessa dagana, en síðdegis í gær var orðið talsvert dimmt áður en kveikt var á staurunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKARÐSHEIÐIN MEÐ HVÍTA TOPPA Snjóað hefur talsvert í fjöllin í nágrenni höfuðborgarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

4,9 L / 100 KM*

RENAULT KANGOO DÍSIL

KYNNIÐ YKKUR REKSTRARLEIGU TIL FYRIRTÆKJA

KANGOO II EXPRESS
VERÐ: **2.462.151** KR. ÁN VSK.
1,5 DÍSIL - 90 HÖ - 4,9 L / 100 KM*
VERÐ: 3.090.000 KR. M. VSK.

LÆGRI
ELDSNEYTIS-KOSTNAÐUR EN Á METANBÍL**

TRAFIC STUTTUR
VERÐ FRÁ: **3.338.645** KR. ÁN VSK.
2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 6,9 L / 100 KM*
VERÐ: 4.190.000 KR. M. VSK.

MASTER MILLILANGUR
VERÐ FRÁ: **4.215.139** KR. ÁN VSK.
2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,0 L / 100 KM*
VERÐ: 5.290.000 KR. M. VSK.

E NNEMM / SÍA / NM55571

www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR. Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master hefur gríðarstórt flutningarými og er fáanlegur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

RENAULT

*Eyðsla á 100 km miðað við blandaðan akstur. ** Miðast við akstur innanbæjar á nýjum Renault Kangoo 1,5 dísil annars vegar og nýjum VW Caddy 2,0 ECO Fuel (Metan) hins vegar.

B|L

BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

SKOÐUN

Sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi:

Kallað á karla

Heimilisfriður – heimsfriður er yfirskrift árlegs sextán daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem nú er haldið í 22. sinn. Markmið átaksins er að beina sjónum að því að úti um allan heim eru konur drepnar fyrir það eitt að vera konur.

Ofbeldi gegn konum er stundum líkt við faraldur enda er talið að konur á aldrinum 15 til 44 ára séu í meiri áhættu vegna nauðgana og heimilisofbeldis en vegna krabbameins, umferðarslysa og malaríu samanlagt. Á hverjum degi lætur til dæmis fjöldi kvenna lífið af völdum heimilisofbeldis og svokallaðra ástríðuglæpa og sæmdarmorða en í báðum síðari orðunum felast jú algerar þversagnir.

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Sumir velta fyrir sér hvers vegna baráttan gegn ofbeldi er sett í kynjasamhengi eins og gert er í sextán daga átakinu. Karlmenn verði jú líka fyrir ofbeldi sem setji ekki síður mark sitt á líf þeirra en þeirra kvenna sem verða fyrir ofbeldi.

Fyrir þessu eru margar ástæður. Í þessu átaki er sjónum sérstaklega beint að konum sem verða fyrir ofbeldi af hálfu karla stöðu sinnar vegna. Litið er til kvenna sem búa í samfélögum þar sem mannréttindi kvenna eru lítil, þar sem í menningu má finna þau viðhorf að konur séu eign karla og feður og eiginmenn hafi hag þeirra og örlög algerlega á valdi sínu.

Ekki þarf þó að horfa til annarra heimsálfa til að finna kynbundið ofbeldi. Tölur um komur í Kvennaathvarfið vitna um umfang ofbeldis í nánum samböndum, ofbeldi sem á stundum heldur áfram jafnvel þótt sambandi pars sé lokið.

Að sama skapi vitna tölur um heimsóknir til Stígamóta um umfang nauðgunarglæpa sem í yfirgnæfandi fjölda tilvika er ofbeldi karlmanns gagnvart konu. Sextán daga átakið beinist þannig að því að draga fram stóran og breiðan hóp þolenda ofbeldis, konur.

Ekki er þó síður mikilvægt að beina átaki gegn ofbeldi að gerendum og að þeim hópi sem hættara er við að verði gerendur með tímanum. Leiðin að því að uppræta ofbeldið hlýtur jú alltaf að vera í gegnum þá sem ofbeldinu beita.

Þannig verður að beina sjónum að körlum og drengjum því þótt vissulega beiti konur einnig ofbeldi, bæði andlegu og líkamlegu, þá eru karlmenn gerendur í yfirgnæfandi fjölda tilvika bæði þegar ofbeldi beinist gegn konum og körlum.

Greina þarf hvers vegna svona margir karlmenn velja að neyta aflsmunar og beita ofbeldi í samskiptum og nota þá þekkingu til að fækka þeim sem beita ofbeldi. Hvað er það í menningu og umhverfi sem veldur? Ekki fæðast drengirnir ofbeldismenn, það er eitthvað sem hefur áhrif á þá á lífsleiðinni.

Einnig verður að hafa í huga og vinna með þá staðreynd að þorri karlmanna er ekki ofbeldismenn. Eitthvað hljóta þeir að geta kennt hinum, til dæmis í gegnum jafningjafræðslu. Og þar er kannski kominn kjarni málsins. Karlmenn verða að sýna frumkvæði og taka málin í sínar hendur með miklu afdráttarlausari hætti en þeir hafa hingað til gert.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Talsmaður ei meir?

Gísli Tryggvason vill bjóða sig fram til Alþingis með Dögun. Tilkynning þess efnis var send frá flokknum í gær. Hann lýsti því í kjölfarið yfir að hann ætlaði að bíða og sjá hvort hann hlyti náð fyrir augum uppstillingarnefndar áður en hann tæki ákvörðun um framtíð sína í starfi Talsmanns neytenda, sem hann hefur sinnt ötullega í sjö ár. Af orðum hans má skilja að hann ætli að yfirgefa embættið verði hann settur á lista flokksins.

Vanur maður

Nú er Gísli reyndar sigldur í þeirri list að sækjast eftir sætum á framboðslistum en sitja svo alls ekki á þeim – það hefur hann í tvígang gert í Framsóknarflokknum – en ansi væri það illa gert ef flokkurinn sem tilkynnti um þátttöku hans með pompi og prakt í gær mundi svo sniðganga hann við uppstillingu.

Áhyggjur af samkeppni

Einar K. Guðfinnsson hefur lagt fram fyrirspurn til Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um afnám einkaréttar á póstþjónustu, sem á að koma til framkvæmda um áramót samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins. Einar vill vita hvort lagt hafi verið mat á mögulegar afleiðingar þessa fyrir dreifbýli landsins. Einhverjum gæti þótt merkilegt að þingmaður Sjálfstæðisflokks hefði slíkar áhyggjur af afnámi einokunar og innleiðingu samkeppnisrekstrar og kallaði meira að segja eftir viðbrögðum hins opinbera. Hins vegar er það gömul saga og ný að trúin á hinn frjálsa markað er ekki beint staðföst meðal Sjálfstæðismanna úr dreifðari byggðum.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Ástæðulaust að óttast

ICESAVE

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins

Á næstunni er að vænta niðurstöðu EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu. Flestir muna þann gegndarlausa hræðsluáróður sem rekinn var fyrir undirritun Icesave-samninganna og átti ekki við nein haldbær rök að styðjast. Þrátt fyrir þann áróður gaf íslenska þjóðin skýr skilaboð í málinu í tvígang.

Nú þegar niðurstaða er á næsta leiti er farið að bera á sams konar orðræðu. Í fréttum birtast tilvitnanir úr skýrslum frá AGS og lánshæfismatsfyrirtækjum sem eins og áður hóta ógurlegum skuldum með refsivöxtum verði niðurstaða dómstólsins óhagstæð. Þar byggja greiningarfyrirtækin á upplýsingum frá AGS, sem byggir á upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu.

Ljóst virðist að Icesave-grátkór álitsgjafa og fulltrúa ríkisstjórnarinnar mun hefja upp raust sína á ný. Þá er mikilvægt að rifja upp staðreyndir. EFTA-dómstóllinn dæmir hvorki um bætur né vexti, aðeins um það hvort brotið hafi verið á EES-reglum. Sé það niðurstaðan mun málið koma til kasta íslenskra stjórnvalda. Þar eru ýmsir kostir í boði, en mikilvægast er að stjórnvöld haldi ró sinni í þetta sinn og sýni að þau hafi lært af fyrri mistökum.

Staðreynd málsins er sú að þrotabú Landsbankans hefur þegar greitt út rúmlega helming allra Icesave-innistæðnanna,

➜ Vilji Bretar og Hollendingar sækja vexti á kröfur sínar þurfa þeir að sýna fram á það fyrir íslenskum dómstólum að aðgerðir íslenskra stjórnvalda hafi valdið þeim tjóni.

eða nærri 70% lágmarkstryggingarinnar sem kröfur Breta og Hollendinga og EFTA-dómsmálið snúast um. Því munu Íslendingar aldrei þurfa að greiða „allar Icesave-innistæðurnar“ eins og hræðsluáróðurinn fullyrðir. Einnig er ljóst að afgangurinn verður einnig greiddur úr þrotabúinu, svo að íslenskir skattgreiðendur eiga ekki að þurfa að ábyrgjast eina krónu af innistæðum á Icesave-reikningunum.

Vilji Bretar og Hollendingar sækja vexti á kröfur sínar þurfa þeir að sýna fram á það fyrir íslenskum dómstólum að aðgerðir íslenskra stjórnvalda hafi valdið þeim tjóni. En staðreyndin er að neyðarlögin tryggðu þeim mun betri rétt en þeir hefðu annars haft. Einnig hafa þeir fengið kröfurnar greiddar mun hraðar út en Icesave-samningarnir gerðu ráð fyrir.

Það er mikilvægt að umræða um Icesave-málið byggi á staðreyndum. Staðreyndirnar gefa Íslendingum ekki tilefni til að óttast niðurstöðu málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Strikað yfir starfsstétt

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Borgarstjórn ætlar að „brúa bilið“ milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í huga Sóleyjar Tómasdóttur, fulltrúa VG, sem mestan á heiðurinn af þeirri tillögu, er engin spurning hvernig það bil eigi að brúa. Það þarf að lengja „fæðingarorlofið og svo að lengja leikskólagönguna“. Bilið verður því ekki brúað með hjálp dagforeldra.

Stólparnir eiga að vera opinberi, gjaldfrjálsi leikskólinn og fæðingarorlof. Efniviðurinn verður svo auðvitað skattfé.

Dagforeldrum er vorkunn

Dagforeldrum er vorkunn. Ekki skilja það sem svo að það séu brjóstumkennanleg hlutskipti að annast börn á daginn. Svo er auðvitað ekki. Dagforeldrum er hins vegar vorkunn vegna þess að í huga svo margra eru þeir sísti kosturinn. Klárlega eru þeir sísti kosturinn í hugum margra stjórnmálamanna. Þeir stjórnmálamenn búa svo til kerfi sem lætur dagforeldra einnig vera sísta kost í hugum foreldra.

Því miður. Sama hvað fólk vandar sig, setur upp heimasíðu, eldar eigin mat, heldur dagbækur fyrir börnin og fer með þau í göngutúr daglega til að hitta börn í öðrum dagmæðrahópum, allir foreldrar setja samt krakkana í leikskóla við fyrsta mögulega tækifæri. Það hlýtur að vera dálítið leiðinlegt.

Ein höfuðástæðan er auðvitað verðið. Dagforeldrar eru, hvað greiðslu foreldra snertir, „dýrari“ en leikskólar. En þeir eru það bara vegna þess að þeir eru minna niðurgreiddir. Heildarkostnaðurinn við dagforeldrakerfið er talsvert minni en við leikskólann.

Samkvæmt viðmiðunarverðskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga kostar 8 tíma vistun tveggja ára barns 155.973 kr. Borgi foreldrarnir til dæmis 24.501 kr. eins og í Reykjavík er nettókostnaður sveitarfélagsins því um 130 þúsund á mánuði. Niðurgreiðsla sveitarfélagsins til dagforeldris vegna sama barns væri nú rétt yfir 40 þúsund. Kostnaður foreldranna vegna dagforeldra er oft á bilinu 45-65 þúsund. Munurinn á niðurgreiðslunum er því mikill. Það er því vissulega rétt að flestir foreldrar „velji“ að hafa barn sitt á leikskóla en í raun er þegar búið að velja þetta fyrir þau. Með mjög sterkum fjárhagslegum hvötum.

Sveigjanleiki góður kostur

Auðvitað er ekki vont að hafa börn í leikskólum en dagforeldrakerfið hefur nokkra ótvíræða kosti. Einn sá helsti er sveigjanleikinn. Fólk getur nýtt eigið íbúðarhúsnæði, með tiltölulega litlum viðbótartilkostnaði. Þess er ekki krafist að menn hafi fimm háskólagráður, eina fyrir hvert barn. Fólk getur því valið þennan starfsvettvang með tiltölulega skömmum fyrirvara.

Til samanburðar: Ef fjölga á plássum í leikskóla þarf að mennta leikskólakennara í fimm ár. Svo þarf auðvitað að teikna nýja leikskóla, auglýsa deiluskipulag, bjóða bygginguna út, bíða eftir kærum, leggja hornsteina, steypa og smíða. Það tekur allt tíma. Ef þörfin fyrir dagvistun dregst síðan tímabundið saman þá nýtist þessi fjárfesting illa. Dagforeldrakerfið getur brugðist við breytingum hraðar.

> Hver vill gerast dagforeldri þegar stjórnmálamenn lýsa því yfir að til standi að útrýma umræddri starfstétt?

Samt beinast öll spjót að dagforeldrakerfinu. Nokkur sveitarfélög eru ýmist búin að samræma gjaldskrár dagforeldra eða eru að gæla við að gera það. Það er rugl. Ef foreldrar telja þjónustu dagforeldrisins vera 95 þúsunda króna virði þá er það ekki sveitarfélagsins að leiðrétta þann skilning þeirra. Slíkar hámarksgjaldskrár gera lítið annað en að fæla eftirsóttasta fólkið úr stéttinni. Af hverju er mönnum svo umhugað um að tekjur dagforeldra verði sem lægstar? Því má heldur ekki gleyma að stefnuyfirlýsingar eins og þær sem Reykjavíkurborg hefur nú sent frá sér valda skaða einar og óstuddar. Hver vill gerast dagforeldri þegar stjórnmálamenn lýsa því yfir að til standi að útrýma umræddri starfstétt? Enginn. Og vandinn skapast af sjálfu sér.

Oft er rætt hátíðlega um nauðsyn þess að útrýma kynbundnum launamun og styðja við atvinnustarfsemi kvenna. Samt á að taka heila stétt sjálfstætt starfandi kvenna (því dagforeldrar eru, jú, aðallega konur) og skipa þeim að annaðhvort hætta að passa annarra manna börn eða verða vinnukonur hins opinbera dagvörslukerfis. Það er hvorki sanngjörn né skynsamleg stefna.

Vinnum gegn kynbundnu ofbeldi

KYNBUNDIÐ OFBELDI

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Nú stendur yfir alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi eins og kunnugt er. Það er miður að árið 2012 þurfi enn að minna okkur á þörfina að uppræta ofbeldi. Með átakinu erum við einnig minnt á að við Íslendingar erum hluti af stærri heild, hluti af alþjóðasamfélagi. Í því samfélagi sitja ekki allir við sama borð hvað mannréttindi varðar og er það miður.

Gert að viljalausu verkfæri

Barátta milli góðs og ills er hluti af daglegu lífi margra. Við eigum að ganga erinda hins góða og berjast gegn hinu illa. Þess vegna er full þörf á því að vekja athygli okkar á því kynbundna ofbeldi sem viðgengst í heimi hér og hvetja til þess að vinna markvisst gegn því. Það er hræðilegt til þess að vita að fólk líti þannig á líf sitt að það geti ráðstafað lífi annarrar manneskju. Gert hana að viljalausu verkfæri sem notað er til að þóknast öðrum. Því miður höfum við heyrt ljótar sögur af því undanfarna daga þar sem stúlkum var lofað glæstri framtíð, menntun og öryggi en allt reyndist það blekkingin ein.

Fyrsta skrefið

Fyrir áratug kom út skýrsla frá Lútherska heimssambandinu sem ber yfirskriftina „Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum. Framkvæmdaáætlun fyrir kirkjuna“. Skýrslan er unnin í framhaldi af starfi fjölda kirkjufólks víðs vegar að úr heiminum, sem skoðaði ofbeldi í menningu, kirkju og samfélagi í þeim tilgangi að lýsa því og skilgreina. Það er fyrsta skrefið að því að geta unnið gegn því.

> **Kirkjan er meðvituð um það að henni ber að vinna gegn öllu því er eyðir og deyðir. Þar á meðal er kynbundið ofbeldi.**

Kirkjan meðvituð

Kirkjan er meðvituð um það að henni ber að vinna gegn öllu því er eyðir og deyðir. Þar á meðal er kynbundið ofbeldi. Við eigum að standa vörð um það góða, fagra og fullkomna og láta okkur koma við ef við verðum þess áskynja að verið sé að eyðileggja sjálfsmynd og framtíð náungans. „Á ég að gæta bróður míns?“ spurði Kain í sögunni um þá bræður Kain og Abel. Enn er þessi spurning í gildi. Okkur kemur náungi okkar við. Samfélagsleg ábyrgð skiptir máli.

Hvert skref í átt til betra samfélags er skref til betra lífs. Verum því vakandi fyrir því að uppræta kynbundið ofbeldi úr samfélagi okkar og heiminum öllum.





16" PIZZA
899KR/STK
VERÐ ÁÐUR 1098

Eld Bökuð

16" PIZZA 2 TEGUNDIR

16" pizza með skinku eða pepperoni með eld-bökuðum botni, unnin úr fyrsta flokks hráefni. Botninn er svo toppaður með íslenskum maribó, cheddar og mozzarella ostablöndu.

DANSKIR OSTAR Í ÚRVALI

- Castello svartur
- Castello hvítur
- Castello blár
- Höng himmelblá
- Castello Marquis
- Höng Camembert
- Rosenborg brie

549KR/PK
VERÐ ÁÐUR 649

GÓMSÆTUR FINGRAMATUR

Brie toppers, cheddar jalapeños og mozzarella sticks

FROKOSTBØF 2 STK.-
1299KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1499

SPARERIBS
1399KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1599

FARMERBØF 2 STK.-
1399KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1699

JENSEN´S SÓSUR

Þarf aðeins að hita, frábærar með öllum mat!

REYKTUR OG GRAFINN LAX
1998KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2398

HOLLUSTA ÚR HAFI

FRÁBÆRT VERÐ!

LAXAFLÖK FROSIN 1299KR/KG

LAXABITAR FROSNIR 1399KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1799

ÝSA ROÐ OG BEINLAUS 1198KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1398

Gildir til 2. desember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

KJÚKLINGUR HEILL FERSKUR
749 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 998

HEILSTEIKTUR KJÚKLINGUR MEÐ HUNANGI OG PERUM

fyrir 2-3 að hætti Rikku

1 heill kjúklingur
2 msk ólífuolía
1/2 sítróna
3-4 garðablóðbergsgreinar
2 hvítlauksrif, pressuð
salt og nýmalaður pipar
1 pera, kjarnhreinsuð og skorin í bita
6 litlar kartöflur, skornar í bita
3 meðalstórir skalottlaukar, afhýddir og skornir í bita
2 1/2 msk hunang

Hitið ofninn í 180°C. Þerrið kjúklinginn og leggið í fat. Berið smá ólífuolíu á kjúklinginn og kreystið smá safa úr sítrónunni yfir hann. Setjið sítrónuna ásamt garðablóðberginu og hvítlauknum inn í kjúklinginn. Kryddið kjúklinginn með salti og pipar. Raðið perunni, kartöflunni og skalottlauknum í kringum kjúklinginn og hellið hunanginu yfir kjúklinginn og afgangnum af ólífuolíunni yfir meðlætið. Kryddið með salti og pipar og bakið í 60-70 mínútur.

MESTA ÚRVALIÐ Á BETRA VERÐI!

LAMBAPRIME
2729 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3898

LAMBAFILE MEÐ FITU
3959 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4949

HELGARSTEIK ÚRBEINAÐ LÆRI
2078 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2598

KJÚKLINGA-LEGGIR
769 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1098

KJÚKLINGA-BRINGUR
2099 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2998

RICETTE D'AUTORE

FERSKT ÍTALSKT GÆÐAPASTA MEÐ FYLLINGU

Inniheldur sérvalið durum hveiti, ræktað í Toskana, 8 „free range" egg (egg frá frjálsum hænum) í hverju kílói af hveitinu. Ekkert viðbætt vatn og engin litarefni. Þetta eru innihaldsefnin sem gera Ricette d´Autore að besta pasta Ítala.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kynsjúkdómahugvekja

HEILBRIGÐISMÁL

Sigurlaug Hauksdóttir
yfirfélagsráðgjafi sóttvarnasviðs Embættis Landlæknis

Þótt margt hafi áunnist í baráttunni gegn HIV þarf enn að halda vöku sinni. Enn í dag er meginforvörnin gegn kynsjúkdómasmiti að huga að eigin kynhegðun og að stunda ekki óvarið kynlíf. Hvernig gengur? Föllum við í gildrur á leiðinni?

Aðrir passa upp á mig

Ein gildran sem sumir falla í er að halda að fólk með kynsjúkdóma stundi ekki kynlíf eða að það passi sig upp til hópa á því að smita ekki okkur hin. Hvað segir það okkur þá þegar um 2.000 Íslendingar greinast með klamydíu ár hvert og eiga því Norðurlandamet? Hvernig má þetta vera? Kynsjúkdómar eru auðsmitanlegir og berast greiðlega á milli fólks þegar tvær slímhúðir mætast og önnur þeirra er sýkt. Þegar við stundum kynmök með einhverjum sem við þekkjum ekki vel, erum við í reynd að sofa hjá þeim sem bólfélagi okkar hefur sofið hjá áður og svo koll af kolli, í heildina kannski hundruð manna. Það er líklegt að einhver þeirra hafi haft kynsjúkdóm sem berst áfram. Hin háa tíðni kynsjúkdóma segir okkur að passa upp á okkur sjálf í kynlífi í stað þess að láta aðra gera það.

Við vitum hverjum er treystandi

Margir telja að þeir finni það á sér hvort þeir geti treyst öðrum og geti því metið hvort aðrir séu með kynsjúkdóm eða ekki. Þetta er ein algengasta gildran sem fólk lendir í. Hafi fólk einkenni eins og útferð, sviða, verki og sár á kynfærum er líklegt að fólk passi sig. En margir kynsjúkdómar eru einkennalausir. Sumir stunda því óvarið kynlíf í góðri trú um að allt sé í lagi. Fólk sem lítur vel út, er traust og gott, getur því verið algjörlega grandalaust um að það smiti aðra. Þessi trú okkar á að geta séð það strax hvort annarri manneskju sé treystandi í kynlífi, án þess að þekkja hana þeim mun betur, er líklegast ein meginástæða þess að kynsjúkdómar smitast svona auðveldlega milli fólks. Vilji maður vera ábyrgur og forðast smitun, verður alltaf að nota smokkinn og á réttan hátt. Rifni smokkurinn þarf að fara í kynsjúkdómaskoðun, t.d. á heilsugæslustöðina eða á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans. Kynsjúkdómar eru lúmskir og fara ekki í manngreinarálit.

Fer bara á kúr

Sumir telja að fái maður kynsjúkdóm geti maður bara farið á lyfjakúr og málið er leyst! Sá galli er á að sumir kynsjúkdómar fylgja manni alla ævi. Viljum við það ef við eigum val? Kynsjúkdómar sem orsakast af veirum, t.d. HIV, kynfæravörtur og herpes, fara aldrei úr líkamanum og við þurfum að læra að lifa með þeim. Aðra kynsjúkdóma eins og klamydíu og lekanda má lækna með lyfjum. Temji maður sér aftur á móti ekki ábyrgt kynlíf er hægt að fá þá sjúkdóma aftur og aftur. Einnig geta kynsjúkdómar valdið miklu tjóni gangi maður lengi með þá án meðferðar. Sem dæmi geta klamydía og lekandi valdið ófrjósemi. HIV getur verið lífshættulegur sjúkdómur komist maður ekki fljótt á lyf. Smit af völdum kynsjúkdóms getur því þýtt ævilangt ferli án nokkurrar galdralausnar.

➜ Smitunarhætta veltur mest á því hvort stundað er óvarið kynlíf með einhverjum sem þú þekkir lítið…

Aðrir smitast, ekki ég

Einhverjir telja sig örugga því „aðeins einhverjir aðrir eins og samkynhneigðir geta smitast“. Því miður er þetta mikil einföldun. Smitunarhætta veltur mest á því hvort stundað er óvarið kynlíf með einhverjum sem þú þekkir lítið og þá skiptir kynhneigð, aldur og kyn engu máli. Raunar eru flestir sem eru með kynsjúkdóm gagnkynhneigðir, t.a.m. langstærsti hluti þeirra sem eru með klamydíu. Jafnframt eru um 75% smitaðra ungt fólk á aldrinum 15–25 ára. Eldra fólk telur sig oft í minni smithættu en það sem yngra er en kynhegðunin skipti mestu. Það er jafnframt líkamlega viðkvæmara fyrir smiti en yngra fólk og ekki eins tamt að nota smokk. Í fyrra greindust t.d. nokkrir ellilífeyrisþegar með HIV-smit. Bæði kynin smitast í jafn miklum mæli þótt konur greinist gjarnan oftar með kynsjúkdóm því þær fara í ríkara mæli í kynsjúkdómaskoðun. Hættum að álykta að öllum öðrum sé hættara við smiti en okkur sjálfum og lítum í eigin barm.

Viljum við forðast að smitast og að smita aðra af kynsjúkdómi er gott að vera upplýstur og hafa kjark til að breyta eigin kynhegðun. Spyrja spurninga: Gerir áfengið/vímuefnið mig kærulausari? Hvað með notkun smokksins? Kynsjúkdómaskoðun? Ef við viljum þá getum við.

Ekkert hafa þeir lært

STJÓRNMÁL

Gunnar Karlsson
fyrrum prófessor í sagnfræði

Á þessu ári endurkusu Íslendingar Ólaf Ragnar Grímsson til forseta, þótt með naumum meirihluta væri. Í því felst óhjákvæmilega viss stjórnmálayfirlýsing þessa knappa meirihluta því að valið á Ólafi í forsetaembætti var frá upphafi útrásarfyrirbæri.

Þótt hann hafi vissulega haft mikla pólitíska hæfileika hafði hann aldrei haft mikinn kosningasjarma fram að því. Alltaf var mesta basl að koma honum inn á Alþingi, þótt hann væri meðal helstu forystumanna Alþýðubandalagsins eftir að hann gekk í þann flokk. Á árunum 1983-91 sat hann á varamannabekk þingsins.

Góður í að tala við þá

En þegar Ólafur náði kjöri til forseta árið 1996 gerðist það af því að sagt var að hann hefði svo góð sambönd í útlöndum, einkum í gegnum fjölþjóðleg þingmannasamtök þar sem hann var í forystu. Hann þekkti svo marga merka útlendinga, var sagt, væri svo góður í að tala við þá og svo mikils metinn af þeim. Ólafur skildi líka vel til hvaða hlutverks hann hefði verið kosinn og gerðist ötull talsmaður útrásar og þenslu meðan það gaman stóð yfir.

Ekkert lært af hruninu

Skoðanakannanir sýndu að Ólafur Ragnar sótti megnið af kjörfylgi sínu í ár til sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, þeirra flokka sem stóðu að baki ofþenslunni á útrásarárunum. Fylgi þeirra við hann sýnir að þetta fólk hefur ekki skipt um stefnu í grundvallaratriðum. Það hefur ekki lært neitt af hruninu. Því finnst enn að ofþenslan sé hið eðlilega ástand.

➜ Ef þessir flokkar komast til valda eru þeir líklegir til að leyfa og styðja einhverja sams konar vitleysu og ríkti á árunum í kringum aldamótin…

Síðnæturstund milli partía

Árin þegar hreingerningakonan Jóhanna Sigurðardóttir kom með lið sitt og tók til eftir það séu bara eins konar síðnæturstund á milli partíanna.

Ef þessir flokkar komast til valda eru þeir líklegir til að leyfa og styðja einhverja sams konar vitleysu og ríkti á árunum í kringum aldamótin, ekki nákvæmlega sömu vitleysuna, enda yrði það ekki hægt, en hugsanlega eitthvað engu betra. Þetta er alvarlegt mál vegna þess að skoðanakannanir sýna að útrásarflokkarnir muni fá hreinan meirihluta á Alþingi í næstu kosningum ef ekkert breytist. Kannski þurfum við að ganga í gegnum annað hrun til þess að byrja að læra eitthvað af reynslunni.

Við eigum 20 ára afmæli
og viljum af því tilefni minna á fjölbreytt
úrval osta og eftirrétta Ostahússins.

Vörurnar okkar fást í flestum
matvöruverslunum um land allt.

Auðveldaðu hátíðarundirbúninginn með vörum frá Ostahúsinu

KRÓNAN

Komdu í mælingu í dag þér að kostnaðarlausu!

Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ standa fyrir blóðsykursmælingu í Krónunni Mosfellsbæ

30.nóvember frá kl. 17-19

Gríptu tækifærið og láttu athuga þitt blóðsykurhlutfall með einfaldri mælingu um leið og þú verslar í Krónunni.

EXPO • www.expo.is

LIONS INTERNATIONAL

Sátt um sjúkrahús?

NÝR LANDSPÍTALI

Torfi Hjartarson
fulltrúi VG í skipulagsráði Reykjavíkur

Ákvörðun um uppbyggingu Landspítala-Háskólasjúkrahúss við Hringbraut hefur lengi legið fyrir og fyrir henni eru ýmis rök sem ekki verða tíunduð hér. Í skipulagsráði Reykjavíkur hefur ríkt samhljómur um að ekki verði horfið frá þessum stað svo lengi sem koma megi starfseminni fyrir í sæmilegri sátt við borgarbúa og gott borgarskipulag. Enda er það svo að tillaga um deiliskipulag sjúkrahússins við Hringbraut hefur verið til umfjöllunar í ráðinu um langt skeið. Svonefndur SPITAL-hópur leggur tillöguna fram og vinnur jafnframt að forhönnun bygginga.

Tillaga um stóran kjarna

Byggt er á verðlaunatillögu úr samkeppni. Gert er ráð fyrir að sjúkrahús og ýmis tengd starfsemi sé í nokkrum byggingum í því skyni að fella skipulag að byggð í nágrenninu og töluvert er dregið úr umfangi eldri hugmynda. Engu að síður er í fyrri áfanga skipulagsins mikill þungi uppbyggingar á svæðinu suðvestanverðu, næst Barónsstíg, Einarsgarði og nýrri Hringbraut. Þar er Hringbrautin gamla látin víkja fyrir gríðarstórum meðferðar- eða bráðakjarna sunnan við barnaspítalabygginguna sem þarna var reist fyrir nokkrum árum.

Kjarninn er á við húsakynni IKEA að lengd og breidd og miklu hærri, það er leitun að öðru eins stórhýsi á öllu höfuðborgarsvæðinu. Austar á lóðinni, nær mislægum gatnamótum og Snorrabraut, er uppbygging lítil þar til í síðari áfanga sem enginn veit hvenær verður né í hvaða mynd þó að fyrir liggi hugmyndir hönnunarhópsins um þann áfanga líka. Við Eiríksgötu er uppbygging lítil og efst á gömlu spítalalóðinni, ofan við svonefnda K-byggingu, er ekki gert ráð fyrir byggingum.

Togstreita um tilhögun og umfang

Skipulagsráð fjallaði á sínum tíma um forsendur hugmyndasamkeppninnar áður en hún fór fram. Ráðið kallaði þá þegar eftir meiri áherslu á lóðina austanverða og benti á að nýta mætti rými og uppbyggingarmöguleika norðan gömlu Hringbrautar í nágrenni við eldri byggingar. Því miður tóku keppendur lítið mið af þessu heldur lögðu sig fram um að mæta hugmyndum um mikla uppbyggingu sunnan gömlu Hringbrautar og sem allra nánust tengsl bráðakjarna við húsakynni barnaspítala og kvennadeildar. Jafnframt var farið að ósk sjúkrahússins um gríðarstóran kjarna til að tryggja öryggi og hámarka hagræðingu í rekstri.

Umfang kjarnans ber umhverfið ofurliði en hönnunarhópurinn hefur ekki viljað breyta sínum áherslum og í raun gengið í öfuga átt. Í stað þess að draga úr umfanginu var krafist hækkunar á húsinu um eina hæð til að geta betur komið þar fyrir tæknibúnaði. Samkomulag náðist um að borgin fengi tækifæri til uppbyggingar á lóðum vestan Barónsstígs (reit Umferðarmiðstöðvar BSÍ) og næst nýrri Hringbraut auk þess sem farið verður í einhverja samvinnu um þróunarmöguleika á spítalasvæðinu austanverðu. Samt hefur hugmyndum um sjálfa kjarnabygginguna og meginþunga uppbyggingar nær ekkert verið hnikað. Þessu hefur almenningur nú harðlega mótmælt í lögbundnu umsagnarferli.

Undarleg þversögn

Í ofangreindu ferli felst undarleg þversögn. Á sama tíma og ráðið og borgarbúar allir hafa haft skipulagshugmyndir hönnunarhópsins til umfjöllunar og lýst margvíslegum áhyggjum af hugmyndunum hafa hönnuðir setið við forhönnun bygginga sem enginn veit hvort hljóta samþykki ráðsins. Meira en átta hundrað athugasemdir hafa borist skipulagsráði og staðfesta þótt seint sé að áhyggjur ráðsins af umfangsmiklum byggingum eru á rökum reistar. Á móti standa skipulagshugmyndir SPITAL-hópsins og öll sú forhönnunarvinna sem þegar hefur farið fram. Pólitískt umhverfi er svo með þeim hætti að allar ákvarðanir verða vandasamar, hart er sótt að dugandi ríkisstjórn, brýnt er að byggja nýjan spítala, þarfir atvinnulífsins fyrir auknar framkvæmdir eru öllum kunnar, þjóðin vill öfluga heilbrigðisþjónustu en býr við takmörkuð fjárráð. Og svo eru margir sem enn andmæla sjúkrahúsi á þessum stað, vilja henda dæminu öllu upp í loft og leita annað með uppbygginguna.

Afstaða í skipulagsráði

Sá sem hér skrifar og situr í skipulagsráði fyrir hönd Vinstrigrænna er ekki í síðastnefnda hópnum, þeim sem helst vill nýjan spítala á öðrum stað. Þvert á móti finnst mér eins og fleirum í mínum flokki brýnt að sjá nýjar spítalabyggingar rísa við Hringbraut. Ég hef aftur á móti alltaf ætlast til þess og talað fyrir því á fundum ráðsins að ráðið knýi fram breytingar á kjarnabyggingunni, hún sé einfaldlega of stór og hvíli of nærri smágerðri byggð við Barónsstíg. Ég hef eins og fleiri bent á möguleika austar á svæðinu og ítrekað dregið fram mikilvægi Snorrabrautar í borgarskipulaginu, líka þegar byggt verður upp í Vatnsmýri. Þá götu þarf að styðja betur en gert er í fyrirliggjandi tillögum.

Ég hef spurt hvort ekki megi endurskoða þótt ekki væri nema eitthvað af þeirri starfsemi sem koma á fyrir í kjarnanum, draga úr umfanginu eða færa í aðrar byggingar, hvort ekki megi rýma betur til austan við gömlu spítalabygginguna og byggja upp þar eða færa til rannsóknarhús sunnan kjarnans og koma hluta hans fyrir þar. Svörin eru öll á eina leið, rætt hafi verið við hönnunarhópinn og kjarnanum verði ekki haggað, það sé bara ekki hægt að gera þetta öðruvísi! Samt er hann of stór, samt liggja fyrir næstum þúsund athugasemdir sem flestar ganga í eina átt, byggingarmagnið er of mikið, spítalinn og kjarninn sérstaklega er of frekur í umhverfi sínu ef ekki verða gerðar á honum breytingar.

Ekki tjaldað til einnar nætur

Þetta er staðan og nú er að hrökkva eða stökkva fyrir skipulagsráð, að samþykkja tillögur SPITAL-hópsins eða hafna þeim eins og þær liggja fyrir. Ég skora á ráðið og borgaryfirvöld að bregðast vel við réttmætum athugasemdum almennings og láta gera nauðsynlegar breytingar sem leitt geta til samfélagslegrar sáttar um þetta brýna og þýðingarmikla verkefni. Sú vinna þarf að hafa öfluga heilbrigðisþjónustu á félagslegum grunni, þjóðhagslega hagkvæmni til lengri tíma litið og gæði í borgarskipulagi að leiðarljósi. Hér er ekki tjaldað til einnar nætur.

→ Kjarninn er á við húsakynni IKEA að lengd og breidd og miklu hærri, það er leitun að öðru eins stórhýsi á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Sækjum fram

SKATTAR

Halldór Árnason
hagfræðingur hjá SA

Indriði H. Þorláksson hefur birt greinar í Fréttablaðinu í vikunni um að þrátt fyrir að skatthlutföll allra helstu tekjustofna ríkisins hafi hækkað undanfarin ár þá hafi skattar í rauninni lækkað. Þessa snjöllu ályktun setur hann fram í tilefni útgáfu rits SA, „Ræktun eða rányrkja?“. Með samanburði á skatttekjum ríkisins á föstu verðlagi milli áranna 2005 og áætlaðra tekna fyrir 2013 ályktar hann að tekjuskattur einstaklinga hafi lækkað þrátt fyrir að tekjuskattshlutfallið hafi hækkað og skattþrepum fjölgað. Með sömu nálgun má komast að því að tekjuskattur fyrirtækja hafi lækkað þrátt fyrir hækkun hlutfallsins úr 18% í 20% og að virðisaukaskattur hafi lækkað þrátt fyrir hækkun almenna þrepsins úr 24,5% í 25,5%.

Ástæðan liggur í augum uppi. Tekjur fólks og fyrirtækja hafa dregist saman, atvinnuleysi aukist og stórfum fækkað á þessu tímabili. Fjárfestingar eru í lágmarki.

Betri lífskjör

Samtök atvinnulífsins hafa undanfarin ár barist fyrir því að meginmarkmið stjórnvalda ætti að vera að auka hagvöxt. Það sé besta leiðin til að endurheimta fyrri lífskjör. Þannig eigi m.a. að greiða fyrir erlendri fjárfestingu og virkjanaframkvæmdum, auka rekstraröryggi sjávarútvegsins, afnema hindranir í vegi uppbyggingar gagnavera, greiða fyrir nýsköpun, fjölga nýjum fyrirtækjum og hvetja fólk til að fjárfesta í atvinnulífinu. Þrátt fyrir að unnt hafi verið að semja við ríkisstjórnina um þessi mál hefur hún fundið upp nýja skilgreiningu á orðheldni og áformin fæst orðið að veruleika.

Aukin umsvif

SA kynntu nýlega rökstuddar tillögur um hógværar aðgerðir í skattamálum sem lagt er til að komi til framkvæmda á nokkrum árum.

Í riti SA er lagt mat á þær fjárhæðir sem skattahækkanir undanfarinna ára hafa skilað ríkissjóði og skýrt út hvernig tölurnar eru fengnar. Í ljós kemur að skattahækkanir eru verulega umfram þau mörk sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld sömdu um til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á ný. Markmið tillagna SA er að auka umsvif í atvinnulífinu, efla fjárfestingu, fjölga störfum og bæta lífskjör í landinu. Aukin umsvif munu svo leiða til aukinna skattgreiðslna og verða til þess að hagur ríkissjóðs batni.

Engin leið er til þess að fyrrverandi ríkisskattstjóri og aðalhöfundur 100 skattkerfisbreytinga ríkisstjórnarinnar verði sammála SA í þessum málum enda ekki til þess ætlast.

→ Í ljós kemur að skattahækkanir eru verulega umfram þau mörk sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld sömdu um til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á ný.

Hendrikka Waage
fjola
EAU DE PARFUM
Atmo | Debenhams | Fríhöfnin | Hagkaup | Hygea | Leonard Lækjargötu | Lyfja | Lyf og Heilsa | Poley | Sigurboginn

Herðum róðurinn gegn loftslagsvánni

LOFTSLAGS-BREYTINGAR

Svandís Svavarsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

➜ Skýrasta dæmið um loftslagsbreytingar á heimsvísu er að hafís á norðurskautssvæðinu hopar ört.

Baráttan gegn skaðlegum loftslagsbreytingum af mannavöldum hefur of lengi verið kynnt sem krafa um að taka dýrar og erfiðar ákvarðanir nú til að afstýra ógn í framtíðinni. Þetta er aðeins rétt að hluta. Alvarlegustu áhrif loftslagsbreytinga hafa vissulega enn ekki komið fram samkvæmt spám vísindanna, en breytingarnar sjálfar eru ekki í fjarlægri framtíð. Margar þeirra eru vel sýnilegar nú þegar.

Sýnidæmi í norðri

Skýrasta dæmið um loftslagsbreytingar á heimsvísu er að hafís á norðurskautssvæðinu hopar ört. Ísþekjan nú í haust var minni en nokkru sinni frá því að mælingar hófust og ísinn hopar mun hraðar en spár gerðu ráð fyrir. Nú telja margir að Norður-Íshafið gæti orðið íslaust að sumarlagi fyrir árið 2050. Samkvæmt niðurstöðum norræns rannsóknarverkefnis sem kynntar voru fyrir skömmu eru nær allir jöklar við Norður-Atlantshaf á undanhaldi. Íslenskir jöklar þynnast til að mynda um réttan metra á ári að meðaltali og bráðna svo jafngildir nær tíu rúmkílómetrum vatns á sama tíma. Jöklarnir okkar gætu að mestu leyti horfið innan 100-200 ára.

Hlýnunin á norðurslóðum opnar aðgang að siglingaleiðum og auðlindum og margir hugsa sér gott til glóðarinnar að fá sneið af þeirri köku. Til lengri tíma tapa þó flestir á þeim gríðarlegu breytingum sem fylgja örri hnattrænni hlýnun. Aukinn styrkur koldíoxíðs í andrúmslofti veldur súrnun hafsins, sem við Íslendingar höfum með réttu miklar áhyggjur af. Súrnun ógnar kóröllum, skelfiski, kalkþörungum og fjölmörgum öðrum lífverum og gæti valdið stórfelldu raski á lífríki hafsins.

Ísland tekur fullan þátt

Þótt æ fleiri geri sér grein fyrir vánni sem stendur fyrir dyrum ganga alþjóðlegar viðræður um lausn vandans hægt. Nú stendur yfir 18. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Doha í Katar. Tekist hefur samkomulag um að endurnýja Kýótó-bókunina. Á síðustu misserum hafa þó nokkur ríki helst úr þeirri lest, en Ísland er meðal þeirra ríkja sem hyggjast axla ábyrgð. Enn fremur er unnið að því að ná bindandi samkomulagi allra ríkja fyrir 2015 um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Vonandi mun almenningsálitið og aukin vísindaleg þekking á alvarlegum áhrifum loftslagsbreytinga gefa þeim viðræðum byr í seglin. Það er nauðsynlegt að lyfta sér upp úr hjólförum gamalla deilna um skiptingu byrða og hætta að hræðast að loftslagsvænn lífsstíll og tækni standi efnahagslífi fyrir þrifum. Hagsæld, velferð mannkyns og lífið á jörðinni þarf á óröskuðum vistkerfum og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum að halda.

Ísland hyggst standa jafnfætis framsæknustu ríkjum í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum með því að taka á sig sameiginlegar skuldbindingar með ríkjum Evrópusambandsins og Króatíu. Jafnframt er tryggt að íslenskt atvinnulíf búi við sambærilegar reglur um losun og þekkjast í okkar heimshluta.

Íslendingar þurfa að búa sig undir auknar kröfur í loftslagsmálum á komandi árum, eins og raunar heimsbyggðin öll. Þær kröfur fela í sér ný tækifæri fyrir nýsköpun og efnahag og samfélagsþróun til sjálfbærni. Þetta á til dæmis við um ýmsar aðgerðir í samgöngum, s.s. aukið vægi göngu, hjólreiða, almenningssamgangna og sparneytinna ökutækja. Loftslagsvæn tækni, endurnýjanleg orka, nýsköpun og þróun eru allt svið þar sem Ísland getur lagt sitt af mörkum. Ísland getur verið í fararbroddi í loftslagsmálum. Við höfum allar forsendur til þess.

Kraftbirting tónlistarinnar

MENNING

Arna Kristín Einarsdóttir
tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

➜ Tónlistin er sprottin af sammannlegri þörf. Því má segja að það lýsi tilfinningaþroska hjá þjóðinni að Harpa varð að veruleika og reis upp úr rjúkandi rústum efnahagshrunsins.

Tónleikar Fílharmóníuhljómsveitar Berlínar í Eldborgarsal Hörpu 22. nóvember síðastliðinn voru án efa einn af hápunktum íslensks tónlistarlífs frá upphafi. Setið var í öllum 1.800 sætum salarins, á bak við hljómsveitina og alveg upp í rjáfur. Upplifun tónleikagesta var slík að húrrahrópunum ætlaði aldrei að linna, bæði fyrir hlé og í lok tónleika.

Það er óhætt að segja að heimsókn Berlínarfílharmóníunnar marki tímamót í menningarsögu Íslendinga. Hljómsveitin er talin ein af bestu hljómsveitum í heimi og á sér langa sögu, en hún var stofnuð árið 1882.

Í 5 stjörnu gagnrýni sinni á tónleika hljómsveitarinnar lét tónlistargagnrýnandi Fréttablaðsins hjá líða að geta ástæðu þess að Berlínarfílharmónían sótti Íslendinga heim. Hér var það Harpa sem lék lykilhlutverk. Berlínarfílharmónían tók að þessu sinni stefnuna á ný tónlistarhús á Norðurlöndum. Hún lék í nýju tónleikahúsi í Helsinki sem vígt var stuttu á eftir Hörpu. Hún lék í nýjum sal Dönsku útvarpshljómsveitarinnar í Kaupmannahöfn. Undantekningin sem sannaði regluna var tónleikar í Konserthuset i Stokkhólmi, sem svo sannarlega er ekki nýtt hús. Og norrænu yfirferðinni lauk svo með tónleikunum í Hörpu. Það sem fram að Hörpu var algjörlega óhugsandi er orðið að veruleika: Erlendar úrvalshljómsveitir telja sig ekki geta misst af því tækifæri að koma til Íslands til að spila í tónlistarhúsinu sem sögur fara af. Tónlistarhúsi sem byggt var þrátt fyrir efnahagshrun.

60% aukning

Það er óumdeilanlegt að Harpa er tónleikahús sem hefur sett Ísland á kortið. Harpa setur okkur í alþjóðlegt samhengi. Í þetta sinn eru það ekki náttúruhamfarir á borð við Eyjafjallajökul, öskuský eða jarðskjálfta. Ekki heldur búsáhaldabylting og efnahagshörmungar. Í þetta sinn er það hús, raunar glerhjúpur, listaverk, utan um einn magnaðasta tónleikasal í Evrópu. Auðvitað er hægt að skilja þær raddir sem tala um kostnað, bæði við bygginguna og rekstur Hörpu. Og auðvitað eru það algjör forréttindi fyrir íslenskt tónlistarfólk, sem beið í meira en hálfa öld eftir tónleikasal, að fá að vinna við þessar kjöraðstæður. Það hefur hins vegar sýnt sig frá opnun Hörpu að húsið hefur þegar náð að vinna hylli almennings á Íslandi. Í kjölfar fleiri heimsókna hljómsveita mun hróður Hörpu án efa einnig vaxa erlendis.

Harpa er heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á fyrsta starfsári hljómsveitarinnar í Hörpu varð rúmlega 60% aukning á áskriftum. Með Hörpu hefur orðið sannkölluð bylting í starfsumhverfi hljómsveitarinnar. Sinfóníuhljómsveitin var stofnuð árið 1950 og fyrstu árin hélt hún tónleika í Þjóðleikhúsinu. Árið 1961 flutti hún í Háskólabíó, þar sem hún lék í bíósal í hálfa öld, eða þar til í apríl 2011 að hún flutti í Hörpu. Ný heimkynni gera það að verkum að hljómsveitin hefur möguleika á að vaxa og dafna. Nú þegar má heyra mun á leik hennar. Hljómburðurinn í Eldborg gerir miklar kröfur til hljóðfæraleikara. Þar heyrist allt. Næstu ár verða hiklaust afar þroskandi fyrir hljómsveitina og óhætt að fullyrða að hún muni launa þjóð sinni ríkulega.

Mannlegur kraftur

Það kallaði á heilmikið hugrekki af stjórnvöldum, sérstaklega af hálfu núverandi menntamálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, og þáverandi borgarstjóra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, að taka þá umdeildu ákvörðun að ljúka við bygginguna. Það er alþjóðlegt fyrirbæri að stjórnmálamenn gæta sín á að vera ekki of tengdir menningunni af ótta við að þeir verði spyrtir saman við „fámenna menningarelítu“. Sá ótti er hins vegar byggður á misskilningi því menning og listir eru ekki fyrir fáa útvalda heldur mannlegur kraftur í allra þágu.

Það er mikil lífsreynsla fyrir samfélag að upplifa hrun eða áfall. Það kemur á heilmiklu tilfinningaróti þar sem ótti, hræðsla, óvissa, reiði og sorg skiptast á. Á slíkum stundum leita manneskjurnar eftir einhverju sem hjálpar. Tónlistin er tungumál tilfinninganna. Allir þekkja það hvernig lítið lag getur breytt líðan okkar, tekið okkur aftur á vit minninga og laðað fram ólíkar tilfinningar.

Þetta upplifðu meðlimir Sinfóníuhljómsveitar Íslands sterkt þegar hljómsveitin varð að aflýsa þriggja vikna tónleikaferð til Japans haustið 2008 í kjölfar hrunsins. Í stað þess að kasta fyrir róða vinnu við að æfa upp sinfóníur Sibelíusar lék hún þær fyrir opnu húsi í Háskólabíói. Á þá tónleika streymdi fólk sem hafði aldrei áður komið á tónleika hljómsveitarinnar. Það kom með ungbörn í fanginu, hélt utan um hvert annað, sat saman og hlustaði, upplifði og fann til í gegnum tónlistina. Þetta sama reyndu tónlistarmenn í Noregi í kjölfar fjöldamorðanna í Útey í júlí 2011. Þá voru sinfóníuhljómsveitir og tónlistarmenn kallaðir úr sumarfríum, líkt og hjálparsveitir, til að spila fyrir þjóð sína sem var í sárum.

Tilfinningaþroski

Þessi viðbrögð sýna áþreifanlega að tónlistin nærist ekki á sjálfri sér fyrir sjálfa sig. Tónlistin er sprottin af sammannlegri þörf. Því má segja að það lýsi tilfinningaþroska hjá þjóðinni að Harpa varð að veruleika og reis upp úr rjúkandi rústum efnahagshrunsins. Húsið og sú starfsemi sem það hýsir mun halda áfram að lýsa upp íslenskt menningarlíf um langa framtíð og auðga þannig líf okkar með þeim verðmætum sem ekkert fær grandað.

Hvað er best fyrir Ísland?

EVRÓPUMÁL

Svana Helen Björnsdóttir
formaður SI

Í þeirri umræðu sem nú fer fram hér á landi um Evrópusambandið vill það oft gleymast að það eru gildar ástæður fyrir því að stjórnvöld á Íslandi ákváðu að sækja um aðild að ESB. Meginástæðan er sú að það mun stuðla að efnahagslegum stöðugleika sem sárlega hefur skort hér á landi. Önnur mikilvæg ástæða er sú að við yrðum þá fullgildir þátttakendur í öllu samstarfi Evrópusambandsþjóða.

Við Íslendingar getum auðvitað haldið áfram á sömu braut og verið hefur og lifað við sveiflur og kollsteypur, og látið eins og ekkert sé. Stóra verkefnið hlýtur hins vegar að vera að tryggja langtímastöðugleika og treysta umgjörð okkar efnahagslífs sem mest við megum. Aðild Íslands að ESB er valkostur í því efni, en þó aðeins ef við sýnum úthald og ljúkum viðræðunum. Ekki er ólíklegt að kjósa megi um aðildarsamning um mitt næsta kjörtímabil og þá verður vonandi það versta yfirstaðið í Evrópu og evrusamstarfið komið í traustar skorður. Tíminn vinnur með okkur en við verðum að leyfa honum að gera það.

Leið að markmiði

Aðild Íslands að ESB er ekki markmið í sjálfu sér, heldur leið að markmiði. Stóra verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er að koma á langtímastöðugleika í íslensku efnahagslífi og skapa atvinnulífinu samkeppnishæf starfsskilyrði. Þannig aukum við fjárfestingu og hagvöxt, þannig geta sprotafyrirtæki vaxið og skapað fjölbreytt störf, og þannig tryggjum við samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Innri óstöðugleiki og ótraust umgjörð atvinnulífsins gerir fyrirtækjum landsins og fólki erfitt fyrir. Nokkur dæmi um það:

- Síðastliðna 12 mánuði hefur verðbólga hér á landi verið 4,3% sem er mun hærra en í nágrannaríkjum okkar og veldur því að lán landsmanna og fyrirtækja hækka sem því nemur vegna verðtryggingarinnar. Há verðbólga rýrir kaupmátt og ýtir undir óábyrga kjarasamninga.

➜ Lítið gagnast að ræða Evrópumálin eins og trúarlegt málefni og láta stjórnast af tilfinningunum einum …

- Vöruverð á dagvöru hefur hækkað um 60% á síðustu sex árum samkvæmt skýrslu Samkeppniseftirlitsins sem birt var fyrr á þessu ári.
- Þjóðartekjur á mann eru langminnstar á Íslandi af öllum Norðurlandaríkjunum. Skv. lista Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru þær nú 5,27 m.kr. á mann miðað við 7,34 m.kr. í Danmörku, þrátt fyrir allar auðlindirnar sem við eigum.
- Fjárfesting er allt of lítil eða aðeins um 13% af landsframleiðslu. Þyrfti að hækka í a.m.k. 20%.
- Krónan er áfram í gjörgæslu viðvarandi gjaldeyrishafta með tilheyrandi neikvæðum efnahagsáhrifum. Þetta þýðir óheilbrigt viðskiptaumhverfi fyrir fyrirtækin okkar. Það er dýrt fyrir þjóðina að vera með gjaldeyrisvaraforða að láni – vaxtakostnaðurinn einn var um 33 milljarðar króna á árinu 2011.

Umræðan verði öfgalaus

Óbreytt ástand er ekki góður kostur. Að veikja stöðu Íslands með ótímabærri lokun á aðra valkosti, meðan ekki er vitað hvort þeir eru færir, er ekki rökrétt. Lítið gagnast að ræða Evrópumálin eins og trúarlegt málefni og láta stjórnast af tilfinningunum einum í afstöðu með eða á móti aðild, hvað þá aðildarviðræðum. Til að umræðan sé gagnleg þarf hún að vera öfgalaus.

Íslensk fyrirtæki þurfa stöðugleika til að geta vaxið. Það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar að atvinnulífið eflist og lífskjör fólks batni. Það gerist þó ekki nema fyrirtækin eflist og geti boðið fólki áhugaverð störf og góð laun. Til að svo megi verða þarf samstöðu um þjóðarhagsmuni, festu í alþjóðasamskiptum og eflingu hagstjórnar á Íslandi. Þannig verða samkeppnishæfni og ásættanleg lífskjör þjóðarinnar tryggð til framtíðar.

Wii U™ Nintendo®

ER KOMIN Í VERSLANIR UM LAND ALLT

ÚTGÁFUDAGUR NINTENDO Wii U ER Í DAG!
KÍKTU INN OG SJÁÐU SNILLDINA!

Wii U er nýjasta tækniUndrið frá Nintendo
Þessi flotta leikjatölva sameinar spilun í sjónvarpi og á skjáborði og skapar algjörlega nýja leið til að spila tölvuleiki.
Tölvuleikir hafa aldrei verið jafn skemmtilegir!

STJÓRNBORÐIÐ: 6,2" SNERTISKJÁR
HREYFISKYNJARI, INNBYGGÐ MYNDAVÉL, INNBYGGÐUR HLJÓÐNEMI
STERÍÓ HÁTALARAR, HLEÐSLURAFHLAÐA

TÖLVAN: 8 GB (HVÍT) EÐA 32 GB (SVÖRT)
INNBYGGT MINNI. FULL-HD UPPLAUSN (1080P)
ÞRÁÐLAUST NET (TENGIST NETINU Á HEIMILINU)
SPILAR NINTENDO WII U OG NINTENDO WII LEIKI
IBM FJÖLKJARNA ÖRGJÖRVI
AMD RADEON HÁSKERPU GRAFÍSKT SKJÁKORT

HELKO Sími 544 4000
ORMSSON Lágmúla 8 · Reykjavík · Sími 530 2800 · ormsson.is
BT Sími 550 4444
VERSLANIR UM LAND ALLT

Jólagjöfin fæst í The Body Shop

Augn-„paletta“ 3790 kr.
Augnblýantur 1390 kr.

THE BODY SHOP®

SMÁRALIND, KRINGLUNNI, GLERÁRTORGI

Atvinnuleitendur eru ekki allir eins

ATVINNUMÁL

Þorsteinn Fr. Sigurðsson
rekstrarhagfræðingur – framkvæmdastjóri STARFs

Síðsumars hóf Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf (STARF), að þjóna um fjórðungi atvinnuleitenda á atvinnuleysisskrá, einstaklingum sem fram til þess tíma höfðu verið skjólstæðingar Vinnumálastofnunar. Um er að ræða þriggja ára tilraunaverkefni Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um aukna þjónustu við atvinnuleitendur. Verkefnið er byggt á samkomulagi þessara aðila við velferðarráðuneytið og varð til í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011. Þessir einstaklingar sem færðust yfir til STARFs í þjónustu, eru félagar í tilgreindum stéttarfélögum sem taka þátt í verkefninu.

Ljóst er að það hentar atvinnuleitendum betur að sækja þessa þjónustu til síns stéttarfélags, sem þegar er að veita félögum sínum umtalsverða þjónustu á öðrum sviðum. Þjónusta STARFs fer fram í félagslegu umhverfi atvinnuleitandans og er veitt af atvinnuráðgjöfum sem þekkja starfsumhverfi viðkomandi fagfélags. Þeir hafa því betri sýn á bakgrunn og starfsreynslu atvinnuleitandans.

Tilgangurinn er að þjónustan verði markvissari og er það sannfæring þeirra sem að verkefninu standa að aðkoma SA að því tryggi nánari tengingu við atvinnulífið en náðst hefur fram til þessa. Þessi samvinna heildarsamtaka stéttarfélaga (ASÍ) og heildarsamtaka atvinnulífsins (SA) í aðgerðum gegn atvinnuleysi, er sennilega einstök á alþjóðavísu.

Samsvarandi úrræði

Markmið tilraunaverkefnisins er að auka þjónustu við atvinnuleitendur. Eftir sem áður stendur atvinnuleitendum innan verkefnisins til boða samsvarandi vinnumarkaðsúrræði og Vinnumálastofnun hefur boðið upp á og lögboðin eru. Námsúrræðin eiga að auka hæfni einstaklingsins svo hann eigi meiri möguleika á að finna starf við hæfi.

Jafnframt verða í boði samningar við fyrirtæki um reynsluráðningar eða tímabundin störf atvinnuleitenda, þar sem viðkomandi fyrirtæki fær til sín atvinnuleysisbætur einstaklingsins meðan á samningstímanum stendur, en þarf að greiða viðkomandi kjarasamningsbundin laun á meðan. Aðaláhersla STARFs mun liggja í vinnumiðluninni sjálfri, með það meginmarkmið að koma atvinnuleitendum aftur til starfa.

Fjórar þjónustumiðstöðvar

Til að tryggja gæði og samræmingu á þjónustunni stofnuðu ASÍ og SA sameiginlega fyrirtækið Starf – vinnumiðlun og ráðning og annast það framkvæmd verkefnisins. Vel menntaðir og reyndir atvinnuráðgjafar voru ráðnir til starfa og er þjónustan nú veitt á fjórum þjónustumiðstöðvum stéttarfélaga. Stærst er þjónustumiðstöðin hjá VR í Kringlunni og þjónar hún félagsmönnum VR á höfuðborgarsvæðinu (félagsmenn VR eru fjölmennastir innan tilraunaverkefnisins). Önnur þjónustumiðstöð er hjá iðnfélögum í Borgartúni fyrir þeirra félaga á höfuðborgarsvæðinu. Á Suðurnesjum sameinast fimm stéttarfélög um þjónustumiðstöð sem er rekin á skrifstofu Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Fjórða þjónustumiðstöðin er svo á Austurlandi, á skrifstofu Afls – Starfsgreinafélags á Egilsstöðum og þjónar félögum allra stéttarfélaga innan ASÍ á Austurlandi.

Þjónustan markvissari

Vinnuveitendur ættu að sjá sér hag í að leita starfskrafta til þjónustumiðstöðva STARFs, þar sem hver þjónustumiðstöð er með atvinnulausa félaga skilgreindra stéttarfélaga á ákveðnum starfssvæðum. Þá þekkja atvinnuráðgjafar STARFs gjarnan þarfir fyrirtækjanna sem nýta starfskrafta félaga í þeirra stéttarfélögum.

Í gagnagrunni hvers atvinnuráðgjafa er skilgreindur hópur atvinnuleitenda, en ekki allir atvinnuleitendur landsins. Þjónustan er því markvissari en verið hefur þar sem þekking er til staðar á „faginu“ og mun dýpri skilningur á þörfum, fagþekkingu og á starfsreynslu viðkomandi hóps atvinnuleitenda. Einnig eru sér þjálfaðir atvinnuráðgjafar STARFs með beina tengingu inn í þau stéttarfélög sem þeir starfa með. Þeir eru því meðvitaðir um aðra þjónustu stéttarfélaganna sem og starfsumhverfi þeirra og þjónustan öll sótt á einn stað.

Rekstur STARFs er fjármagnaður af Atvinnuleysistryggingarsjóði. Yfirbyggingu og rekstrarkostnaði er haldið í algjöru lágmarki, öll áhersla er á kjarnastarfssemina, ráðgjafahlutann. STARF hefur opnað vefsíðu þar sem fyrirtæki geta skráð laus störf á þeirra vegum. Þar er einnig að finna greinargóðar upplýsingar fyrir atvinnuleitendur og atvinnurekendur (www.starfid.is).

Það er von og trú þeirra öflugu samtaka sem standa að rekstri STARFs – vinnumiðlunar og ráðgjafar að tilkoma þess verði atvinnuleitendum til framdráttar og er leitað eftir góðu samstarfi við atvinnuleitendur og atvinnurekendur við framkvæmd verkefnisins.

➜ Ljóst er að það hentar atvinnuleitendum betur að sækja þessa þjónustu til síns stéttarfélags, sem þegar veitir félögum sínum umtalsverða þjónustu á öðrum sviðum.

AF NETINU

Samráð Samfó-style

Þeir sem trúa því enn þá að Samfylkingin meini eitthvað með loforðum sínum, hljóta að gera ráð fyrir því að þegar ríflega 800 íbúar taka sig til og senda inn bréf til að mótmæla „lykilákvörðun“ í skipulagsmálum, þá muni flokkurinn „viðurkenna rétt einstaklinganna til þátttöku við að móta nánasta umhverfi sitt“.

Það er síðan áhugavert innlegg inn í þetta lýðræðislega ferli að hagsmunaaðilinn í málinu sendir bækling inn í hvert hús í morgun, þar sem einhliða áróður er rekinn fyrir því að þetta umdeilda skipulag verði samþykkt.

http://eyjan.pressan.is

Gísli Marteinn Baldursson



LOKSINS ... LOKSINS

Jólaréttirnir er ný bók matreiðslumeistarans Sigga Hall. Bók um helstu jólarétti sem hafa verið á borðum Íslendinga síðustu áratugina.

Hefðbundnir réttir, nýir réttir, uppskriftir og fróðleikur, handa matgæðingum á öllum aldri. Jólahlaðborðið, síldin, reykti laxinn, rjúpan, hangikjötið, hátíðarmaturinn og humarsúpan.

Íslensk matreiðsla í hátíðarbúning eins og hún gerist best. Uppskriftirnar eru allar aðgengilegar „að hætti Sigga Hall“ í hæstu gæðum eins og hátíðarmatreiðslan er í kringum jólin.

Bókin fæst hjá bóksölum og helstu matvöruverslunum um land allt. Pöntunarsími 563 6000

Jólaréttirnir
er matreiðslubók fyrir
mataráhugafólk og nauðsynleg
í öllum eldhúsum
um jólin.

MISMUNANDI FRAMTÍÐARSÝN Hvað ef það væri Hótel Marriott, almenningsgarður eða eitthvað annað fyrir framan Hörpuna?

Samræða um skipulagsmál

SKIPULAGSMÁL

Arna Mathiesen
arkitekt

Næstum öll pólitík verður sýnileg í umhverfinu og mótar líf okkar um síðir. Afar lítið fer þó fyrir gagnrýninni opinberri samræðu um skipulagsmál á Íslandi miðað við aðra málaflokka, t.d. fjármál eða bókmenntir, og endar hún fljótt í skotgrafahernaði. Ástæðu má helsta nefna að engar heilar akademískar stöður eru til handa arkitektum og skipulagsfræðingum og þau sem ættu að hafa kunnáttu og aðstöðu til að stjórna umræðunni hafa sem oftast marga hatta. Þau forðast að koma með faglega gagnrýni sem gæti valdið því að þau missi aðra vinnu sem þau þarfnast til að eiga fyrir salti í grautinn. Gagnrýni þeirra á líka á hættu að verða hlutdræg til að eigin verk unnin fyrir aðra sleppi undan höggi. Auk þess eru þeir fáu einstaklingar sem um ræðir gersamlega yfirhlaðnir störfum í því risastóra „hlutastarfi“ að vera kennarar og skipuleggjendur kennslu í þessum málaflokki sem er svo mikilvægur fyrir allt daglegt líf.

Gagnrýni hlýtur líka oft að vera óþægileg fyrir stjórnmálamenn sem bera ábyrgð á pólitískum ákvörðunum sem endurspeglast í skipulagi bundnu í þung ferli. Þegar gagnrýni er beitt og hittir á veika punkta kann að vera vissast til að hindra pólitískt sjálfsmorð að klappa gagnrýnandanum á kollinn, róa niður stemminguna eða þegja fremur en rökræða kosti og galla, hvað þá að játa á sig mistök. Það getur því verið freistandi fyrir stjórnmálamenn að einskorða sig við notkun fjölmiðlanna (sem þeir virðast hafa miklu greiðari aðgang að en aðrir) sem auglýsingatækis fyrir skipulagsákvarðanir sem þegar er búið að berja í gegn og njörva niður í skipulagsráði, en sem tækis til samræðu áður en ákvarðanir eru teknar.

Slæm hugmynd

Þrátt fyrir þetta væri mjög slæm hugmynd að aflýsa opinberri umræðu um skipulagsmál. Lýðræðið missti þá af mikilvægu tæki sem vinnur á móti óstjórn og hefur einstakan mátt til að skapa umræðu um stjórnmál sem er öðruvísi en venjuleg pólitísk umræða sem ekki tengir hugmyndirnar við mótun umhverfisins. Myndir af framtíðarsýn eru áþreifanlegri og skiljanlegri mörgum en nokkur orð. Þetta verkfæri má nota bæði til að finna og sýna æskilega og góða framtíðarsýn og til að draga upp fyrirsjáanlega slæma sýn sem víti til varnaðar sem engir nema hönnuðir hefðu getað gert sér í hugarlund hvernig liti út í raunveruleikanum, nema af því hún var sýnd á mynd áður en skaðinn var skeður.

Þjálfun til að myndgera svart á hvítu er einstök fyrir hönnunarfögin og því ætti þvert á móti að efla umræðu um manngert umhverfi og reyna að finna lausnir á því hvernig nýta má betur fagstéttir í þessum greinum, t.d. með fleiri fulllum stöðugildum og hæfilegum vettvangi þar sem kjörnir fulltrúar og fagfólk reifar málin fyrir opnum tjöldum og öllum má ljóst vera hvaða hagsmunir liggja undir áður en skipulagsákvarðanir eru teknar.

Leið til betra skipulags

Beinhörð gagnrýni og tilraunir til varnar skipulagshugmyndum sem eru gagnrýndar er leið til að gera skipulag og þar með daglegt líf þeirra sem búa í borginni betra. Í arkitektaskólum og öðrum menntastofnunum þar sem hönnun er kennd er þetta reyndar sjálf kennsluaðferðin. Nemendur kortleggja stöðuna og gera tillögur samkvæmt því sem þeir finna og telja mikilvægt. Þeir gera teikningar sem sýna þessar hugmyndir sem best og færa rök fyrir máli sínu fyrir framan stóran hóp. Síðan er það kennaranna og hinna nemendana að prófa hugmyndirnar með góðum mótrökum: Draga fram og bæta það góða sem er í þeim eða kippa stoðum undan vondum rökstuðningi. Stúdentinn tekur því sem að höndum ber og ver sig eftir kostum.

→ Gagnrýni hlýtur líka oft að vera óþægileg fyrir stjórnmálamenn sem bera ábyrgð á pólitískum ákvörðunum sem endurspeglast í skipulagi bundnu í þung ferli.

Skálað í bróðerni

Sterkar hugmyndir sem svo virtist sem kennararnir reyndu að rakka niður standa sterkari á eftir, en þar sem ekki stendur steinn yfir steini eftir gagnrýni byrjar stúdentinn, klókari eftir umræðurnar, aftur upp á nýtt. Fjölmargir Íslendingar sem lært hafa hönnun eru sérþjálfaðir eftir margra ára nám í að vinna með umhverfið á þennan hátt sem stundum getur á köflum virkað hálf ofbeldisfullur, en hefur þó ekkert með persónur að gera. Ég man fjölmörg dæmi þess að bestu verkefnin sem tókust á við mikilvægustu atriðin hafi fengið mesta mótstöðu, en þau sem lítið að kvað fengu litla eða enga umfjöllun. Eftir hita leiksins var skálað í besta bróðerni, sérstaklega fyrir hugmyndum sem bragð var að og hægt að þrasa vel um og þannig komast lengra í þeirri rannsókn um hvern heim við sannarlega vildum.

Skákkrakkarnir okkar vinna góð verk

SKÁK

Steinþór Baldursson
skákforeldri og áhugamaður um framgang skákíþróttarinnar á Íslandi

Skákhreyfingin í landinu hefur um áratugaskeið verið hluti af þjóðarstolti okkar sem þetta land byggjum. Við höfum fylgst spennt með góðum árangri sem okkar fólk hefur náð bæði nær og fjær. Við montum okkur af því að eiga hvað flesta stórmeistara miðað við höfðatölu og stór hluti þjóðarinnar hefur með einhverjum hætti fengið tækifæri til að kynnast skákinni, hvort sem það er í stofunni heima, á vinnustaðnum eða í skólanum.

Mjög öflugt barna- og unglingastarf er unnið innan skákhreyfingarinnar bæði á vegum taflfélaganna í landinu, sveitarfélaga og á vegum Skáksambandsins. Við foreldrarnir fögnum þessu enda margsannað að skákin hefur mjög góð áhrif á þroska þeirra og getu til að taka erfiðar ákvarðanir.

Góður félagsskapur

Engum dylst að skákin er góður félagsskapur sem hefur mikið forvarnargildi gagnvart mörgu því slæma áreiti sem börn okkar verða sum hver fyrir á unglingsárunum. Árangurinn af þessu góða starfi er að koma fram af miklum krafti. Næsta kynslóð afrekskrakka er að koma upp og framtíðin í íslenskri skák er því björt, sérstaklega ef við sem þjóð berum gæfu til að hlúa vel að efniviðnum okkar.

Skákkrakkarnir okkar eru hins vegar ekki bara í hlutverki barna í þjóðfélaginu heldur hafa þeir á undanförnum árum komið mjög sterkir inn í ýmis samfélagsleg verkefni með öflugu frumkvæði og starfi Skákakademíu Reykjavíkur. Þar má nefna að á síðasta ári söfnuðu skákkrakkarnir næstum tveimur milljónum króna fyrir Rauða krossinn og rann söfnunarféð óskipt til sveltandi barna í Sómalíu.

Skákmaraþon

Nú hafa krakkarnir beint sjónum sínum til Barnaspítala Hringsins og bjóða gestum og gangandi á öllum aldri í skákmaraþon í Kringlunni föstudaginn 30. nóvember og laugardaginn 1. desember næstkomandi. Tilgangurinn er göfugur: Að safna peningum til tækjakaupa fyrir Barnaspítalann. Allir hafa heyrt af nauðsyn þess að bæta tækjakostinn og því ætla krakkarnir okkar að láta verkin tala við skákborðið. Mörg efnilegustu skákbörn og -ungmenni landsins munu taka þátt í maraþoninu. Öllum sem vilja er boðið að spreyta sig gegn börnunum og leggja góðu málefni lið með frjálsum framlögum.

Einkunnarorð FIDE eru „Gens una sumus“ eða „við erum öll ein fjölskylda“ og eiga þau orð sérstaklega vel við hér. Krakkarnir skora því á skákáhugamenn úr öllum áttum og á öllum aldri að koma í Kringluna og taka þátt í skákmaraþoninu og þar með aðstoða þau við að styðja við hið góða starf sem unnið er á Barnaspítala Hringsins.

→ Mjög öflugt barna- og unglingastarf er unnið innan skákhreyfingarinnar bæði á vegum taflfélaganna í landinu, sveitarfélaga og á vegum Skáksambandsins.

Tilboðin gilda **29.**nóv. - **2.** desember

Jólabókin leynist í nettó

STUÐ VORS LANDS
DR. GUNNI
12.237 KR

LEYNDARMÁL HUNDAÞJÁLFUNAR
HEIÐRÚN VILLA
3.528 KR



VÖTN & VEIÐI
2012
2.274 KR

GÍSLI Á UPPSÖLUM
3.466 KR

LJÚFMETI ÚR LÆKNINGAJURTUM
ALBERT OG ANNA RÓSA
2.997 KR

DAGBÓK KIDDA KLAUFA
SUMARHITI
2.753 KR

GÆSAHÚÐ
NO. 18
1.569 KR

FJÁRSJÓÐSKISTAN
2.418 KR

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

TÍMAMÓT

MERKISATBURÐIR

1872 Fyrsti landsliðsleikurinn í fótbolta er háður. Leikurinn var á milli Skotlands og Englands og átti sér stað á Hamilton Crescent í Glasgow.

1874 Sir Winston Churchill fæðist. Hann varð síðar forsætisráðherra Bretlands og skipaði stóran sess í sögu 20. aldar.

1900 Írska skáldið Oscar Wilde andast, 46 ára að aldri.

1937 Bandaríski leikstjórnn Ridley Scott fæðist.

1960 Ungmennafélagið Stjarnan er stofnað í Garðabæ.

1966 Barbados fær sjálfstæði frá Bretlandi.

1982 Plata Michaels Jackson, Thriller, kemur út en hún er mest selda plata allra tíma.

2005 John Sentamu verður fyrstur svartra til að vígjast sem erkibiskup innan Ensku biskupakirkjunnar.

2007 Kárahnjúkavirkjun er gangsett við formlega athöfn.

10 ára afmælí

ANIKA RUT ELFAR

Afmælískveðja
Til hamingju með daginn –
Ástarkveðja frá pabba og okkur öllum
– þú ert frábær

ÓMETANLEGT SAMFÉLAG Spurð hvað hvetji hana til að gefa vinnu sína í basarinn á hverju ári segir Helga samfélagið við hinar konurnar í hópnum vera ómetanlegt. Þar fyrir utan sé yndislegt að geta látið gott af sér leiða í félagi sem hafi veitt henni svo mikla blessun í gegnum árin.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bakar yfir 3.000 loftkökur

Helga Friðriksdóttir hefur verið í undirbúningshóp fyrir basar KFUK í 50 ár. Hún segir fátt hafa breyst á þeim tíma og að kökurnar séu vinsælasti varningurinn ár hvert. Það sé alveg sama hversu mikið sé bakað, alltaf seljast þær upp. Handavinnan er þó vinsæl líka.

„Ég man þegar ég afgreiddi á mínum fyrsta basar að mér þótti svo merkilegt hvernig allir flykktust beint að kökuborðinu. Svo var farið í handavinnuna. Það virðist vera sama hversu mikið matarkyns er í boði á hverju ári, alltaf selst það upp," segir Helga Friðriksdóttir, sem hefur verið í undirbúningsnefnd fyrir basar KFUK í 50 ár. Hún tekur þátt í sínum 51. basar fyrir félagið á morgun að Holtavegi 28.

Helga var átján ára þegar hún tók þátt í sínum fyrsta basar og segist hafa verið vel undir meðalaldri þá. „Það er ein sem var í hópnum þá og er enn að í dag, orðin 91 árs gömul, og hún er enn þá að sauma. Annars hefur hópurinn endurnýjast smám saman í gegnum árin," segir Helga. Tólf konur skipa undirbúningshópinn núna og hittast þær vikulega frá því snemma hausts á hverju ári til að vinna við undirbúninginn. „Ég er alltaf með svo áhugasamar konur í kringum mig og þær eru frábær hvatning. Ég er oft tilbúin með verkefni sem ég deili út og svo koma þær líka með eigin hugmyndir. Það er alveg frábært hvað þær eru hugmyndaríkar. Ein úr hópnum ætlar til að mynda að búa til kjúklingalifrarpaté fyrir basarinn í ár. Við fengum að smakka það á síðasta fundi og það var alveg ótrúlega gott," segir hún. Þar fyrir utan kemur fjöldi fólks með varning sem það hefur búið til og vill gefa á basarinn.

Spurð hvað hafi hvatt hana til að gefa vinnu sína í basarinn öll þessi ár segir hún samfélagið við konurnar í hópnum vera ómetanlegt. „Svo er yndislegt að geta látið gott af sér leiða í félagi sem maður hefur sjálfur notið svo mikillar blessunar af," segir hún.

Að mati Helgu hefur ekki mikið breyst við basarinn á þessum 50 árum þó að hlutirnir sem þær föndri og búi til breytist að sjálfsögðu ár frá ári. „Í kjarnann er þetta alltaf eins; kökurnar eru til dæmis alltaf vinsælastar," segir hún. „Síðustu þrjátíu árin höfum við hjónin tekið að okkur að baka loftkökur. Það eru kökur sem mörgum finnst góðar en fáir nenna að baka og það er alveg sama hvað við gerum margar uppskriftir, allar rjúka þær út," segir hún. Þetta árið bökuðu þau meira en nokkru sinni fyrr, um 3.000 kökur. Hún segir þau vera komin með hálfgerðan áskrifendahóp sem mæti árlega til að kaupa kökurnar. „Það er fyndið að fyrir hver jól er bakað langmest af loftkökum á þessu heimili en samt er enginn hér sem vill borða þær," segir Helga og hlær.

Hún segir síðustu vikuna fyrir basarinn alltaf vera mjög annasama. „Langmest af kökunum er gert í þeirri viku því við viljum auðvitað ekki selja gamlar kökur," segir hún og hlær. „Þetta er mikil vinna og þó að basarinn sé auðvitað misfallegur á milli ára erum við yfirleitt mjög ánægðar með hvernig hann lukkast. Oftar en ekki er algjör unaður að horfa yfir hann," segir Helga að lokum.

tinnaros@frettabladid.is

Dansverk byggt á ævafornum ljóðum

Anna Richards og Ernesto Camilo Aldazabal Valdes dansa nýstárlegan dans sem byggir á fornum ljóðum frá Mesópótamíu í Rýminu á Akureyri í kvöld og annað kvöld.

Dansverkið Inanna og Ereskigal verður frumflutt í Rýminu á Akureyri af fjöllistakonunni Önnu Richards og dansaranum Ernesto Camilo Aldazabal Valdes í kvöld og leikurinn síðan endurtekinn annað kvöld.

Verkið er byggt á fjögur- til fimmþúsund ára gömlum ljóðum frá Mesópótamíu hinni fornu. Í ljóðunum fer gyðjan Inanna í undirheimaferð til að hitta bróður sinn í undirheimum. Inanna er sjálf gyðja jarðarinnar og frjóseminnar. Til að ná fram réttu stemningunni hefur Anna gert kjól úr hráu kjöti sem hún dansar í og viðurkennir að það sé ekki alveg það auðveldasta sem hún hefur gert. „Ég dansaði í honum á æfingu í gærkvöldi, en ég verð að gera nýjan fyrir fyrir frumsýninguna. Þú getur ekki ímyndað þér lyktina af honum," segir hún.

Anna og Camilo vinna verkið á mjög persónulegu plani í bland við upprunalegu söguna. Verkið er samið af þeim tveimur, en er hluti af stærra verki sem er enn í vinnslu. Eftir sýningarnar verða umræður um verkið.

Verkið hlaut styrk hjá Menningarráði Eyþings og er sýningin unnin í samstarfi við Leikfélag Akureyrar. Sýningar hefjast klukkan 20.30 bæði kvöldin.

KJÖTKJÓLL Kjóllinn sem Anna dansar í er gerður úr hráu kjöti. „Þú getur ekki ímyndað þér lyktina," segir hún.

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarþel við andlát ástkærs föður okkar, afa, langafa og langalangafa,

EINARS PÉTURSSONAR
húsasmíðameistara,
áður til heimilis að Árskógum 8, Reykjavík.

Pétur Einarsson
Sigríður Björg Einarsdóttir
Þórhalli Einarsson
Svanfríður Ingvadóttir
Skúli Jónsson
Guðný Tómasdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SESSELJA ÓSKARSDÓTTIR
Höfða, Akranesi,
áður til heimilis að Suðurgötu 50,

lést á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, 25. nóvember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 4. desember kl. 14.
Blóm og kransar vinsamlega afþökkað. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Ruth Alfreðsdóttir
Bryndís Alfreðsdóttir
Karl Óskar Alfreðsson
Helga Klara Alfreðsdóttir
Guðrún Birgitta Alfreðsdóttir
og ömmubörn.
Kristinn Sigurðsson
Ingimundur Ingimundarson
Halldóra Elsa Þórisdóttir
Einar Daviðsson
Karl Sigurjónsson

---

†

Bróðir okkar og frændi,

BJÖRN BREIÐFJÖRÐ FINNBOGASON
bifreiðastjóri,
Þvergötu 4, Ísafirði,

lést á Sjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 23. nóvember. Jarðsett verður frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 1. desember kl. 14.00.

Kristján Finnbogason
Arndís Finnbogadóttir
Árni Þór Einarsson og fjölskylda
aðrir aðstandendur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



NJÁLUKAFFI OG VÖFFLUR

Bjarni Eiríkur Sigurðsson býður upp á Njálukaffi og vöfflur í Sögusetrinu á Hvolsvelli á sunnudag kl. 15 og les upp úr nýrri bók sinni, Njála – persónur og leikendur. Staðarhaldari í Sögusetrinu kynnir bókina. Ókeypis aðgangur.

YFIR 25 GERÐIR AF KAFFI

JÓLATILBOÐ
2 pakkar af kaffi fylgja sjálfvirkum Dolce Gusto vélum.

DeLonghi · Nescafé Dolce Gusto · GREAT COFFEE YOUR WAY

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur tvo kjúklingarétti þar sem notuð er hin svokallaða Úllalasósa sem Úlfar hefur kokkað upp. Annars vegar eru það kjúklingalundir með steiktu grænmeti og hins vegar kjúklingaleggir marineraðir í Úllalasósu, bornir fram með kartöflubátum og salati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu rétti í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is. Næstu föstudaga heimsækir Úlfar fleiri matreiðslumeistara.

LUNDIR OG LEGGIR MEÐ ÚLLALASÓSU

■ ÚLLALASÓSA
5 cm bútur engiferrót, skræld
1/2-1 chili-aldin, fræhreinsað
3-4 hvítlauksgeirar
1 tsk. kóríanderfræ, má sleppa
1 tsk. rósapipar, má sleppa
1 tsk. milt karrí
1 tsk. paprikuduft
2 msk. hunang
2 msk. balsamedik
3 msk. ostrusósa
2 msk. tómatsósa
2 msk. sætt sinnep
3 msk. sérrí, má sleppa
2-3 dl olía

Setjið allt nema olíuna í matvinnsluvél og maukið vel. Hellið þá olíunni saman við í mjórri bunu og látið vélina ganga á meðan.

■ KJÚKLINGALEGGIR ÚLLALA
12 kjúklingaleggir
2 + 2 dl Úllalasósa

Skerið 4-6 skurði þvert á leggina með beittum hníf. Veltið þeim svo upp úr 2 dl af Úllalasósu og geymið í kæli í 2-24 klst. Setjið því næst leggina á bökunarpappír í ofnskúffu og bakið í 20 mín í ofni við 185-190°C. Berið fram til dæmis með bökuðum kartöflubátum, grænmeti og afganginum af Úllalasósunni.

■ KJÚKLINGALUNDIR ÚLLALA MEÐ KÍNAKÁLI
2 msk. olía
600 g kjúklingalundir eða annað kjúklingakjöt í bitum
Salt og nýmalaður pipar
200 g blandað grænmeti eftir smekk, skorið í hæfilega bita
150 g hvíti parturinn af kínakáli skorinn í strimla, má nota spínat
2-3 dl Úllalasósa

Hitið olíu á stórri pönnu og steikið lundirnar við mikinn hita í 2-3 mín. Bætið þá grænmetinu á pönnuna og steikið í 3-4 mín. til viðbótar. Kryddið með salti og pipar. Þá er kínakálinu og Úllalasósunni bætt á pönnuna. Blandið öllu vel saman og látið krauma í 1 mín. Gott að bera fram með pasta, núðlum eða hrísgrjónum.

tilboð fyrir 2 og fleiri

tilboð 2

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu

3780 krónur fyrir tvo
1890 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

og kroppurinn blómstrar

NINGS

www.nings.is
Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899

DÖÐLUGOTT FRÁ BAKARADRENGNUM

ENGINN PIPAR *Bakaradrengurinn úr Dýrunum í Hálsaskógi er flestum kunnur fyrir piparkökubakstur. Hér deilir hann með okkur uppskrift að döðlugotti. Svona upp á öryggið tók hann ákvörðun um að sleppa öllum pipar.*

Bakaradrengnum úr Dýrunum í Hálsaskógi er fleira til lista lagt en að syngja piparkökusönginn. Þótt hann hafi klúðrað piparkökunum með kílói af pipar þá lumar hann hér á einni góðri að döðlugotti. „Uppskriftina fékk ég hjá einum af mínum bestu vinum, leikaranum Snorra Engilbertssyni. Í þessari uppskrift er enginn pipar, best er að hafa bara allan pipar inni í skáp eða úti í garði þegar döðlugottið er gert. Ég er líka að vinna í að búa til döðlugottssönginn. En um helgina verð ég að baka piparkökur í Þjóðleikhúsinu. Vonandi fer ég að ná þessu með piparinn,“ segir bakaradrengurinn glaður í bragði.

AÐEINS EKKERT KÍLÓ PIPAR Döðlugottið er einstaklega gott og inniheldur engan pipar. „Best er að hafa bara allan pipar inni í skáp eða úti í garði þegar döðlugottið er gert.“ MYND/VILHELM

DÖÐLUGOTT BAKARADRENGSINS

360 g döðlur
120 g púðursykur
240 g smjör
3 bollar Rice Crispies
200 g suðusúkkulaði

Döðlurnar er skornar smátt og settar í pott ásamt púðursykrinum og smjörinu og brætt við lágan hita þar til allt verður að mauki. Bætið þá Rice Crispies út í og setjið svo í form. Því næst er súkkulaðið brætt og hellt yfir það sem er í forminu og sett í frysti. Gott er að taka döðlugottið út 2-3 tímum áður en það er borið fram. Verði ykkur að góðu.

SÖNGFJELAGIÐ Í JÓLASKAPI

Söngfjelagið verður með aðventutónleika í Langholtskirkju á morgun kl. 17 og 20. Einsöngvarar á tónleikunum verða þau Björg Þórhallsdóttir sópran og Einar Clausen tenór. Á efnisskránni eru þekkt og klassísk jólalög í bland við nýrri tónlist frá ýmsum löndum. Frumflutt verður nýtt jólalag eftir Þóru Marteinsdóttur, en hún tengist Söngfjelaginu sterkum böndum þar sem margir Söngfjelagar ólust upp í Dómkórnum hjá föður hennar, Marteini Hunger Friðrikssyni. Lagið skrifaði Þóra fyrir Söngfjelagið, við ljóðið Stjörnunótt eftir Þorstein Valdimarsson.

Hjörleifur Valsson fiðluleikari kemur sérstaklega til landsins frá Noregi til að spila á tónleikunum og leiða strengjasveit. Söngfjelagið var stofnað haustið 2011 og kom það til af áhuga hóps söngfólks á að flytja vandaða kórtónlist undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar. Hann er á meðal reyndustu kórstjóra landsins og hefur m.a. hlotið athygli og viðurkenningu á alþjóðavettvangi með Kammerkór Suðurlands. Í Söngfjelaginu eru nú um 60 manns, allt ýmist kórvant eða tónlistarmenntað fólk.

ÆFT Á FULLU Söngfjelagið á æfingu fyrir aðventutónleikana. MYND/STEFAN

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

JÓLAANNIR Í GAMLA BÆNUM LAUFÁSI

Aðventudagur verður í Gamla bænum Laufási á sunnudaginn kl. 13.30-16 þar sem gestum gefst tækifæri til að fylgjast með undirbúningi jóla eins og hann tíðkaðist í gamla daga.

Margir Eyfirðingar koma á hverju ári til að fylgjast með og er þetta orðinn fastur liður hjá þeim í upphafi aðventu.

Undirbúningur jólanna hefst með jólastund fyrir alla fjölskylduna í Laufáskirkju kl. 13.30 í umsjón sr. Bolla Pétur Bollasonar. Barnakórar syngja jólalög undir stjórn Sigríðar Huldu Arnardóttur og Sigrúnar Mögnu Þórsteinsdóttur. Eva Margrét og Þóra Björk leika ljúfa tóna á harmonikku og fiðlu.

Það logar kátt á hlóðum og kraumar vel í feitinni á meðan laufabrauðið er skorið og steikt. Stórir og smáir keppast við að vinna sína vinnu, tólgarkerti verða steypt, börn á öllum aldri geta gert jólaskraut eins og tíðkaðist áður fyrr og gripið verður í spil. Ilmur af nýreyktu hangikjöti læðist um híbýlin, jólasaga verður sögð í baðstofunni og kvæðasöngur með jólalegum blæ mun óma um alla sveit.



JÓLA-MARKAÐUR Í HÖRPU

Vörur frá þrjátíu af ferskustu hönnuðum og vörumerkjum Íslands verða til sölu á jólamarkaði sem Popup-verslun heldur í Hörpu helgina 1.-2. desember. Jólamarkaðurinn er haldinn í samvinnu við verslunina Epal og stendur yfir frá kl. 12-18 báða dagana. Þetta er í fjórða sinn um slíkur jólamarkaður er haldinn en auk þess hefur Popup-verslunin verið sett upp af og til á undanförnum árum í tengslum við ýmsa viðburði.

Hönnuðirnir og fyrirtækin munu bjóða vörur sínar milliliðalaust til viðskiptavina og er samsetning þeirra vara sem boðið er upp á afar fjölbreytt. Vilji fólk gefa fallega íslenska hönnun í jólagjöf má finna á jólamarkaðinum tískuvöru, skartgripi, postulín, bækur, púða og jólapappír. Markaðurinn er einnig kjörið tækifæri til að kynnast mörgu því nýjasta í íslenskri hönnun. Meðal hönnuða og vörumerkja sem verða í Hörpu um helgina má nefna Helicopter, Shadow Creatures, Besla, Eygló, Hildi Yeoman, Bolabít og Epal.



RISA
ÍÞRÓTTAMARKAÐUR

Föstudag frá 17.00 – 21.00, Laugardag og Sunnudag frá 10.00 – 18.00 verður stóri íþrótta- og útivistarmarkaðurinn haldinn á ný í Laugardalshöll. Markaðurinn verður í gangi þessa einu helgi og eftir miklu að slægjast.

Fullt af merkjavöru á frábæru verði s.s. skór og fatnaður frá Asics, Ecco, Hummel, Reebok, Cassall, Under Armour, Brooks, North Rock o.fl.

Starfsmenn Atlas göngugreiningar verða á staðnum með skógreiningu og geta þannig valið skó sem henta þínu fótlagi og niðurstigi.

Komdu og gerðu frábær kaup á alla fjölskylduna.

FEÐGIN Ian Wilmut, annar „feðra“ Dollýar, ásamt „dóttur sinni“. MYND/AFP

FRÆGASTA KIND HEIMSSÖGUNNAR

Kindin Dollý er líklega frægasta kind sögunnar. Hún er fyrsta einræktaða kind veraldar, en tilurð hennar var mikið gagnrýnd sínum tíma. Dollý kom í heiminn í júlí árið 1996 en komst ekki í fréttir fyrr en í febrúar 1997. Hún drapst í febrúar 2003, rúmlega sex ára gömul, en kindur ná yfirleitt ellefu til tólf ára aldri. Fruman sem Dollý var klónuð úr var tekin úr júgri sex ára finnskrar Dorset-kindar. Einræktunin var framkvæmd af vísindamönnunum Ian Wilmut, Keith Campbell og samstarfsfélögum þeirra hjá Roslin Institute. Auk þeirra kom líftæknifyrirtækið PPL Therapeutics að sköpuninni, sem átti sér stað nálægt Edinborg í Skotlandi. Dollý var því hálfskosk og hálffinnsk. Gera þurfti 277 tilraunir áður en klónunin tókst að lokum. Upphaflega hét kindin Dollý því óþjála nafni 6LL3. Henni var þó að lokum gefið nafnið Dollý í höfuðið á kántrísöngkonunni barmstóru Dolly Parton. Dollý eignaðist sex lömb með hrútnum David sem ættaður er frá Wales. Fyrsta lambið hét Bonnie og fæddist árið 1998. Ári síðar eignaðist Dolly tvö lömb, Sally og Rosie, og ári síðar fæddi hún þrjú lömb sem fengu nöfnin Lucy, Darcy og Cotton. Engum sögum fer af því hvort lömbunum hafi verið slátrað til manneldis. Banamein Dollýar var mæðiveiki. Hún var seinna stoppuð upp og er til sýnis á Konunglega safninu í Edinborg í Skotlandi.

Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistök frjáls. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.

tl.is TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

VÖXTUR HJÁ VARMA

VARMA KYNNIR *Vörumerkið VARMA – the warmth of Iceland er framleitt af Glófa ehf., einum stærsta ullarvöruframleiðanda á Íslandi. Megináhersla fyrirtækisins er á íslenskt hráefni, hönnun og framleiðslu.*

Glófi ehf. er alíslenskt fyrirtæki sem framleiðir hágæða ullarvöru undir vörumerkinu VARMA. Þar starfa um 50 manns á þremur stöðum; Akureyri, Hvolsvelli og í Kópavogi. „Markmið fyrirtækisins er að bjóða upp á vandaðar íslenskar vörur með megináherslu á íslenskt hráefni, hönnun og framleiðslu,“ segir Birgitta Ásgrímsdóttir, sölu- og markaðsstjóri VARMA.

Mikið er lagt upp úr vöruþróun og nýjungum í VARMA-línunni. „Fyrir þremur árum settum við á markað nýja fatalínu undir heitinu Blik. Fötin voru hönnuð af Laufeyju Jónsdóttur fatahönnuði undir áhrifum gamallar þjóðsögu úr Breiðafirði. Við höfum það að leiðarljósi að halda línunni klassískri og fallegri, enda hafa sumar vörurnar verið í framleiðslu í um tuttugu ár.“

Fyrr á þessu ári var sett á markað ný mokkalína, unnin af Sigríði Heimisdóttur iðnhönnuði. „Áherslan var lögð á að hráefnið fengi að njóta sín sem best í vörunni. Mokkaskinnið hefur undanfarið verið mjög vanmetið og vannýtt hráefni, og að stórum hluta flutt úr landi óunnið. Mokkadeild fyrirtækisins byggir á gamalli arfleifð frá því að mokkaiðnaðurinn var sem stærstur. Þekking og verklag hafa haldist í fyrirtækinu, sem kom sér mjög vel við þróun línunnar. Línan samanstendur af mokkalúffum, húfum, krögum og veski ásamt fylgihlutum.“

Vöxtur er í fyrirtækinu, sem hefur jafnt og þétt verið að leita á ný mið. „Töluvert meira hefur verið flutt út til Skandinavíu. Einnig seljum við vörur til Þýskalands, Austurríkis, Bretlands og nú síðast fór ágæt pöntun af alíslenskum ullarsokkum til Ecco í Kanada. Áhugi erlendra og innlendra neytenda vex stöðugt ár frá ári, enda um fallega og vandaða vöru að ræða.“

Nánari upplýsingar um vörulínuna VARMA er að finna á heimasíðunni www.varma.is.

STÖÐUG ÞRÓUN Mikið er lagt upp úr vöruþróun og nýjungum í VARMA-línunni. Vörurnar eru þó klassískar og tolla í tísku árum saman. MYND/GVA

TILRAUNIR VOLKA

ÍSLENSK ULL *Hönnunartvíeykið Olga Hrafnsdóttir og Elísabet Jónsdóttir er í læri hjá þýskum prjónameistara en þær tóku framleiðsluna í eigin hendur og fluttu inn stóreflis prjónavél. Þær hanna meðal annars prjónavörur úr ull.*

Við erum með glænýja trefla beint úr græjunni og erum að gera tilraunir með gólfmottur. Það kemur nýtt teppi frá okkur fyrir jólin og púðar líka,“ segir Olga Hrafnsdóttir, sem ásamt Elísabetu Jónsdóttur hannar meðal annars ullarvörur undir merkinu Volki.

Undanfarnar vikur hafa þær Olga og Elísabet lært á prjónahönnunarforrit undir handleiðslu kennara frá Þýskalandi, en þær tóku ullarframleiðsluna í eigin hendur og fluttu sjálfar inn stóreflis prjónavél fyrr á árinu.

„Það kann engin á forritið hér á landi. Hann hefur verið að setja okkur inn í þetta og ræsir okkur klukkan 8 á morgnana. Þetta er frekar flókið en æfingin skapar meistarann,“ segir Olga hlæjandi, en meðal tilrauna þeirra á vélina eru þrjú mismunandi prjón í einu og sama stykkinu.

Þær stöllur hafa í nógu að snúast, en Volki er hluti af Netagerðinni, hönnunarverslun og vinnustofu nokkurra íslenskra hönnuða á Nýlendugötu 14, sem fagnar eins árs afmæli um þessar mundir. Þá eru þær einnig að undirbúa þátttöku Volka á Stockholm Design Fair sem fram fer í febrúar.

Nánar má forvitnast um hönnun Volka á www.volki.is og á Facebook.

■ heida@365.is

OLGA HRAFNSDÓTTIR OG ELÍSABET JÓNSDÓTTIR vöruhönnuðir hanna litríkar prjónavörur úr íslenskri ull undir merkinu Volki. MYND/GVA

GÓLFMOTTA Úr ull frá Volka. MYND/GVA

30. NÓVEMBER 2012

Lífið

DÁSAMLEGIR JÓLAKJÓLAR

TAUMLAUS TULIPOP-GLEÐI

DÍSÆTAR SMÁKÖKUR

ELSKAR AÐ VERA MAMMA

MARÍA SIGRÚN HILMARSDÓTTIR UM MÓÐURHLUTVERKIÐ, FRÉTTASTARFIÐ, KÖKUBAKSTUR OG GLEÐILEG JÓLIN.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

HVERJIR VORU HVAR?

Fjöldi þjóðþekktra Íslendinga mætti í Borgarleikhúsið á fimmtudaginn var á frumsýningu Íslenska dansflokksins á fjórum dansverkum sem bera yfirskriftina



„Á nýju sviði“. Þar mátti sjá leikkonuna Sigrúnu Eddu Björnsdóttur, leikarann Gunnar Hansson og dóttur hans Snæfríði Sól Gunnarsdóttur,

danshöfundana **Láru Stefánsdóttur** og **Katrínu Hall** og Svandísi Dóru Einarsdóttur búningahönnuð. Sama kvöld voru útvarpsmennirnir Simmi og Jói, Marta María Jónasdóttir rit-



stjóri og **Eva Dögg Sigurgeirsdóttir** athafnakona á Slippbarnum á Marina hótelinu í þessu líka rosa stuði.

Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Björg Vigfúsdóttir
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Förðun Maríu Sigrúnar: Berglind Magnúsdóttir.

Helga Árnadóttir, sem er annar stofnenda og framkvæmdastjóri Tulipop, ásamt vinkonu.

Appelsín og lakkrísrör áttu vel við í þessu dásamlega útgáfuhófi.

TAUMLAUS GLEÐI

Fyrstu Tulipop-bókinni, sem er sköpunarverk Signýjar Kolbeinsdóttur og Helgu Árnadóttur, var fagnað í vikunni með blöðrum, appelsíni og lakkrísrörum í Atmó á Laugavegi.

Friðrik, Álfrún og barnið þeirra.

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR

Signý, Margrét og dóttir hennar.

Signý í miðið ásamt Möggu Stínu. Myndir/Sigurjón Ragnar

› Sjá nánar á visir.is/lifid

MIHO

Gjöf sem hittir í mark!
Flott og öðruvísi veggskraut úr við.

SPENNANDI
EIKJUVOGUR 29 - 104 RVK. - S:694-7911
OPIÐ: MÁN.-FIM.: KL. 12-18 - FÖS.: KL. 12-16.

PELSINN FLYTUR

Pelsinn flutti í nýtt húsnæði á Tryggvagötu 18 á dögunum. Glæsilegir gestir fögnuðu í „Svörtu perlunni” eins og húsnæðið er kallað.

Ester eigandi með fallegan vönd ásamt góðum vinkonum.

Fjárfestirinn Klaas og sonur hans létu sig ekki vanta.

Gunnar Björn Gunnarsson, Kolbrún Bergþórsdóttir og Ester eigandi.

MYND/MATTHÍAS ÆGISSON.

Allir
fá þá
eitthvað
fallegt...

epal

1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is **www.epal.is**

NÝTTU GAMLA DÓTIÐ Í NÝJA KRANSINN

Sigríður Jónsdóttir eða Systa rekur heildverslun sem selur fallega muni til heimilisins. Systa er mikið jólabarn og hefur gaman af einföldum og fallegum hlutum. Hjá henni tekur öll fjölskyldan þátt í að skreyta saman. Systa segir ekki alltaf nauðsynlegt að kaupa allt nýtt; oft leynist meira en mann gruni í jólakössunum og hressa megi upp á gamalt eða bæta við könglum og öðru úr náttúrunni. Systa sýnir hér einfaldan og fljótlegan krans.

1. Það sem til þarf er aðventubakki, 4 stk. handmálaðar viðarkúlur, 4 stk. aðventupinnar og 4 stk. kerti sem kemur allt frá Affari. 2 stk. könglar, mosi, snjór og stjörnuanís.
2. Mosa, könglum og jólakúlum komið fyrir. Aðventupinnum komið fyrir í kertum.
3. Öllu raðað saman og ég fann til gamlan rússneskan jólakall sem passaði með.
4. Dreifði snjó og stjörnuanís yfir. Einfalt og fallegt. Lítill tilkostnaður.

Tilboðshelgi

OPNURNAR TÍMI: | Föstudagur 30. nóvember 10:00- 20:00 | Laugardagur 1. desember 11:00-18:00 | Sunnudagur 2. desember 13:00-17:00

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | Sími 551 6646

ÞÓRUNN HEIMSÓTT

Söng- og leikkonan Þórunn Lárusdóttir flutti ásamt manni og tveimur börnum úr stóru húsi í Vesturbæ Reykjavíkur í 80 fm hæð í Vogahverfinu og hefur aldrei liðið betur. Í Heimsókn annað kvöld bankar Sindri Sindrason upp á hjá Þórunni, en þátturinn er í opinni dagskrá strax að loknum fréttum á Stöð 2.

FALLEGT UM JÓLIN

HAAG

189.900
295 cm

199.900
330 cm

3 FYRIR 2 AF JÓLUM

-40%

3 FYRIR 2

Arna Friða

the PIER

PURE SNYRTIVÖRUR

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Vinnutíminn er kannski ekki sá fjölskylduvænsti en ég vona að þetta smelli einhvern veginn saman.

Förðun: Berglind Magnúsdóttir
Forsíðumynd: Björg Vigfúsdóttir

BÝR TIL SÍNAR EIGIN JÓLAHEFÐIR

Fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir varð mamma í apríl á þessu ári þegar hún eignaðist dreng. María tók á móti Lífinu á fallega heimilinu sínu og ræddi um jólin fram undan, móðurhlutverkið, fréttastarfið og eina af ástríðum hennar sem er kökubakstur, en hún bakaði sjálf brúðkaupstertuna sína.

MARÍA SIGRÚN HILMARSDÓTTIR
Aldur: 33 ára
Starf: Fréttamaður á fréttastofu RÚV
Maki: Pétur Árni Jónsson
Börn: Hilmar Árni Pétursson, 7 mánaða

Hvernig ertu búin að hafa það og hvernig er þér búið að líða í nýja hlutverkinu – mömmuhlutverkinu? Mér hefur aldrei liðið betur. Þetta er besta og skemmtilegasta hlutverk sem ég hef fengið. Ég elska að vera mamma. Þetta er gjörbreyting á lífinu en svo ánægjuleg. Mér finnst yndislegt að vera heima í fæðingarorlofi. Stundum lít ég ekki á klukkuna heilu dagana... og ekki í spegilinn heldur. Við gerum hlutina á okkar tíma. Þetta er gjörólíkt annasömu starfi fréttamannsins, sem er með mörg „deadline“ á dag. Ég er gömul sál og mér finnst svo gott að hafa það hugguleg heima með litla snáðanum okkar, elda, baka, þvo þvott og dytta að heimilinu og hlusta á rólega tónlist. Ég myndi una mér vel sem heimavinnandi húsmóðir. Mér leiðist aldrei og furða mig á því hvað tíminn líður hratt. Ég er eins og ungamamma í hreiðri og elska dagana þar sem ekkert er á dagskrá.

Er þessi tími búinn að vera eitthvað eins og þú áttir von á eða er búið að vera mikið um óvæntar /erfiðar/ánægjulegar upplifanir? Við erum svo heppin að Hilmar Árni hefur verið góður og hraustur frá því hann fæddist. Ég þakka fyrir það kvölds og morgna. Ég var búin að búa mig undir andvökunætur og hin og þessi vandamál sem geta komið upp hjá ungbörnum. En þetta hefur allt saman verið auðveldara og ánægjulegra en ég þorði nokkurn tímann að vona. En auðvitað er þetta meira vesen og það tekur lengri tíma að koma sér úr húsi og þess háttar og maður stillir dagskrána eftir daglúrum barnsins. Ég gef brjóst 6 sinnum á dag og skipti um bleiu sirka 7 sinnum á dag. Það eru ríflega 200 dagar síðan Hilmar Árni fæddist og það gera um 1.400 bleiuskipti og 1.200 brjóstagjafir! En mér leiðist þetta ekki hót. Brjóstagjöfin kom mér mjög ánægjulega á óvart. Það er ekki hægt að koma orðum að því hvað það er yndislegt að gefa barninu sínu brjóst. Hjartað manns stækkar svo mikið við að verða foreldri og stundum er það alveg að springa úr ást.

Tekur ársfrí frá vinnu

Ertu farin að undirbúa það að fara aftur til vinnu? Ég ákvað að taka fæðingarorlof í heilt ár svo að ég fer ekki að vinna fyrr en í vor. Ég hugsa oft til vinnunnar og hlakka til að mæta aftur til leiks en þangað til ætla ég bara að njóta þess að vera heima með syni okkar. Þessi tími kemur aldrei aftur. Ég fylgist vel með fréttum frá degi til dags því ég vil ekki vera úti á túni þegar ég mæti aftur til vinnu. Í því felst kannski undirbúningurinn. Ég vona bara að brjóstaþokan verði farin í tæka tíð, annars er illt í efni.

Nú er starf fréttakonunnar unnið á álagstímum – hvernig verður það fyrir ungamömmuna? Það verður ný upplifun. Vinnutíminn er kannski ekki sá fjölskylduvænsti en ég vona að þetta smelli einhvern veginn saman. Við eigum gott stuðningsnet og munum finna lausnir á málunum. Á móti löngum og ströngum vöktum eru frí sem maður verður að njóta. Ég verð bara að leita ráða hjá samstarfsmönnum mínum sem eiga flestir börn og sumir mörg og það virðist ganga nokkuð vandræðalaust.

Áhugasöm um fólk og þjóðfélagsmál

Hvernig gerðist það að þú fórst í fréttirnar? Var þetta alltaf á markmiðalistanum? Ég hef aldrei haft neinn markmiðalista. Ég finn bara jafnóðum með sjálfri mér hvert ég vil fara í lífinu og hvaða dyr ég vil opna. Ég lauk BA-gráðu í hagfræði og ákvað að skrá mig í mastersnám í fréttamennsku í beinu framhaldi. Ég

FRAMHALD Á SÍÐU 8

SÆNGUR&RÚMFÖT

FÖSTUDAGUR **30. NÓVEMBER 2012** | **Kynningarblað** Dúnsængur, svefn, íslensk hönnun og íslensk framleiðsla.

Sérhannað fyrir íslenskan markað

Lín Design býður upp á breiða vörulínu fyrir alla aldurshópa. Rúmfatalínan sækir hugmyndir í íslenska náttúru og dúnsængur verslunarinnar eru einstakar í sinni röð. Allar vörur sem Lín Design lætur framleiða eru eftir íslenska hönnuði.

„Við höfum haft því láni að fagna hjá Lín Design að viðskiptavinir okkar kunna að meta vörulínu okkar sem er sérhönnuð fyrir íslenskan markað. Rúmfatalína okkar sækir hugmyndir í íslenska náttúru og menningu. Bómullin sem við látum framleiða fyrir okkur er unnin úr Pima-bómull sem býr yfir einstakri mýkt og gæðum," segir Helga María Bragadóttir, eigandi Lín Design. Nú hefur verslunin bætt nýjum aldurshópi í vörulínu sína, sem er aldurshópurinn sjö til þrettán ára, eða svokallaður „between" aldur. „Þessi aldurshópur hefur skapað sér sinn eigin stíl þar sem þau telja sig aldeilis ekki smábörn lengur en tilheyra þó ekki enn þá unglingsaldrinum. Það er alveg ótrúlegt hvað þessi aldurshópur hefur þegar mótað sér skoðanir og finnst mér það mjög skemmtilegt innlegg í flóruna. Við hugsum einnig um unglingana sem eru frá þrettán ára aldri og eldri. Þetta eru ákveðnir markhópar sem vita hvað þeir vilja." Vefverslun Lín Design er sístækkandi hluti af þjónustu verslunarinnar sem á sinn þátt í því að verslunin getur boðið upp á fríar heimsendingar út á land.

„Viðskiptavinir okkar kunna að meta vörulínu okkar sem er sérhönnuð fyrir íslenskan markað," segir Helga María Bragadóttir, eigandi Lín Design. MYND/VILHELM

Lín Design selur gott úrval sængurvera fyrir börn og unglinga. MYND/ÚR EINKASAFNI

Dúnsængurnar innihalda 100% dún. MYND/ÚR EINKASAFNI

Falleg sængurver fyrir yngstu börnin. MYND/ÚR EINKASAFNI

Einstakar dúnsængur

Til að sinna enn frekar þörfum viðskipavina sinna framleiðir Lín Design þemu sem byggja á fylgihlutum. Helga María nefnir meðal annars gluggatjöld, rúmteppi, púða, náttborðsdúka, ramma og fleiri vörur sem fylgja ákveðinni rúmfatalínu. „Þetta á við alla aldurshópa viðskiptavina okkar sem í dag eru orðnir fimm talsins."

Helga María segir verslunina vera afar stolta af hvítu andardúnsængunum sínum sem séu einstakar að því leyti að þær eru úr 100% dún og innihalda ekki eitt einasta fiður. „Söluaukningin í þeim er með ólíkindum en nú er komin átta ára reynsla af þeim. Viðskiptavinir okkar eru löngu farnir að tala af eigin reynslu um gæði þeirra sem berst á manna milli og er alltaf besta auglýsingin. Þær eru einungis hreinsaðar í hita og engin kemísk efni eru notuð. Þar af leiðandi eru þær ekki ertandi eða ofnæmisvaldandi. Verðið er líka einstakt, en nú er hægt að fá fullorðinssæng á tilboðsverði sem er 27.490 kr. sem er einstakt þar sem við erum að tala um 790 grömm af hvítum andardúni."

Skreytt með Grýlu og Leppalúða

Jólaþemað í ár hjá Lín Design er að sjálfsögðu íslensk jól en allt sem verslunin lætur framleiða er eftir íslenska hönnuði. „Þá erum við sérstaklega að ræða um Grýlu og Leppalúða og syni þeirra sem eru allir nefndir með nafni. Um er að ræða dúka, svuntur, jólasokka auk margs annars, til dæmis flöskupoka sem nefnist „Mjöður Leppalúða" og „Seyður Grýlu" og er tilvalið að stinga jólavíninu í hann til að vekja íslenska jólastemmingu."

Komdu reglu á svefninn

Svefn er lífsnauðsynlegur en margt hefur áhrif á svefngæði. Með góðum lífsstíl og þægilegri svefnaðstöðu má oftast tryggja góðan svefn.

Svefn er náttúruleg hvíld manna og dýra og felur í sér meðvitundarleysi auk þess sem hlé verður á meðvitaðri líkamsstarfsemi. Svefn veitir líkamanum hvíld og endurnærir hann. Öll spendýr og fuglar sofa en einnig sum skriðdýr, froskdýr og fiskar. Svefn er lífsnauðsynlegur fyrir menn og spendýr.

Bæði hjá spendýrum og fuglum eru aðalstig svefns tvö, draumsvefn (REM), sem er léttur, og hvíldarsvefn (NREM), sem er djúpur. Í svefni skiptast á REM- og NREM-svefntímabil. Tímalengd REM-svefns eru lengri hjá börnum en fullorðnum.

Þreyta skerðir akstursháfni

Of lítill svefn getur orsakað þreytu, vanlíðan og streitu og haft áhrif á einbeitingu, minni og rökhugsun. Svefnleysi getur líka haft slæm áhrif á ónæmiskerfið og valdið truflunum á framleiðslu vaxtarhormóna og þar með haft áhrif á líkamsvöxt barna. Langvarandi svefnleysi eykur hættuna á ýmsum kvillum og geðrænum vandamálum. Tímabundið svefnleysi dregur úr hæfni til að kljást við ýmis vandamál. Þetta getur leitt til mistaka í vinnu eða skóla og haft slæm áhrif á samskipti við annað fólk. Þreyta vegna svefnleysis skerðir akstursháfni á sama hátt og neysla áfengis. Þannig getur svefnleysi verið beinlínis hættulegt.

Fullorðnir þurfa um átta tíma svefn á sólarhring

Það dregur úr svefnþörf með aldrinum en að meðaltali þarf fullorðið fólk um átta klukkustunda svefn. Algengt er að svefntrufflanir komi fram með aldrinum og oftast þannig að fólk sefur minna á nóttunni. Það reynir þá að bæta sér upp svefnleysið með lúrum á daginn sem stundum eykur vandann.

Streita er algengasta orsök svefntruflana. Áfengi og koffín hefur sömuleiðis óæskileg áhrif á svefn og svefngæði. Sama gildir um líkamlega áreynslu rétt fyrir svefn. Reykingar trufla líka svefn en þeir sem reykja mikið fá fráhvarfseinkenni á nóttunni. Þá geta ýmsir líkamlegir þættir haft áhrif á svefn. Liðagigt, bakverkir eða aðrir sjúkdómar sem valda stöðugum óþægindum eða verkjum hafa augljóslega áhrif á svefn. Eins getur vaktavinna truflað svefn. Svefnaðstaðan skiptir líka máli, svo sem hitastig og birtuskilyrði í svefnherberginu. Sömuleiðis gæði rúms og rúmfatnaðar.

Regla er besta meðalið

Í mörgum tilfellum er hægt að bæta svefn með breytingum á lífsstíl. Ágætt er að byrja á því að reyna að fá minnst átta klukkustunda svefn og að hafa hann reglulegan. Best er að fara að sofa og vakna á sama tíma alla daga vikunnar. Forðast ber óæskileg efni og ekki ætti að stunda hreyfingu þremur til fjórum klukkustundum fyrir svefn. Hafið umhverfið í svefnherberginu eins rólegt og þægilegt og mögulegt er og gerið eitthvað afslappandi fyrir svefninn. Ef ekki tekst að sofna innan þrjátíu mínútna er gott að fara fram úr og gera eitthvað róandi þar til syfjan nær yfirhöndinni. Reynið að leiða ekki hugann að daglegum vandamálum fyrir svefninn. Það er betra að takast á við þau úthvíldur.

Heimildir: www.lyfja.is, is.wikipedia.org

Aldur og ástand	Meðallengd svefns á sólarhring
Kornabörn	allt að 18 klst.
1–12 mánaða	14-18 klst.
1–3 ára	12-15 klst.
3–5 ára	11-13 klst.
5–12 ára	9-11 klst.
Unglingar	9-10 klst.
Fullorðnir og aldraðir	7-8 (+) klst
Barnshafandi konur	8 (+) klst.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s512-5411
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Hlýja í jólapakkann

Dún og fiður er rúmlega fimmtíu ára gamalt fjölskyldufyrirtæki. Þar má fá sængur, kodda, púða og pullur úr náttúrulegum dúni og fiðri sem eru hlýjar og góðar jólagjafir.

Dún og fiður sérhæfir sig í framleiðslu, endurnýjun og hreinsun á sængum, koddum, púðum og pullum úr náttúrulegum dúni og fiðri. „Við höfum mikla sérstöðu, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum. Við erum eina fyrirtækið í Evrópu sem er í því að endurnýja eldri sængur og kodda. Það er hægt að nýta sér dúninn því líftími hans er um helmingi lengri en versins. Líftími dúnsins hleypur á 15 til 25 árum en líftími versins er aðeins fimm til tólf ár," segir Anna Bára Ólafsdóttir í Dúni og fiðri.

Eigin framleiðsla

Dún og fiður framleiðir sjálft flestallar söluvörur sínar, svo sem sængur, kodda, púða og pullur. Fyrirtækið endurnýjar allar sængur og kodda þar sem nýta má dún þeirra aftur.

Eitt kíló af dúni í hverri sæng

Fyrirtækið framleiðir vörur sínar úr mismunandi dúni og fiðri, það er æðardúni, snjógæsadúni, svanadúni og andardúni, og eru gæðin í þeirri röð sem hér er talið. „Önnur sérstaða sem fyrirtækið hefur er sú að sængurnar sem við framleiðum innihalda að minnsta kosti eitt þúsund grömm af dúni, sama hvaða dúnn það er. Þannig fer í sæng eitt kíló af æðardúni, snjógæsadúni eða svanadúni og 1,1 kíló af andardúni. Innfluttar sængur, hvort sem þær eru frá Skandinavíu eða öðrum hlutum Evrópu, innihalda frá 250 til 800 hundruð grömm. Líftími þeirra sænga er ekki nema um fimm til sex ár. Markmiðið hjá okkur er að fólk geti notað sængurnar okkar í tíu til tólf ár og þá sé komið að því að skipta um ver en dúninn megi nota mun lengur eftir það. Það er bæði meira í sængunum okkar og verin eru sterkari."

Framleitt eftir ósk viðskiptavina

Dún og fiður framleiðir æðardúnssængur eingöngu eftir pöntunum. Aðrar dúnsængur eru fyrirliggjandi á lager í fimm ákveðnum stærðum en aðrar stærðir eru framleiddar samkvæmt óskum viðskiptavina. Koddar eru fyrirliggjandi á lager í fjórum stærðum. Eins og með sængur eru koddar framleiddir í öðrum stærðum að ósk viðskiptavina. Púðar eru einungis framleiddir samkvæmt pöntunum en pullur eru fáanlegar í stærðinni 18x50 sentimetrar.

Í Dúni og fiðri má fá hlýjar og eigulegar jólagjafir.

Dún og fiður hefur með áratuga starfsemi skapað sér fastan sess í hugum borgarbúa og annarra landsmanna. Verslunin er til húsa á Laugavegi 86.

Hlýlegar jólagjafir

Að sögn Önnu má fá fallegar vörur í jólapakkann hjá Dúni og fiðri. „Ég mæli með því að fólk gefi hlýju í jólagjöf. Dúnsæng frá okkur er í raun langtímafjárfesting því hún dugar í að minnsta kosti áratug. Við erum einnig með vönduð og góð ítölsk sængurföt frá Bellora sem eru úr hundrað prósent egypskri bómull og náttfatnað úr hundrað prósent silki frá fyrirtækinu. Einnig ættu allir að eiga hlýju dúnsokkana frá okkur, þeir eru alveg nauðsynlegir," segir Anna og brosir.

Einbreið eða tvíbreið?

Í tilhugalífinu, þegar ástareldurinn brennur hvað heitast, sættast flest pör á að kúra saman í faðmlögum undir einfaldri fullorðinssæng. Með tímanum skapast hætta á að næturfriður verði úti í þreytandi slag um sængina þegar annar aðilinn bröltir meira en hinn í draumalandinu og vefur sænginni undir sig. Á þeim tímapunkti vefst fyrir fólki hvort kaupa eigi tvær einfaldar eða eina tvíbreiða sæng. Sú tvíbreiða er ótvíræður kostur fyrir par sem óskar eftir nærveru og knúsi um nætur. Þótt ótrúlegt megi virðast er dásemdin ein að búa hjónarúm tveimur tvíbreiðum sængum á köldum vetrarnóttum. Tilhugsunin er vissulega fyrirferðarmeiri en ef um tvær einfaldar sængur væri að ræða en á daginn eru sængurnar brotnar saman til hálfs inn að miðju og lagðar hlið við hlið í rúmið.

Ástarbríminn yljar vel en góð sæng er gulls ígildi.

SPIL

FÖSTUDAGUR **30. NÓVEMBER 2012**

Kynningarblað

Spunaspil, þykjustuleikir, hugmyndaauðgi, grín og glens.

Til Ævintýralands í fylgd barna

Langar þig að skreppa yfir í ævintýraheim barna og leysa með þeim spennandi þrautir í Næturlandi eða öðrum framandi löndum? Borðspilið Ævintýraland varðveitir dýrmæta brú á milli barna og fullorðinna og sameinar þau í æsispennandi og kitlandi skemmtilegum alvöru þykjustuleik.

Allir þrá að tengjast börnum sínum og leiða þau um þeirra ímynduðu ævintýraheima. Við ákváðum að gera eitthvað í því og bjuggum til borðspilið Ævintýraland," segir Rúnar Þór Þórarinsson, sem fyrir jólin í fyrra hitti íslenska barnæsku í hjartastað með spili sem sameinar kynslóðir í endalaust skemmtilegum ævintýrum.

„Ævintýraland byggir á þykjustuleik barna og gefur fullorðnum tækifæri á að verða þátttakendur í ævintýrum barna. Á sama tíma rætast óskir barnanna, sem þykir fátt skemmtilegra en að leika við foreldra sína á jafningjagrundvelli. Um leið fá þau tækifæri til að sýna mömmu og pabba hversu dugleg, skapandi, hugmyndarík, gáfuð og sterk þau eru, því börn eru vissulega stórfengleg í sínum hugarsmíðum."

Töfrabrú foreldra og barna

Rúnar segir Ævintýraland brúa bilið á milli barna og fullorðinna.

„Með spilinu er komin óvænt og kærkomin rás yfir í heim barnanna. Í Ævintýralandinu verður maður barn á ný og margt rifjast upp úr eigin æsku um leið og maður verður þess áskynja að börnin manns eru alveg eins."

Rúnar er bókmenntafræðingur og hefur tveggja áratuga reynslu í gerð borðspila og tölvuleikja. Hann er höfundur spilanna Asks Yggdrasils og Frækinna ferðalanga og starfaði við gerð tölvuleikja hjá CCP og Funcom í áratug.

„Ævintýraland er mitt háleitasta verkefni og það er ögrandi að byggja brúna yfir í barndóminn," segir Rúnar, en kona hans, María Huld Pétursdóttir íslensku- og rússneskufræðingur, hannaði spilið með honum.

Aðrir sem koma að spilinu eru Ólafur Stefánsson handboltamaður og Reynir Harðarson, stofnandi CCP, myndlistarmennirnir Kári Gunnarsson, Björn Börkur Eiríksson og Brian Pilkington og grafísku hönnuðirnir Hallvarður Jónsson, Sverrir Ásgeirsson og Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson.

Einfalt og forvitnilegt

Að sögn Rúnars eru spilareglur Ævintýralands einfaldar og spilið aðgengilegt allt frá smábörnum sem eru rétt farin að tala, upp í afa og ömmur.

„Spilið byggir á hlutum sem allir þekkja. Því fylgja 62 sögur sem fléttast inn í aðstæður á borðinu og í sögunum tala börnin við alls kyns verur, fólk og dýr. Ævintýraland er samvinnuspil; börnin eru saman í ævintýrinu og leysa allar þrautir í sameiningu," útskýrir Rúnar um spilið þar sem börn velja sín óskaævintýralönd.

„Börn njóta þess yfirleitt að skoða myndir sem eru fullar af skemmtilegum og forvitnilegum smáatriðum og þannig vildum við hafa spilið. Ævintýralandið er einnig laust við auglýsingar sem íslensk spil eru oftar en ekki útbíuð í því að okkar mati hefur slíkt truflandi áhrif á upplifun barna og skemmir sköpunargleði þeirra. Stundum hentar slíkt leikjum en alls ekki Ævintýralandinu."

Barnvænn boðskapur

Í Ævintýralandi fyrirfinnast eingis barnvæn ævintýri þar sem öllum er gert jafn hátt undir höfði og ævintýrin höfða jafnt til allra barna.

„Boðskapurinn er gegnumgóður og ég gæfi aldrei út spil sem endurspeglaði ljótleika. Börn eiga rétt á sinni eigin saklausu og fallegu veröld," segir Rúnar.

Á fyrsta ári Ævintýralands hefur spilið hlotið einróma jákvæðar viðtökur.

„Ánægjuraddir af skemmtilegri upplifun barna eru bestu meðmælin. Börn hreinlega elska spilið og þar sem þau koma saman er Ævintýralandið oft aðalskemmtunin. Við heyrum af afmælisveislum sem breytast í ævintýraafmæli og spilið virðist ætíð verða uppáhaldsspil þeirra barna sem það prófa," segir Rúnar, sem er rétt að hefja vegferð Ævintýralandsins.

„Spilið hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og vinnuferli er komið af stað fyrir alþjóðlega útgáfu hjá erlendum útgáfurisa."

Ævintýralandið fæst í Nexus, Spilavinum, Hagkaupum, A4 og Eymundsson.

Saga úr Ævintýralandinu

Hér er dæmigerð saga úr Ævintýralandinu. Sagan er lesin upp og hjartatáknið þýðir að draga skal Félagaspjald fyrir Skúla skrifara, sem þá gæti orðið talandi dýr! Í hlutanum „Hvað gerist næst?" sýnir tákn af munni að börn geti látið reyna á hæfileikann „Tal og leikur", sem ævintýrapersóna þeirra fær í upphafi, til að leysa þrautina. Sögurnar spilast aldrei tvisvar eins, en spilatími hverrar sögu er fimm til fimmtán mínútur.

Hvað segja spilamenn?

„Ég verð að deila því með ykkur að ég var í mæðgnaflokki í Vindáshlíð þar sem mömmur áttu heila helgi með dætrum sínum á aldrinum 5 til 15 ára. Ég tók Ævintýralandið með ásamt tíu öðrum spilum og þvílíkt sem það sló í gegn. Spilin voru flest mikið notuð en Ævintýralandið var ALDREI í kassanum! Það var stöðugt í notkun! Þetta er meiriháttar spil sem þroskar ímyndunaraflið, hugarflæðið og samvinnu á frábæran hátt. Stelpurnar skemmtu sér konunglega og allar mömmurnar líka!"

– Anna Arnardóttir á Facebook

„Ég er höfundur spilsins Kjaftöskju sem var markaðssett á sama tíma og Ævintýraland og frá fyrsta degi hef ég öfundað höfunda Ævintýralandsins. Þetta er spil sem ég hefði viljað hanna. Útlitið er einstakt á Íslandi og ég hef sjaldan séð svo mikið lagt í fallegar teikningar og notagildi allra hluta sem tengjast kassanum. Þetta er afskaplega einfalt spil sem börn grípa á mjög stuttum tíma. Það eru kannski hinir fullorðnu sem eiga erfitt með að brjótast út úr skelinni og fara að leika og segja sögur eins og börn. Ég mæli hiklaust með þessu spili og óska þess að við fáum að sjá meira af Ævintýralandinu í framtíðinni."

– Jens Ívar, höfundur Kjaftöskju 2011

Hressir strákar úr Hafnarfirði að spila Ævintýralandið. Sögumaður á endanum heitir Albert Elías Arason. Spilamenn við borðið eru vinir sem þjóta daglega í heimsókn til að spila Ævintýralandið, en Albert lendir iðulega í kappi heim úr skólanum við yngri bróður sinn og hans vini að ná spilinu. Á endanum var annað spil keypt á heimilið.

„Þetta er þannig spil að viðskiptavinir sem hafa keypt Ævintýralandið hringja í okkur alveg frá sér numdir og segja: „Váá, hvað þetta er frábært spil. Krakkarnir elska það!"

– Júlli, kaupmaður í Nexus

Barist við dreka og drýsla

Spunaspil hafa notið mikilla vinsælda um allan heim undanfarin ár. Þar leysa þátttakendur ýmis vandamál sem sögumaður spilsins býr til. Bækur tengdar spunaspilinu búa til ramma utan um ævintýrið en spilið sjálft getur tekið marga daga.

Ein gerð spila sem notið hefur mikilla vinsælda um allan heim undanfarin ár er spunaspil. Um hlutverkaleik er að ræða þar sem þátttakendur eru tveir til fimm. Einn þátttakenda leikur hlutverk sögumanns og hinir eru spilendur í ævintýrinu. Ágúst Þorvaldsson, starfsmaður Nexus, er einn þeirra sem spilað hafa spunaleik í mörg ár. Hann segir best að útskýra spunaleik þannig að spilendur séu persónur í sjónvarpsseríu þar sem sögumaður sé leikstjórinn. „Þátttakendur vinna saman í því að búa ævintýrið til. Skemmtunin er fólgin í því að sá sem býr söguna til kemur með eitthvert atvik eða vandamál og leikmenn þurfa að finna lausn á því, hvort sem það er að berjast við innrás frá drýslum eða leysa glæpamál. Skemmtunin liggur í því að spilið hefur engin bein takmörk nema þau sem þátttakendur setja sér sjálfir. Um leið er eina leiðin til að tapa þegar persóna manns deyr eða nær ekki takmarki sínu í spilinu. Annars hafa spilin sjálf ekki formlegan endi heldur halda áfram endalaust eins og uppáhaldssjónvarpsserían þín."

„Þátttakendur vinna saman í því að búa ævintýrið til," segir Ágúst Þorvaldsson spunaspilari. MYND/ANTON

Bækur búa til heiminn

Ágúst segir teninga notaða til að halda spilinu gangandi. Hann segir að ef spunaspil er spilað og hægt er að leysa öll vandamál án þess að mistakast verði engin spenna til staðar. Þar komi teningurinn inn í myndina. „Í raun er þetta svolítill samkvæmisleikur. Nokkrir aðilar taka þátt sem spilendur og hver og einn skráir hvað persónan hans getur og getur ekki gert. Það sem spilendur geta ekki gert er búið að tölusetja og þegar teningnum er kastað er athugað hvort talan sem kemur upp er fyrir ofan eða neðan töluna hjá spilaranum. Þannig afmarka tölurnar og teningurinn næstu skref í leiknum. Síðan eru yfirleitt til bækur sem búa til umgjörð um leikinn. Þær eru í raun reglur um heiminn sem spilað er í. Væru þær ekki til staðar gætu persónurnar gert hvað sem er og þá væri lítið gaman."

Teningurinn heldur spilinu gangandi. MYND/ANTON

Dungeons & Dragons er vinsælt spunaspil. MYND/ÚR EINKASAFNI

Eykur sköpunargleði

Vinsælasti spunaleikur heims að sögn Ágústs er Dungeons & Dragons, sem er bæði elsta spunaspilið og það þægilegasta fyrir byrjendur. Ágúst segir spunaspil til þess fallin að örva fólk til að leysa ýmis vandamál og um leið að auka ímyndunargáfuna og sköpunargleðina. „Það er mikið af fólki sem spilar spunaspil hér á landi og þetta er fólk á öllum aldri og af báðum kynjum. Sjálfur byrjaði ég að spila sextán ára gamall og er enn að 27 ára gamall." Hann segir spunaspil líka vera skemmtilega afsökun til að hitta vini sína. Hverju spili er skipt niður í litla hluta og vinir hittist gjarnan aftur og aftur til að halda áfram með spilið. „Vinahópur minn notar spilið sem afsökun til að hittast. Konurnar hafa saumaklúbba en við höfum spunaspilið. Annars fer ekki allt kvöldið í að spila heldur bara hluti þess. Yfirleitt fer stærri hluti kvöldsins í spjall um spilið, ævintýrið og um hvað hægt er að gera við persónurnar."



MARGRÉT HIN HAGA SKAR ÚT LEWIS-TAFLMENNINA

Samkvæmt kenningu Guðmundar G. Þórarinssonar, verkfræðings og skákmanns, voru Lewis-taflmennirnir svokölluðu skornir út úr rostungstönnum af Margréti hinni högu og teymi hennar í Skálholti 1180-1200, í smiðju Páls Jónssonar biskups. Lewis-taflmennirnir eru sagðir vera dýrmætustu taflmenn sögunnar og taldir meðal fimm merkustu forngripa í eigu Breska þjóðminjasafnsins. Lengi var talið að taflmennirnir hefðu verið skornir út í Þrándheimi, en þeir fundust árið 1830 á Lewis-eyju við Skotland.

Sjá www.skalholt.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Skemmtilegasta borðspil ársins

Skrípó er nýtt borðspil eftir höfunda Fimbulfambs. Í þessu sprenghlægilega spili sem öll fjölskyldan getur spilað saman hafa skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins lagt til teikningarnar en þátttakendur semja brandarann. Útkoman er hláturskast!

Öll fjölskyldan getur spilað skemmtilegasta borðspil ársins, Skrípó, og upplifað grín, fjör og spennu saman. „Skrípó er beinlínis fyrir alla; ef börnin eru það ung að þau kunna ekki að skrifa eru þau einfaldlega með einhverjum í liði," segir Kjartan Örn Ólafsson, sem bjó spilið til ásamt Ragnari Helga Ólafssyni bróður sínum. „Það er okkar reynsla af spilinu að það eru yfirleitt krakkarnir og ömmurnar sem eiga fyndnustu myndatextana."

Skrípó á í grunninn nokkuð sameiginlegt með spilinu Fimbulfambi, en bræðurnir eru líka höfundar þess. Í stuttu máli byggist spilið á því að keppendur reyna að finna fyndnasta textann við skopmyndir sem þeir draga. „Skrípó er bráðeinfalt. Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til myndirnar og þátttakendur semja brandarann. Stig fást fyrir að geta upp á hver samdi hvaða myndatexta og auðvitað fyrir að semja þann sniðugasta. Við bræðurnir settum spilið saman en við viljum frekar líta á okkur sem ritstjóra en höfunda þess.

Í okkar huga er kjarni spilsins þessar snilldarlegu skopmyndir eftir teiknarana fjóra. Í þeim Hugleiki, Lóu, Halldóri og Sigmund á Ísland skopmyndateiknara á heimsmælikvarða og við viljum hampa þeim," segir Kjartan.

Efni spilsins er alíslenskt þó að hugmyndin að því byggi á gömlum grunni. „Keppni um fyndnasta myndatextann er í sjálfu sér ekki ný. Strax á nítjándu öld voru slíkar samkeppnir vinsælt efni í blöðum og tímaritum um víða veröld. Nú til dags er líka fjöldi slíkra leikja í boði á internetinu. Við undirbúning spilsins höfðum við til hliðsjónar vinsæl borðspil eins og Fimbulfamb auk annarra myndaleikja eins og Pictionary og spila sem nota skopmyndir eins og Snaption, Caption It og The New Yorker Cartoon Caption Game".

„Þegar við vorum ríflega tvítugir settum við saman spil sem heitir Fimbulfamb. Það sló í gegn, seldist upp og var ófáanlegt í fimmtán ár þar til við loksins slógum til með endurútgáfu fyrir tveimur árum. Í millitíðinni fórum við eins og gengur að fást við allt aðra hluti. Ég er myndlistarmaður og grafískur hönnuður og Kjartan á internetfyrirtæki í New York með fjölda fólks í vinnu," segir Ragnar. „Þetta er því ekki aðalstarf okkar. Við höfum aftur á móti ákveðið að vinna saman eitt verkefni á ári sem snýst eingöngu um að það að skemmta okkur og taka okkur sjálfa ekki of hátíðlega. Þetta er því kannski meira eins og sérviskulegt áhugamál. Við erum aldir upp í útgáfubransanum og finnst gaman að dunda okkur saman við að búa eitthvað svona til. Sumir spila golf, safna frímerkjum eða sauma út. Þetta árið bjuggum við til spil."

Bræðurnir Kjartan Örn og Ragnar Helgi Ólafssynir eru höfundar Skrípó. MYND/VILHELM

SKEMMTILEGIR SKOPMYNDATEIKNARAR

Skrípó inniheldur 150 teikningar eftir Hugleik Dagsson, Halldór Baldursson, Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og Sigmund.

Sigmund

Halldór Baldursson





Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Hugleikur Dagsson

HÆ GOSI ER SÉRDEILIS HRESSANDI SPIL

Spilareglur.is er gagnlegur vefur fyrir þá sem þurfa að skerpa á reglum sígildra spila. Þar er að finna spilareglur fyrir félagsvist, hæ gosa, kana, kleppara, lönguvitleysu, laumu, manna, póker, rommí, ólsen-ólsen, svartapétur, veiðimann, þjóf og fleiri. Grípum niður í reglur hæ gosa:

Spilagjöf: Spilunum er skipt á milli tveggja.

Framgangur spilsins: Spilarar skiptast á að fletta upp af sínum bunka. Eitt spil er tekið upp í einu og lagt á mitt borðið. Sá byrjar sem ekki gaf. Þegar eftirfarandi spil koma upp skal gefa ákveðin merki.

Tía: Leggja flatan lófa ofan á bunkann

Gosi: Hrópa hæ gosi.

Drottning: Blístra.

Kóngur: Bera hönd að enni að hermannasið.

Ás: Standa upp.

Sá tekur bunkann sem er fyrri til að gefa merki og eru vinningsspilin sett neðst í bunkann sem spilarinn hafði fyrir framan sig. Ef báðir spilararnir eru alveg jafn fljótir að gefa merki er bunkinn látinn liggja áfram á borðinu.

Sá vinnur sem endar með allan bunkann.



FYRSTU SPILIN KOMU HINGAÐ Á 16. ÖLD

Mánudaginn 18. desember árið 1978 birtist grein í Vísi þar sem vitnað er í Sögu spilanna eftir Guðbrand Magnússon sem var þá nýkomin út. Þar segir að spil hafi borist hingað til lands snemma á 16. öld.

„Ekki er vitað með vissu hvar eða hvenær spilin voru fyrst fundin upp. Til Evrópu komu þau fyrst til Ítalíu í kringum 1375. Þau munu fljótlega hafa borist norður yfir Alpafjöll til Þýskalands og í Danmörku munu þau hafa verið orðin allalgeng um 1480. Virðist tæplega hægt að draga í efa, að þau hafi komið hingað snemma á 16. öld, eða jafnvel fyrr."

www.timarit.is

JÓKERINN VAR TROMPIÐ

Í venjulegum spilastokki eru yfirleitt tveir jókerar, oftast ólíkir. Oft er annar jókerinn litaður en hinn svart/hvítur. Jókerinn kom til sögunnar í kringum 1860 og var þá notaður sem hæsta tromp í hinum ýmsu spilum. Í bókinni Sögu spilanna (e. A History of Playing Cards) eftir Catherine Perry Hargrave kemur fram að á fyrsta jókernum sem heimildir finnast um, frá árinu 1862, er mynd af tígrisdýri og textinn „hæsta trompið" ritaður á spilið. Frá því í kringum 1880 varð jókerinn yfirleitt eins og hann er þekktur í dag, í líki trúðs eða hirðfífls. Margir jókerar eru söfnunargripir og eru eins og aðrir slíkir misverðmætir. Blómleg verslun er með þá á netinu og hægt að græða vel ef fólk kemst yfir sjaldgæfar tegundir.

Góðir rúmfélagar

IKEA 365+ MYSA sæng 13.990,-
Meðalhlý. Fylling: Lyocell og pólýester.
B150×L200cm. Hvítt
Tvær sængur sem hægt er að nota saman eða í sitt hvoru lagi.

995,-
MYSA GRÄS sæng
Svöl. Fylling: Pólýestertrefjar
B150×L200cm. Hvítt

4.990,-
GOSA RAPS koddi
Fylling: Dúnn og fiður
B60×L50cm. Hvítt

GOSA HASSEL koddi 2.990,-
Fylling: Memory svampur. B60×L50cm. Hvítt

MYSA VETE sæng 13.990,-
Mjög hlý. Fylling: Dúnn og fiður
B150×L200cm. Hvítt

17.990,-
MYSA ROSENGLIM sæng
Mjög hlý. Fylling: Dúnn og fiður
B150×L200cm. Hvítt

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

Æðarkollur í einbýlishúsum

Á bænum Höfnum á Skaga búa hjónin Helga Ingimarsdóttir og Vignir Sveinsson. Á hverju sumri fara þau út í eyjuna Landey og nýta æðardún sem þar til fellur og framleiða úr honum hágæða dúnsængur.

Helga og Vignir keyptu býlið Hafnir árið 2003, en það er norðarlega á Skaga í Austur-Húnavatnssýslu. „Maðurinn minn er alinn upp á næsta bæ og ég er héðan úr sýslunni. Áður bjuggum við á Blönduósi, ég vann í banka og Vignir í sláturhúsinu og við tamningar. Nú erum við hér með kindur og hesta og nýtum æðardún úr æðarvarpi í Landey sem er hér rétt fyrir utan," segir Helga.

Undirbúningur æðarvarps

Undirbúningur æðarvarps hefst í apríl. „Þá þarf að laga til fyrir fuglinn. Undanfarin ár höfum við farið með hús út í Landey sem við setjum yfir hreiðurstæði sem við höfum útbúið fyrir fuglinn. Þetta eru um 1.200 hús sem komin eru.

Æðarkollur eru glysgjarnar og sækja í sterka liti, svo við neglum niður staura með marglitum veifum. Þær eru líka hrifnar af tónlist, svo við höfum hengt upp netakúlur sem slást saman og mynda smá bjöllu-hljóm. Þá erum við með fuglahræður til að fæla flugvarginn frá."

Æðarvarpið er undir því komið að næg fæða sé til staðar. „Æðarkollurnar liggja á eggjunum í um 21 dag og borða ekkert á meðan. Ef þær eru ekki í góðum holdum fyrir varpið koma þær ekki í varp."

Fyrsta dúntaka sumarsins

Fyrsta dúntakan er í kringum 6. júní. „Þá höldum við út í eyju með hey í poka og göngum á hreiðrin, tökum dúninn úr og setjum hey í staðinn. Það er búið að gera rannsóknir á þessu sem sýna að þessi skipti hafa engin áhrif á afkomu unganna. Meðlimir úr fjölskyldunni koma og taka þátt í dúntökunni. „Mér líður meira eins og ég sé í fríi, en ekki í vinnu á þessum dögum. Að fara út í eyju til að tína dún er eins og að fara í frí. Nálægðin við náttúruna og dýralífið gefur svo mikið."

Dúnvinnsla

Þegar dúnninn er komin í hús er hann settur í þurrkara sem þurrkar hann við 120 gráður. „Það er mjög áríðandi að þurrka dúninn vel til að ná ruslinu úr honum. Því næst fer hann í vél sem heitir krafsari, sem skilur heyið frá dúninum. Þaðan fer hann í fjaðratínsluvél og að lokum er farið yfir dúninn og fjaðrir handtíndar úr honum."

Sængurgerð og gæðavottun

Helga segir þau hjónin mikið hafa skoðað hvernig megi auka verðmæti æðardúnsins og fóru þau meðal annars á vaxtarsprotanámskeið hjá Impru. „Þar fengum við leiðbeiningar um hvernig ætti að stofna fyrirtæki. Út frá því fórum við að sauma sængur og ég er einnig farin að útbúa kerrupoka fyrir ungbörn. Með þessu móti verður meiri verðmætasköpun og vinnsla dúnsins eykst á Íslandi. Þetta hefur gengið vonum framar og er framleiðslan vottuð af Vottunarstofunni Túni. Við erum mjög ánægð með vottunina, sem stendur fyrir náttúrulega og sjálfbæra vinnslu."

Um 1.200 húsum er komið fyrir úti í Landey fyrir æðarkollurnar og er það sennilega fjölmennasta byggðin á svæðinu.

Á heimasíðu þeirra hjóna www.hafnir.is er hægt að skoða skemmtilegt myndband sem sýnir hvernig dúnninn er unninn. „Við létum gera myndband um vinnsluna þar sem hægt er að sjá hvernig þetta fer fram. Ef fólk hefur áhuga á því að fá sér sæng er um að gera að hafa samband við okkur, annað hvort í síma eða með tölvupósti."

Með Bieber í rúminu

Ungar stúlkur, allt frá sex ára, eru yfir sig hrifnar af unglingagoðinu Justin Bieber. Sjálfur er hann aðeins 18 ára gamall, fæddur í mars 1994. Að öllum líkindum eru margar stelpur með Justin Bieber á óskalistanum fyrir jólin, hvort sem það er plata, fatnaður eða rúmföt. Ef rúmfötin finnast ekki í íslenskum verslunum má alltaf panta þau á netinu. Betra er þó að gera það fyrr en seinna því Bieber er vinsæll um allan heim.

Það er í rauninni ótrúlegt hvernig þessi ungi drengur skaust upp á stjörnuhimininn eftir að hafa sett inn myndband á YouTube þar sem hann var síðan uppgötvaður. Justin Bieber er kanadískur og býr hjá móður sinni. Hann hefur setið á vinsældalistum um allan heim og er fyrsti söngvarinn sem átt hefur sjö lög samtímis á Billboard 100 listanum. Þótt ungur sé að árum hefur hann þegar hlotið margvísleg virt tónlistarverðlaun, meðal annars verið valinn listamaður ársins 2010 og 2012 hjá American Music Awards. Hann hefur auk þess hlotið nokkur Grammy-verðlaun. Þá er hann sagður þriðja áhrifamesta stjarnan í heiminum hjá Forbes árið 2012. Velgengni hans hefur þar fyrir utan gefið honum háar upphæðir í bankabókina. Án efa er Justin Bieber skærasta unglingastjarnan í dag.

ESTĒE LAUDER gjöfin þín

í Hygea Kringlunni og Hygea Smáralind

Glæsileg gjöf fyrir þig ef þú verslar Estée Lauder vörur
fyrir 6.900 kr. eða meira í Hygea Kringlunni og Hygea Smáralind
dagana 29. nóv. – 5. des.

Gjöfin inniheldur:

Revitalizing Supreme Creme – dagkrem fyrir allar húðgerðir, 7ml
Advanced Night Repair – viðgerðardropa, 7ml
Advanced Night Eye – augnkrem, 5ml
Pure Color Lipstick – varalit, fulla stærð
Sumtuous Extreme Mascara – svartan maskara
Fallega snyrtibuddu

Verðgildi gjafarinnar er ca. kr. 19.051,-

HYGEA
Snyrtivöruverslun
STOFNSETT ÁRIÐ 1953

FRAMHALD AF SÍÐU 6

þreytti fréttamannapróf hjá RÚV vorið 2005 og fékk vinnuna og hef verið þar síðan. Ég hef alltaf haft áhuga á fólki og þjóðfélagsmálum. Þegar ég var í hagfræðinni fann ég að ég vildi vinna með fólki en ekki með tölum og það hjálpaði mér að finna dyrnar sem ég vildi ganga inn um. Hagfræðin er góður grunnur fyrir starfið mitt, sérstaklega þjóðhagfræðin.

Nú hefur þú ekki setið auðum höndum í fæðingarorlofinu. Viltu segja okkur hvað þú tekst á við þessa dagana? Já, ég er að gera stuttan viðtalsþátt um Guðrúnu Bjarnadóttur, alheimsfegurðardrottningu og fyrirsætu, ásamt Guðmundi Bergkvist myndatökumanni. Guðrún verður sjötug í desember og lítur yfir farinn veg. Þátturinn verður á dagskrá á annan í jólum. Það er gaman að hafa svona smá verkefni í orlofinu sem við getum unnið á okkar tíma í rólegheitum. Ég hef áður gert tvo þætti með Guðmundi Bergkvist. Fyrsti var um barnaþrælkun í Kambódíu sem við gerðum 2008 og hinn um göngugarpinn Reyni Pétur sem við unnum 2010. Þátturinn sem við vinnum að núna er gjörólíkur fyrri verkefnum eins og gefur að skilja. Okkur finnst gaman að vinna með mismunandi persónum sem búa við mismunandi aðstæður.

Gætirðu hugsað þér að starfa við annað innan fjölmiðaheimsins?
Ég er afar sátt við starfið mitt. Mér finnst það skemmtilegt og fullt af áskorunum. Það eru engir tveir dagar eins í þessu starfi svo maður fær seint leið á því. Ég gæti alveg hugsað mér að spreyta mig meira í þáttagerð, þáttastjórnun og heimildarmyndavinnu.

Hlakkar til að upplifa fjölskyldujól

Nú styttist í jólin, hvernig nýtur þú aðventunnar? Það er nú allur gangur á því. En nú hef ég svo mikinn tíma að ég ætla að byrja snemma á þessu aðventustússi og taka það alveg með trompi. Það var erfitt að njóta aðventunnar meðan ég var í námi því þá var maður alltaf í prófum og verkefnaskilum þar til örfáum dögum fyrir jól. Í vinnunni er líka mikið annríki dagana fyrir jólin svo að þetta stefnir í að verða fyrsta aðventan sem ég get notið til fullnustu frá því að ég var barn. Ég hlakka svo til að njóta samverustunda með mínum nánustu, skreyta, baka nokkrar sortir, gefa undirbúningnum góðan tíma og hafa það hugguleg.

Ertu vön að skreyta mikið? Ég skreyti ekkert mjög mikið en svona jú aðeins. Jólaskrautið sem við eigum er lágstemmt, flest hvítt. Ég er ekkert fyrir skæra liti og blikkandi seríur. Ég yrði þreytt ef ég hefði það á heimilinu alla aðventuna og fram á þrettándann. Mér finnst fallegast að hafa mátulegt magn af einföldu skrauti og mikið af kertaljósum á heimilinu á aðventunni.

Ástríðufullur bakari

En bakar þú fyrir hátíðarnar? Já, ég baka. Ég elska að baka. Ég baka allan ársins hring. Mér finnst það eins og að töfra. Ég er alltaf að prófa eitthvað nýtt. Í haust fór ég á námskeið þar sem ég lærði að gera franskar litlar sætar makkarónur. Það er nýjasta æðið mitt í baksturmálum. Við mamma gerum yfirleitt sömu sortirnar saman sem eru partur af jólahefðinni okkar en svo prufa ég hitt og þetta í og með.

Og talandi um bakstur þá er það án efa þín sterka hlið, en þú bakaðir meðal annars brúðartertuna ykkar hjóna sjálf, ætlarðu þér eitthvað lengra með þennan hæfileika þinn? Ég tók þrjú námskeið í kökuskreytinga- og sykurblómagerð í Bandaríkjunum í fyrra og hafði afar gaman af. Ég hef kennt nokkur námskeið í brúðartertugerð með stelpunum í Allt í köku og á vonandi eftir að gera meira af því. Svo hef ég bakað nokkrar skírnar-, fermingar- og brúðartertur fyrir vini og vandamenn. Kökuskreytingar eru mitt áhugamál. Svona áhugamál eiga það nú til að vinda upp á sig.

Eru margar jólahefðir sem þú lifir eftir eða á að skapa nýjar nú þegar þið eruð nýgift og komin með barn? Ég var einmitt að hugsa þetta um daginn. Jólin verða allt öðruvísi þegar maður er komin með barn. Nú erum við lítil fjölskylda. Ég vil að við búum okkur til okkar eigin hefðir. Þær munu sennilegast bætast við þær hefðir sem fyrir eru í stórfjölskyldunni svo að það verður nóg um að vera.

Hvað með vinkonurnar – hittist þið sérstaklega fyrir jólin? Við höfum hist nokkrar stelpur á Jómfrúnni á aðventunni í ljótum jólapeysum og gert okkur glaðan dag og skemmt okkur langt fram á nótt með víni og mat. Þær eru algjörir nautnaseggir og það er ég líka. Þetta gengur allt út á að vera í ljótustu jólapeysunni. Í fyrra keypti ég mér snjókallaeyrnalokka með blikkandi augum í stíl við ljótu peysuna mína og skemmti mér konunglega með bumbuna mína því ég var komin langt á leið.

Ekki eins skipulögð og útlitið segir til um

Ertu þessi óþolandi skipulagða týpa þegar kemur að jólakortagerð og jólainnkaupum? Nei, langt því frá. Ég hef brunnið inni með jólakortin, sent SMS á línuna í staðinn, sem er glatað, og keypt jólagjöf á bensínstöð á aðfangadag og mætt í kirkjuna á síðustu stundu móð og másandi með rafmagnað hár. En núna verða kortin auðvitað öll handskrifuð, föndruð og persónuleg, keyrð heim að dyrum með heimagerðu konfekti og ég verð með blásið hár og gloss því ég get ekki borið tímaleysið fyrir mig. Segi svona. Við skulum orða það þannig að ég er ekki eins skipulögð og ég lít út fyrir að vera. Jólin mega aldrei verða stressandi. Það er það allra versta. Maður gerir bara það sem maður hefur tíma til og ánægju af. Annað ekki. Mestu máli skiptir að líða vel og hafa það hugguleg með sínum nánustu.

Eitthvað að lokum? Hver er sinnar gæfu smiður.

Uppáhalds

Heimasíða: Facebook, ruv.is og vb.is.
Sjónvarpsþáttur: Hungry Henry á BabyTV. Hilmar Árni skríkir af kæti þegar þetta er í gangi. Ég hef líka mjög gaman af Johnny Naz og hlæ upphátt. Hann er snillingur og ég vil að hann geri fleiri þætti.
Tímarit: Íslensku tímaritin, Nýtt líf, Vikan, Gestgjafinn og Hús&Híbýli og svo auðvitað Viðskiptablaðið.
Hreyfing: Göngutúrar með vagninn og strjálar ferðir í ræktina úti á Nesi. Ég er frábær kúnni þar. Borga alltaf en mæti aldei.
Dekur: Nudd og andlitsbað hjá Katrínu í snyrtistofunni Guinot-mc.
Drykkur: Vodka Burn. Nei djók. Ég drekk mikið af vatni sem ég kreisti smá sítrónu út í. Svo fæ ég mér stundum kampavín.
Matur: Maturinn sem ég fæ hjá mömmu minni.

DAGUR Í LÍFI MARÍU SIGRÚNAR

05.00 Rumska við að eiginmaðurinn kjassar mig og son okkar áður en hann fer í flug. Sakna hans um leið og ég heyri útidyrahurðina lokast á eftir honum. Æ, hvað það verður gott að fá hann heim aftur.

08.30 Vakna við litla hönd sem togar í eyrað mitt. Litli kútur fékk að taka síðasta hluta næturinnar í hjónarúminu. Við kúrum saman og ræðum málin í smátíma í rúminu, ekkert liggur á. Eftir að hann fæddist eru morgnarnir besti tími dagsins. Ég elska þessa stund með honum. Fæ ekki nóg af því að knúsa bollukinnarnar hans og purra naflakútinn.

09.00 Við erum bæði klædd og komin á ról. Ég reyni að kenna honum að klappa og sýna með höndunum hvað hann er stór. Hann fer á leikteppið og hjalar og veltir sér eins og selur á stafamottunni sinni. Ég undra mig einn og einu sinni á því hvað hann hefur stækkað hratt. Ég les blöðin með öðru auganu og hlusta á útvarpið, hitt augað er á litla snáðanum. Hringi nokkur símtöl og svara tölvupóstum. Hringi í dagmömmurnar sem við erum á biðlista hjá. Maður verður víst að minna á sig reglulega til að eiga séns í að komast að.

10.15 Legg Hilmar út í vagninn í fyrri lúrinn. Reyni svo að hafa mig aðeins til því við erum á leið í mömmuhitting. Við erum sex mömmur sem áttum allar um svipað leyti. Stórskemmtilegur hópur.

11.00 Erum mætt í mömmuhittinginn. Ég set hlerunargræju í vagninn svo Hilmar geti klárað blundinn sinn í vagninum. Vinkonurnar taka á móti mér. Þær eru snillingar. Fiskisúpa og freyðivínstár. Þetta er sko klassaklúbbur. Eiginmaður vinkonu minnar spilar nokkur lög fyrir okkur á píanó og vinur hans á fiðlu. Óvæntir tónleikar. Við stelpurnar skiptumst svo á sögum af börnunum okkar og hlæjum saman. Gulls ígildi þessar konur.

13.00 Ég kveð mömmuklúbbinn en hefði verið mun lengur ef ég gæti. Stundum eru þessir hittingar fram undir kvöldmat. Það er svo margt sem við þurfum að ræða. Ég arka heim með vagninn í mótvindi og rigningu. Skammdegislægðir eru ekki mér að skapi.

14.00 Við mamma erum mættar með son minn og dóttur bróður míns í jólabarnamyndatöku. Frændsystkinin eru algjör krútt með jólasveinahúfur. Erfitt að halda þeim báðum inni í rammanum á sama tíma. Öllum brögðum beitt og tekst að lokum.

15.00 Mamma mín passar Hilmar Árna meðan hann tekur seinni lúrinn og ég skýst í matarbúð og sinni nokkrum erindum. Hilmar sefur best í vondu veðri.

16.30 Sæki son minn og fer með hann heim. Mömmu minni hefur nú tekist það sem ég ef reynt í nokkrar vikur, þ.e. að fá Hilmar Árna til að sýna hvað hann sé stór. Þetta vekur mikla lukku og er gert margoft áður en við kveðjum.

17.30 Loksins erum við komin heim í hreiðrið okkar. Ég klæði okkur bæði í þægileg heimaföt og við kúldrumst eitthvað uppi í sófa.

19.00 Ég gufusýð grænmeti og mauka fyrir Hilmar. Hann endar máltíðina á því að purra með matinn uppi í sér. Verð að venja hann af þessum ósið. Hann hlær meðan ég þríf allar sletturnar. Ákveð að hita mér bara upp afganga fyrst maðurinn minn er ekki heima. Eins og mér finnst nú gaman að elda þá hef ég ekkert gaman af því að elda fyrir einn.

20.00 Vinkona mín kíkir við í smá heimsókn og við fáum okkur súkkulaði (vá hvað maður getur étið mikið af súkkulaði án þess að afmyndast af spiki þegar maður er með barn á brjósti, ég ætla að njóta þess meðan það varir).Við spjöllum saman í stofunni og leikum okkur með Hilmari á gólfinu. Hún passar hann meðan ég fer í heita, langa og kærkomna sturtu.

21.00 Nú er komið fram yfir háttatíma hjá litla kút. Ég þvæ honum og gef honum smá nudd (já hann er dekurdýr) og set hann svo í náttgallann. Maðurinn minn hringir frá útlöndum og ég set hann á speaker. Hilmar starir á tólið steinhissa og bablar svo eitthvað pabba hans til mikillar ánægju. Við förum í háttinn og Hilmar sofnar á brjóstinu í hjónarúminu (Hæ svefnráðgjafar, ég veit þetta er ekki skv. bókinni, en mér er sama). Það er svo kósý að hafa hann í okkar rúmi fyrst við erum bara tvö ein í kotinu.

21.30 Vafra eitthvað um á netinu í ipad, flakka svo á milli sjónvarpsrása en finn ekkert gott, tek mér bók í hönd.

22.30 Augnlokin þyngjast og svefninn yfirbugar mig.

EGF húðvörudagar

Í LYFJUM OG HEILSU DAGANA 30. NÓV. TIL 2.DES.

EGF húðvörurnar eru afrakstur íslenskrar nýsköpunar og vísindarannsókna. Þær innihalda EGF frumuvaka sem stuðlar að endurnýjun húðarinnar og gefur henni frísklegt yfirbragð.

10% afsláttur af EGF gjafatöskum dagana 30. nóv til 2. des.

Kaupauki

Kaupaukinn* er þinn ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 5.900 kr. eða meira

* Gildir ekki með EGF gjafatöskum. Takmarkað magn.

www.egf.is

Lyf & heilsa

Austurveri
Domus Medica
Firði
Glerártorgi
Glæsibæ
JL-húsinu
Keflavík
Kringlunni
Selfossi
Vestmannaeyjum

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Vínrauður jólakjóll 34.900 kr. SHE (www.madebyshe.is)/Hönnuður: Silja Hrund Einarsdóttir.

Rauður blúndubolur, 14.900 kr. Fish-tale pils, 14.900 kr. Hönnuður: Andrea.

Selena, glamúrkjóll, 59.600 kr. - Freebird, www.freebirdclothes.com og verslunin TIIA/Hönnuður: Kolla og Gunni.

Svartur pífukjóll með doppóttum ermum, 29.900 kr. SHE (www.madebyshe.is)/ Hönnuður: Silja Hrund Einarsdóttir.

Jólakjóll 27.900 kr, Ryk (www.ryk.is)/Hönnuður: Kristín Kristjánsdóttir.

VILD ER SNILLD

NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR FRÁ SAMSTARFSAÐILUM BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

12% afsláttur hjá Osushi í Borgartúni og Pósthússtræti.*

Virkjaðu kreditkortið þitt og annarra fjölskyldumeðlima á MÍNAR SÍÐUR á WWW.STOD2.IS. Ört vaxandi hópur samstarfsaðila. Fylgstu með!

GLEÐILEG JÓL Í ÍSLENSKUM KJÓL

Það er ánægjulegt að styrkja íslenskt, en úrval íslenskrar hönnunar hefur aukist hratt að undanförnu. Lífið kíkti á nokkra álitlega jólakjóla eftir íslenska hönnuði fyrir hátíðarnar.

Ryðrauður silkikjóll, 28.500 kr. Hönnuður: Farmers market (www.farmersmarket.is).

Peplum bolur, 18.900 kr. Pensil pils, 12.900 kr. Leðurtaska, 15.900 kr. Hönnuður: Andrea Magnúsdóttir (www.andrea.is)

VIVA GLAM VARALITIR OG GLOSSAR GEGN HIV OG ALNÆMI

Við hjá **MAC** munum halda alþjóðlega alnæmisdaginn hátíðlegan **laugardaginn 1. desember** Við viljum bjóða alla velkomna og prófa sinn fullkomna **Viva Glam varalit eða gloss** Frá kl.14.00 mun **DJ Atli** halda uppi góðri stemmningu og munum við fá til liðs við okkur góða gesti eins og **Ragnhildi Steinunni, Yesmine Olsson, Sigríði Klingenberg, Haffa Haff, Begga og Pacas.**

Einar Þór Jónsson og fleiri góðir félagar frá HIV samtökunum á Íslandi verða á staðnum og munu taka við styrk frá The MAC Aids fund.

MAC

Kringlunni

MÁLEFNI SEM SNERTIR ALLA

Viva Glam eru varalitir og glossar sem sem fást í MAC, en allur ágóði af sölu þessara vara fer í baráttusjóð gegn alnæmi sem er einn sá stærsti í heiminum. Markmið sjóðsins er að hjálpa fólki á öllum aldri, af öllum kynstofnum og báðum kynjum í baráttunni gegn HIV og alnæmi úti um allan heim með sölu Viva Glam. Yfir 40 milljón manns lifa við HIV-smit eða alnæmi í heiminum og rúmlega 5.000 manns deyja á degi hverjum. Þetta er málefni sem snertir okkur öll. Alnæmissjóður MAC var stofnaður árið 1994 og hafa safnast í sjóðinn 270 milljónir Bandaríkjadollara frá upphafi.

Á laugardaginn kemur, hinn 1. desember, sem er alþjóðlegi alnæmisdagurinn, ætlar MAC að gera sér glaðan dag í Kringlunni, selja vörurnar, fá góða gesti á borð við Haffa Haff, Ragnhildi Steinunni, Yesmine Olsson, Sigríði Klingenberg og Begga og Pacas í heimsókn kl. 14.00 til að leggja málefninu lið. Ekki missa af þessu.



Helgar-MATURINN

Hödd Vilhjálmsdóttir fréttakona á Stöð 2 hefur í nægu að snúast heima með nýfæddri dóttur sinni og fjölskyldu um þessar mundir, en hún deilir hér fyrstu smákökuuppskriftinni fyrir jólin. Um er að ræða unaðslega blöndu af hvítu súkkulaði og kókos. Njótið!

Hvítsúkkulaðikókoskæti

1 bolli mjúkt ósaltað smjör
½ bolli hvítur sykur
½ bolli ljósbrúnn sykur
2 egg
1 tsk. vanilludropar
2 bollar hveiti
1 tsk. matarsódi
½ tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
2 bollar haframjöl
2 bollar hvítir súkkulaðibitar (stórum bitum)
1 bolli kókosflögur
1 bolli valhnetur (gróft skornar)

Hrærið saman smjör og sykur, á meðalhraða, í tvær mínútur. Setjið eggin út í, eitt í einu og hrærið á meðan. Bætið við vanilludropum.

Setjið hveiti, matarsóda, lyftiduft og salt í skál og blandið saman. Hellið þurrblöndunni rólega út í smjörblönduna og blandið vel saman. Bætið í haframjöli, kókosflögum, valhnetum og súkkulaðibitum og blandið við.

Setjið 1 msk. af deiginu á smjörpappírsþakta bökunarplötu, eins oft og deigið leyfir. Ýtið aðeins á hverja köku til að fletja smá út. Bakið við 180°C í 16-18 mínútur – eða þar til þær verða gylltar að lit. Takið út úr ofninum, leyfið aðeins að kólna og svo er bara að borða og brosa.

evalín

Evalín kynnir með stolti haust 2012 línuna sem er seld í verslun okkar E-label / evalín

E-Label / evalín / Laugavegi 32 /sími 5713811

NÝTT FRÁ BJÖRG Í BÚ

Björg í bú hefur sent frá sér glænýja vöru úr íslenskri ull, hitaplatta í nokkrum hressilegum litum. Plattarnir eru bæði vél- og handprjónaðir og alfarið íslensk framleiðsla.

HITAPLATTAR ÚR ULL eftir Helgu Björg Jónasdóttur og Eddu Gylfadóttur í Björg í bú.

„Það er okkar mottó að vinna með íslenskum framleiðendum og styrkja þannig íslenskan iðnað," segir Helga Björg Jónasdóttir, einn hönnuða Bjargar í bú, en áður hafa komið út vörurnar Peysuleysi og höfuðfatið Hlýja frá Björg í bú, allt unnið úr íslenskri ull.

„Við reynum að nota íslenskt hráefni eins og við getum og íslenska ullin er ofarlega á lista hjá okkur," segir Helga.

Hitaplattarnir þola vel hita og þá má síðan þvo eins og aðrar ullarvörur í handþvotti. Plattarnir fást meðal annars í Kraumi og Epal.

Sjá www.bjorgibu.wordpress.com

PEYSULEYSI Fjölnota ullarflík.

JÓLABASAR OG UPPLESTUR Í KATTHOLTI

Jólabasar Kattavinafélags Íslands verður haldinn í Kattholti á morgun, laugardag. Margt góðra muna verður á boðstólum, svo sem íðilfagrar jólavörur, bækur, fatnaður og fylgihlutir, að ógleymdum girnilegum jólasmákökum og fleira freistandi sætabrauði.

Við sama tilefni verða seld glæsileg jólakort og dagatal til styrktar óskilakisum. Allur ágóði rennur óskiptur til kattanna.

Fleira skemmtilegt verður að gerast í Kattholti á morgun. Guðmundur Brynjólfsson, höfundur bókarinnar Kattasamsærið, les valda kafla úr bók sinni klukkan 14 og síðast en ekki síst verða til sýnis yndislegar kisulórur sem allar þrá að eignast ný og góð heimili.

Jólabasarinn stendur frá klukkan 11 til 16. Kattholt er í Stangarhyl 2.

FAGRAR FYRIRMYNDIR Kisurnar í Kattholti voru fyrirmyndir listamanna sem máluðu jólakort Kattholts í sjálfboðastarfi. Allur ágóði rennur óskertur til Kattholts, þar sem stöðugt er unnið að betra heimili fyrir kettina.

MYND/GVA

MUNUM EFTIR KISUNUM UM JÓLIN Sigríður Olsen, starfsmaður í Kattholti, og Halldóra Björk Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri Kattholts, með tvær yndislegar kisulórur.

MYND/GVA

GÓÐ Í LISTRÆNAN VEFNAÐ OG PRJÓN

GÆÐI *Íslenska ullin hefur alltaf skipt miklu máli fyrir afkomu þjóðarinnar. Notagildið var fjölbreytilegt á fyrri tímum og vandað var til vinnslu hennar.*

Gæði ullarinnar fara eftir lengd og fínleika þráðanna. Ullin var unnin að vetri til á árum áður en fólk hófst ekki handa við vinnslu hennar fyrr en eftir sláturtíð. Fyrst táði fólk þelið áður en það var sett í ullarkamba, þar sem það var kembt svo vel að hvergi sást hnökri í kembunni. Úr kembunni var svo spunninn þráður, fyrst með snældu en síðar með rokk. Þráðurinn var ýmist notaður einspinna, tvinnaður eða þrinnaður. Ef þráðurinn átti að vera tvinnaður voru tvær fullar snældur settar í snældustól og þrjár snældur ef þráðurinn átti að vera þrinnaður. Þráðurinn var síðan undinn upp í hnykla eða á hesputré.

Togið sem tekið er ofan af ullinni var vel nýtt. Það var spunnið ýmist á rokk eða halasnældu í mismunandi grófan þráð eftir notkun. Togþráðurinn var til dæmis notaður í skinnskó, snjósokka eða ytri sokka og einnig voru búin til úr honum hrognkelsanet.

Togið á íslensku ullinni hefur fjölbreytilegt notagildi en það líkist mest hör eða líni. Til þess að hreinsa togið voru notaðir svokallaðir togkambar, en í þeim var unnið það vandaðasta fyrir vefnað og útsaum. Sem dæmi má nefna fléttusaum (íslenska krosssauminn).

HÁTÍÐ Þessi mynd var tekin á handverkshátíð við Hrafnagilsskóla þar sem fólk fylgdist með því hvernig ullin er unnin.

Fyrr á öldum var allur klæðnaður heimilisfólks handsaumaður en togþráðurinn var notaður til saumanna. Þar má nefna skúfinn við skotthúfuna. Notagildi togsins var fjölbreytt og var það einnig notað í grófar rúmábreiður, segl á báta, í tjöld og vaðmál.

Íslenska ullin hentar vel í listrænan vefnað, prjón og útsaum en allur vefnaður á Íslandi fram til loka 19. aldar byggðist eingöngu á ullinni. Peysufatavaðmálið var það vaðmál sem mest var vandað til. (Heimild:Wikipedia)





smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARARTÆKI

LAND ROVER Range rover hse 4,4. Árgerð 2003, ekinn 204 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.799.000. Rnr.104356.

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

---

6 STK. SUZUKI Grand Vitara BEIN. & SJÁLFSKITPIR Árg. 2010 OG 2011 Útb. kr.360,- til 410 ÞÚS Afb. ca kr.47 TIL 62 Þús. PR. MÁN. M.v 80% Lán .- Ýmsir litir -AVIS LÉTTIR ÞÉR KAUPIN-



8 STK HYUNDAI I 30 BEIN. & SJÁLFSKITPIR Árg. 2010 OG 2011 Útb. kr.220,- - 320 ÞÚS Afb. ca kr.27 TIL 36 Þús. PR. MÁN. M.v 80% Lán .- Ýmsir litir -AVIS LÉTTIR ÞÉR KAUPIN-

10 STK. KIA Ceed STW DIESEL. Árg.2011 Útb. kr.350,- - 390 ÞÚS Afb. ca kr.44 Þús. PR. MÁN. M.v 80% Lán .- Ýmsir litir -AVIS LÉTTIR ÞÉR KAUPIN-

7 STK. HYUNDAI Ix35 GLS SJÁLFSKIPT Árg.2011 Útb. kr.450,- - 490 ÞÚS Afb. ca kr.56 Þús. PR. MÁN.M.v 80% Lán .- Ýmsir litir -AVIS LÉTTIR ÞÉR KAUPIN-

10 STK. NISSAN Micra BEINSKIPTIR Árg.2011 Útb. kr.180,- - 220 ÞÚS Afb. kr.24 - 26 Þús. PR. MÁN. M.V 80% LÁN. Ýmsir litir -AVIS LÉTTIR ÞÉR KAUPIN-

2 STK NISSAN Micra SJÁLFSKIPT Árg.2011 Útb. kr.180,- - 220 ÞÚS Afb. kr.24 - 26 Þús. PR. MÁN. .- Ýmsir litir -AVIS LÉTTIR ÞÉR KAUPIN-

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
VANTAR BÍLA Á SKRÁ
www.br.is

SUZUKI Grand vitara xl-7. Árg 2003, ek. 137 Þkm. Sjálfsk. Verð Tilboð 1.190 þús. Rnr.110880.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is

TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.220665. uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

TOYOTA Corolla sol. Árgerð 2007, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.650.000. Rnr.230045. uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

Notaðir bílar Kletthálsi
Kléttháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Opið virka daga 9-18.
www.toyotakletthalsi.is

HEKLA
REYKJANESBÆ

TOYOTA Auris. Árgerð 2010, ekinn 60 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.120109.

VW Transporter kasten. Árgerð 2007, ekinn 121 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.110114.

SKODA Superb. Árgerð 2011, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.120283.

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 260
Reykjanesbæ
Sími: 420 3040
www.heklarnb.is

STÓRA BÍLASALAN

Land Rover Discovery HSE G4 Dísel Árgerð 2007, ekinn 117þ.km, ssk. Einn með öllu! Flott eintak sem er á staðnum! Verð 6.390.000kr. Raðnúmer 153849. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

VW Passat highline. Árgerð 2008, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.110739. TILBOÐSVERÐ kr: 2.390.000,-

NISSAN Qashqai+2 se. Árgerð 2011, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.160330.

KIA Ceed eco-dynamics. Árgerð 2011, ekinn 30 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.850.000. Rnr.140355.

MERCEDES BENZ E 200 kompressor komp (042). Árgerð 2005, ekinn 61 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.100317. TILBOÐSVERÐ kr. 2.990.000,-

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

---

bifreidar.is
577 4777

LESTU ÞETTA
MMC Pajero int.turbo diesel/langur. 7 manna. Árgerð 1997, í góðu standi, nýjar lamir í afturhlera, tilbúin í snjóinn, 5 gírar. Verð 330þús. Rnr.105189.

bifreidar.is
Réttarháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is

---

bíll.is
bestir í bílum...

DÍSEL
Range Rover Sport. Árg 2006, ekinn aðeins 116 Þ.KM, dísel, Toppeintak Verð 4.980.000. skoðar skipti Rnr.135564.

FLOTT EINTAK
TOYOTA Rav4 langur 4wd auto. Árgerð 2005, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.220824.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com

Af hverju ertu að skoða bíla í kuldanum, erum með 50 bíla í salnum, allar gerðir. Komdu og skoðaðu draumabílinn við bestu aðstæður. Bílar á öllum verðum. Það hefur aldrei kostað að skrá bíl hjá okkur.

Bílakaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
http://www.bilakaup.com

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

Toyota Land Cruiser 80 Vx 38" breyttur. Árgerð 1995, Mikið gegnumtekinn og glæsilegur ! , Dísel, Sjálfskiptur. Verð 2.900þ Rnr 132232.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

TOYOTA
SELFOSSI

A.T.H ÓSKUM EFTIR
Toyota Land Cruiser 200 disel sem þurfa að vera hóflega eknir, erum með kaupandur af slíkum bílum.

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000 / 664 8000
http://www.toyotaselfossi.is

---

100 bílar.is bílasala

NÝ COLEMAN SEDONA 8 FET, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 1.499.800kr, Komdu og skoðaðu,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

LC 90VX NÝ SKIPTING SSK.EK.330ÞÚS 35" ER Á 33" MJÖG HEILL BÍLL Fæst á 895 þús stgr S. 847 7663

LAND ROVER DISCOVERY TDI
Til sölu Land Rover Discovery 2,5 Tdi árg 1998. Sjálfskiptur disel. Ekinn 230þ. Góður og eyðslugrannur bíll. Verð 600þ. Uppl S:89 38713 Baurkles@gmail.com.

Lincoln Navigator Black'07. Ek: 82 þús. Svartur innan/utan. 1 eigandi. Smurbók. Ný vetrardekk negld. Verð: 4,2 m. Engin sk. Uppl: Tómas 895 9974.

JCB Robot 165 ,99. Ásett verð 1650Þ tilboð staðgreitt 1190Þ S. 840 6940.

Til Sölu Honda Civic sport 1800. Skemmtilegur og fallegur bíll. 6 Gíra, ekinn 74 þ. Ásett verð.2,1 mill. Tilboðsverð 1,8 millj. Upplýsingar í síma 824 4043.

250-499 þús.

TILBOÐ 420ÞÚS
WV póló árg 2001 beinsk 1,4 ek 158 þús ný tímareim ,vetrardekk, reyklaus, toppbíll. Verð 420þús gsm 868 2352

SJÁLFSKIPT COROLLA !
Toyota Corolla árg ,98, ekinn 171þús, sjálfskiptur, skoðaður 2013, vetrardekk, 5dyra, eyðsla aðeins ca 7L/100km, lítur vel út, Tilboðsverð aðeins 320þús stgr, möguleiki á 100% visa/euro láni, s:659-9696

Bílar óskast

!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Sendibílar

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar

NORSKAR KEÐJUR OG KEÐJUVIÐGERÐAREFNI
Eigum til fyrir vinnuvélar, vörubíla, sendibíla og dráttarvélar
TRYGG
VB LANDBÚNAÐUR
www.VBL.is
VB Agriculture
REYKJAVÍK S: 414-0000
AKUREYRI S: 464-8600

Hjólbarðar

VAKA

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Bílapartasalan
Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Loka útsala ! Búðin hættir allt verður selt á hlægilegu verði. Hæsta verð 5000þús. Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

SMÁPARTAR.IS
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

VARAHLUTAVAKTIN SÍMI 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir

VIÐGERÐIR SMURSTÖÐ
Olís smurstöð. Bremsuviðgerðir. Rafgeymar. Hjólbarðaviðgerðir. Allar perur. Smur-, bón og Dekkjaþjónustan Sætúni 4. S. 562 6066

ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!
Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Málarar

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

MÁLARAMEISTARI
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Garðyrkja



Setjum upp jólaseríur og annað skraut fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga og stofnanir. Útvegum allt sem til þarf og hjálpum til með hugmyndir. Sími 698 9334.

Húsaviðhald

Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf - parket. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Tölvur

APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

Spádómar

Les í spil, bolla, kúlu og árur. Kom í sunnudagsmorgunstund hjá Sirrý. Öllum trúnaði gætt. S. 690 8160 Gerður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

PARTÝBÚÐIN Í JÓLASKAPI
Jólasveinabúningar og skemmtilegt skraut í úrvali. Falleg vetrarkerti á frábæru verði (aðeins í Faxafeni). Gefum börnum og fullorðnum litlar jólagjafir. Verið velkomin. Partýbúðin, Faxafeni 11 (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534, Partýbúðin, Amaróhúsinu, Akureyri, s. 534-0535

KEYPT & SELT

Til sölu

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



JÓLASENDINGIN ER KOMIN
Úrval af Fjarstýrðum Þyrlum, Bílum, Módelum,Skýjaluktum,Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

ÓDÝR HEIMILSTÆKI
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

CARAT - HAUKUR GULLSMIÐUR SMÁRALIND - KAUPUM GULL OG SILFUR
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

KAUPUM GULL
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

NUDD OG HEILSA
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

HEIMILIÐ

Húsgögn

LAGERSALA
í Rauðagerði 26. Opið frá kl. 16-18. www.mira.is & S. 893 2552

Þessi fallegi sófi er til sölu. Verð 95.000,- Uppl. í síma 864 2599.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE
WWW.LEIGUHERBERGI.IS
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is

til sölu

fasteignir

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Ljósheimar – í álklæddu lyftuhúsi á 5. hæð.

Rúmgóð 3ja herbergja 96,8 fm íbúð á 5.hæð í fallegu álklæddu lyftuhúsi. Góð sameign. Endurnýjað fallegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Parket. Mjög gott útsýni. Mjög góð staðsetning, örstutt í góðar verslanir bæði í Skeifunni og Glæsibæ og útivistarparadísina í Laugardalnum.
Verð 22,9 m.

Upplýsingar á skrifstofu Eignamiðlunar í síma 588-9090 eða hjá Þórarni lögg. Fs í síma 899-1882

Húsnæði í boði

Íbúð til leigu nálægt Hlemm. Sími 661 5219.

Til leigu 2 herb íbúð í miðbæ 101 Rvk. Með/án húsgagna 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

LAUS STRAX!
Til leigu 2.herb. íbúð með öllu í 101 Reykjavík. Leigutími 01.12.12 - 01.06.13. Uppl. í síma 699 0005

Sumarbústaðir

GISTING - AKUREYRI
Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.
orlofshus.is Leó 897 5300

Atvinnuhúsnæði

TVÖ 60,6 M2 IÐNAÐARBIL TIL SÖLU
9 m2 milliloft. Einnig eitt 51,6 m2 bil. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. ~~Nýsérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500~~

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

ATVINNA

Atvinna í boði

SUBWAY

DAGVINNA 100% STARF
Subway, Bankastræti auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf Vinnutími frá 10.00 til 18.00 alla virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Góð laun í boði.
Umsóknareyðublöð á staðnum og inná subway.is Nánari upplýsingar gefur Djurdja í síma 696-7086

SUBWAY

NÆTURVINNA
Subway, Bankastræti auglýsir eftir fólki á næturvaktir. Vinnutími frá 22 til 06, föstudaga og laugardaga, aðrahverja helgi. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Góð laun í boði.
Umsóknareyðublöð á staðnum og inná subway.is Nánari upplýsingar gefur Djurdja í síma 696-7086

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARI

AFGREIÐSLUFÓLK ÓSKAST!
á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf.

Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

SÖLUMAÐUR Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
Bílabúð Benna óskar eftir að ráða reyndan sölumann. Leitum eftir dugmiklum og heiðarlegum starfskrafti sem býr yfir hæfni í samskiptum. Reynsla af sölu hjólbarða er skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Gestur í síma 590 2080 eða gestur@benni.is Umsóknarfrestur er til og með 10. desember n.k.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
Óskum eftir öflugum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði okkar á Tangarhöfða. Nánari uppl. Gestur í síma 590 2080. Bílabúð Benna

Óska e. starfsmanni í heildsölu 2 daga í viku. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „heildsala"

HAGABAKARÍ - HAGAMEL
Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir

Tilkynningar

Kópavogsbær

Umhverfissvið
Skipulags- og byggingardeild

Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Kársneshöfn. Hafnarsvæði. Vesturvör 38-50. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs þann 25. september 2012 tillögu að breyttu deiliskipulagi á athafnasvæði Kársneshafnar nánar tiltekið við Vesturvör 38-50. Tillagan var kynnt frá 18. júní með athugasemdafrest til 2. ágúst 2012. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir og ábendingar hefur verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. ofangreindra laga. Að ósk Skipulagsstofnunar voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs 27. nóvember 2012 leiðréttingar á málsgögnum. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 5. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 30. nóvember 2012.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Til sölu

Til sölu
Góður rekstur „Einstakt tækifæri" Góð afkoma.

- Til sölu smásölu/framleiðslufyrirtæki sem er með sitt eigið"vörumerki"
- Eigin framleiðsla, miklir vaxtamöguleikar.
- Öll tæki og búnaður af bestu gerð.
- Einkaleyfi á Íslandi.
- Fyrirtækið er einungis 2 ára og hefur verið rekið með góðum hagnaði frá upphafi.
- Fyrirtækið er mjög skuldlítið og er því ekki um yfirtöku á neinum áhvílandi lánum.

Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá Arnari Sölvasyni í síma 896 3601 eða með tölvupósti arnar.solva@gmail.com eða hjá Kristjáni með tölvupósti kristjan390@gmail.com ".

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn megi ekki á as ista skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif

ALÞINGI

Frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis gefur þeim sem þess óska kost á að senda skriflegar athugasemdir við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá Íslands.

Nefndin veitir viðtöku umsögnum og erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum á netfangið stjornskipun@althingi.is. Umsagnir og erindi þurfa að berast nefndinni fyrir 13. desember nk.

Eldri umsagnir um skýrslu forsætisnefndar um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands sem voru til meðferðar á síðasta löggjafarþingi liggja einnig til grundvallar við vinnu nefndarinnar við frumvarpið.

Frumvarpið er að finna á vefslóðinni:
www.althingi.is/s510/
Eldri umsagnir er að finna á vefslóðinni:
www.althingi.is/e3/

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

atvinna

Barnaverndarstofa

Tímabundin staða lögfræðings á

Barnaverndarstofa óskar eftir lögfræðingi í afleysingum í allt að tvö ár. Meginverkefni eru meðferð og afgreiðsla kvartana yfir málsmeðferð barnaverndarnefnda, eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og lögfræðileg ráðgjöf auk þátttöku í þverfaglegu starfi Barnaverndarstofu á sviði afgreiðslu einstakra verkefna.

Gerð er krafa um embættispróf í lögfræði eða sambærilega menntun. Menntun og reynsla af stjórnsýslu og málsmeðferð barnaverndarmála er æskileg.

Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. janúar nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við úrvinnslu umsókna um starfið gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Laun eru greidd skv. kjarasamningi við Stéttarfélag lögfræðinga.

Umsóknarfrestur er til 14. desember 2012. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju. Nánari upplýsingar veitir Heiða Björg Pálmadóttir lögfræðingur Barnaverndarstofu í síma 530 2600.
Umsóknum má einnig skila rafrænt til aslaug@bvs.is.

Tilkynningar

Boltinn í beinni

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Hljómsveitin **Upplyfting** spilar í kvöld.
Allir velkomnir.

JÓLAFEST

GILLNAMARN

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð
Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

„ÞETTA ER DÚNDUR-SKEMMTILEG BÓK UM MJÖG SKEMMTILEGT FÓLK.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Mjög vel gert.“

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

„Auður er mikill húmoristi. Þetta er þroskaðasta verk Auðar og áreiðanlega hápunkturinn á skáldferli hennar.“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / KILJAN

„Undirliggjandi í öllum hennar verkum er himinhá siðræn krafa sem verður logandi í huga lesandans.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. getraun, **6.** frá, **8.** skil, **9.** vætla, **11.** tveir eins, **12.** sjávarspendýr, **14.** bátur, **16.** pot, **17.** drulla, **18.** fát, **20.** skst., **21.** traðkaði.

LÓÐRÉTT
1. korn, **3.** í röð, **4.** reina, **5.** mjög, **7.** viðriðinn, **10.** keyra, **13.** impra, **15.** krass, **16.** margsinnis, **19.** svörð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. gæta, **6.** af, **8.** bil, **9.** ila, **11.** il, **12.** sæskýr, **14.** kajak, **16.** ot, **17.** aur, **18.** fum, **20.** no, **21.** tróð.
LÓÐRÉTT: 1. maís, **3.** æb, **4.** tilraun, **5.** all, **7.** tíðkast, **10.** aka, **13.** ýja, **15.** krot, **16.** oft, **19.** mó.

Spilavítinu Melaskóla lokað

BAKPANKAR
Magnús Þorláks Lúðvíkssonar

Um miðjan tíunda áratuginn var enginn maður með mönnum á skólalóðinni án þess að eiga safn af Pox-spjöldum. Þessi litríku, kringlóttu spjöld lagði maður undir í keppni við aðra sem snerist um að kasta svokölluðum sleggjum á spjöldin með það fyrir augum að snúa þeim við, en þar með eignaðist maður þau. Vildi maður tefla virkilega djarft lagði maður sleggjurnar undir. Minnist ég þess að hafa eitt skiptið hlaupið grátandi heim eftir að hafa tapað flottustu sleggjunni minni. Hún var úr stáli, sjáið þið til. Poxið var reyndar ekki lengi að detta úr tísku en við dóum ekki ráðalausir. Við snerum okkur einfaldlega að harki með tíköllum eða þá Drakkó-köllum, svo önnur tískubóla æskuáranna sé nefnd. Skólalóð Melaskóla var nefnilega ekkert annað en spilavíti.

NÚ Á loks að binda enda á þennan ósóma. Innanríkisráðherra vill setja á fót nýja ríkisstofnun sem sinna á eftirliti með veðmálastarfsemi innanlands. Þá á að banna Íslendingum að notfæra sér erlendar veðmálavefsíður. Af hverju? Það er reyndar vandséð þar sem ekki er gert ráð fyrir að spilakassar, bingóið í Vinabæ, happdrætti eða tippið verði bönnuð. Það virðist nefnilega heldur vera á forsendum efnahagslegrar verndarstefnu sem ráðherra vill setja slíkt bann. Þannig hefur hann lagt áherslu á að veðmálafé fari úr landi og jafnframt sagst opinn fyrir því að innlendum fyrirtækjum verði gert kleift að bjóða upp á netspil. Þá vaknar spurningin af hverju að láta staðar numið þarna, af hverju bönnum við ekki bara líka til dæmis innflutning erlendra kvikmynda eða jafnvel húsgagna?

ÞAR koma væntanlega til hin rök ráðherra fyrir ráðgerðum lagabreytingum, sem snúa að því að veðmálafíkn sé vaxandi vandamál á Íslandi. Hér verður ekki gert lítið úr þeim vanda sem veðmálafíkn getur valdið einstaklingum og fjölskyldum þótt slík fíkn sé reyndar mjög sjaldgæf (minna en 1% fólks á við slíka fíkn að stríða samkvæmt flestum rannsóknum). En það má heldur ekki gera lítið úr rétti fólks til að ráðstafa eigin eignum að vild. Takmarkanir á þeim rétti verða að vera studdar með sterkum rökum. Tilfinning ráðherra um umfang veðmálafíknar (í samtali við Morgunblaðið sagðist hann ekki hafa tölfræðilegar upplýsingar til að styðja fyrrnefnda fullyrðingu) uppfyllir ekki það skilyrði.

ÞÁ ER raunar erfitt að sjá að vandi mjög fámenns hóps réttlæti yfirhöfuð takmarkanir á hegðun allra í tilviki sem þessu. Það er nefnilega ekki svo einfalt að gera skýran greinarmun á „hættulegri“ fíkn og „eðlilegri“ afþreyingu. Lítill hópur Íslendinga þjáist af netfíkn en það er varla nægjanleg ástæða til að banna netnotkun á Íslandi, eða hvað?

MYNDASÖGUR

PONDUS
Eftir Frode Øverli

GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes

BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Rómantískur gamanleikur
í leikstjórn Sigga Sigurjóns og Bjarna Hauks

fim.	22/11 kl. 20	UPPSELT	lau.	1/12 kl. 19	örfá sæti
fös	23/11 kl. 20	örfá sæti	sun.	2/12 kl. 20	örfá sæti
lau.	24/11 kl. 19	örfá sæti	sun.	30/12 kl. 20	örfá sæti
fös.	30/11 kl. 20	örfá sæti			

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

FÍTON / SÍA F104359

Birting viðauka við lýsingu Fjarskipta hf.

Almennt útboð 3. desember til og með 6. desember 2012

Í tengslum við almennt útboð skv. 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti á hlutabréfum í Fjarskiptum hf. (hér eftir „Fjarskipti“ eða „félagið“) og umsókn félagsins um töku allra hlutabréfa í Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir „Aðalmarkaður Kauphallarinnar“), hafa Fjarskipti birt viðauka, dagsettan 29. nóvember 2012, við lýsingu félagsins, dagsetta 19. nóvember 2012 sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, allt dagsett 19. nóvember 2012 (hér eftir nefnt „Lýsingin“). Viðaukinn er útbúinn í samræmi við ákvæði 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en samkvæmt þeim ber útgefanda verðbréfa að tilkynna um mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, á tímabilinu frá því að lýsing er staðfest og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þar til viðskipti með verðbréfin á Aðalmarkaði Kauphallarinnar hefjast. Viðaukann skal lesa í samhengi við Lýsinguna og mynda skjölin eina órjúfanlega heild. Komi ekki annað fram skulu öll hugtök og lögheiti sem viðaukinn inniheldur hafa sömu merkingu og í Lýsingunni. Við birtingu viðaukans verður hann hluti af Lýsingunni.

Lýsingin, ásamt viðaukanum, er gefin út á íslensku og birt á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is. Útprentuð eintök af Lýsingunni, ásamt viðaukanum, má jafnframt nálgast í höfuðstöðvum Fjarskipta að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík. Lýsingin, ásamt viðaukanum, verður aðgengileg næstu 12 mánuði.

Viðaukinn er birtur í tengslum við úrskurð Eftirlitsstofnunar EFTA vegna kvörtunar á meintri ólögmætri ríkisaðstoð, nýjar upplýsingar um þróun í ágreiningsmáli félagsins og Farice og nýjar upplýsingar um þróun í ágreiningsmáli félagsins og Tals, allt framangreint tekur til umfjöllunar í kafla 1.3.6. *Ágreinings- og dómsmál* í útgefandalýsingu félagsins. Enn fremur er í viðaukanum getið um hagsmunatengsl sem láðist að nefna á milli framkvæmdastjóra hjá Fjarskiptum og stjórnarmanns í Framtakssjóði Íslands slhf. Tekur það til umfjöllunar í kafla 5.6. *Hagsmunaárekstrar stjórnar og framkvæmdastjórnar í* útgefandalýsingu félagsins. Loks er getið breytinga á skilmálum útboðs félagsins sem tekur til umfjöllunar í m.a. kafla 4 *Skilmálar og skilyrði* almenns útboðs í verðbréfalýsingu félagsins. Nákvæmar upplýsingar um breytingarnar eru útlistaðar í viðaukanum.

Skilyrði og skipulag almenns útboðs

Almennt útboð fer fram í tveimur hlutum, lokuðum hluta sem völdum fjárfestum verður boðin þátttaka í og opnum hluta sem öllum sem uppfylla þátttökuskilyrði er heimil þátttaka (hér eftir nefnt „Útboðið“). Í lokaða hluta útboðsins skulu fjárfestar skila inn áskriftartilboðum og skulu þau þannig fram sett að verð hvers hlutar sé á bilinu 28,8 til 33,3 kr. á hvern hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftartilboða skal vera 50 milljón krónur að kaupverði.

Opinn hluti almenns útboðs félagsins fer fram frá kl. 10:00 þriðjudaginn 4. desember og stendur til kl. 16:00 fimmtudaginn 6. desember 2012. Seljandi í opna hluta útboðsins mun bjóða til sölu á bilinu 33.564.520 áður útgefna hluti í Fjarskiptum, sem svarar til 10% heildarhlutafjár félagsins. Aðrir 33.564.520 hlutir verða einnig boðnir til sölu hvort heldur í opna eða lokaða hluta útboðsins. Lágmarksáskrift er 50 þúsund krónur að kaupverði. Útboðsgengið í opna hluta útboðsins verður ákvarðað með hliðsjón af eftirspurn í lokaða hluta útboðsins sem haldið verður á mánudeginum 3. desember 2012. Endanlegt útboðsgengi verður tilkynnt eigi síðar en fyrir miðnætti mánudaginn 3. desember2012. Öll hlutabréf í opna hluta almenna útboðsins verða boðin til sölu á þessu sama útboðsgengi. Skilyrði fyrir þátttöku í opna hluta útboðsins eru að þátttakendur hafi íslenska kennitölu og séu fjárráða. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Fjarskiptum eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar í Lýsingunni í heild og skilmála útboðsins sem þar koma fram.

Markmið Fjarskipta og seljenda er að útboðið geri Fjarskiptum kleift að uppfylla skilyrði reglna Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga, dagsettar 1. desember 2009, um dreifingu hlutafjár. Er þá bæði horft til þess að almenningur og fag- og stofnanafjárfestar eignist hlut í félaginu. Það er jafnframt markmið seljenda að hámarka söluverðmæti hluta sinna í félaginu. Seljandi mun falla frá útboðinu samþykki Kauphöll ekki fyrirliggjandi umsókn félagsins um töku hlutabréfa í því til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar sem og ef skilyrðum um nægjanlega dreifingu hlutafjár er ekki náð. Seljandi áskilur sér enn fremur rétt til að falla frá útboðinu ef öðrum markmiðum hans er ekki náð með útboðinu.

Niðurstöður útboðsins munu liggja fyrir eigi síðar en fyrir miðnætti föstudaginn 7. desember 2012. Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta dag viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, en fyrsti dagur viðskipta getur þó ekki orðið fyrr en þann 18. desember 2012.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Fjarskipti og skilmála almenna útboðsins má finna í Lýsingu Fjarskipta og viðauka við hana. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með útboðinu og því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.
Íslandsbanki hf. veitir nánari upplýsingar um útboðið í síma 440 -4900 á milli kl. 09:00 og 18:00 dagana 4. desember til og með 6. desember 2012.

Reykjavík, 30. nóvember 2012
Stjórn Fjarskipta hf.

JÓLABÆKURNAR

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM

3.840 KR.

30% afsláttur

3.280 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.699 KR.~~

3.140 KR.

3.999 KR.

30% afsláttur

4.190 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.990 KR.~~

30% afsláttur

3.490 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.990 KR.~~



30% afsláttur

3.480 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.980 KR.~~

30% afsláttur

4.050 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.790 KR.~~

30% afsláttur

4.190 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.999 KR.~~

30% afsláttur

2.300 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.299 KR.~~

30% afsláttur

1.390 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~1.999 KR.~~

30% afsláttur

2.430 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.480 KR.~~

30% afsláttur

2.080 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~2.980 KR.~~

30% afsláttur

3.490 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.999 KR.~~

24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

Gildir 30. nóvember - 2.desember.

Á BETRA VERÐI
Í HAGKAUP



30% afsláttur
4.400 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.299 KR.~~

30% afsláttur
4.540 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.499 KR.~~



4.400 KR.

30% afsláttur
4.190 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.999 KR.~~



30% afsláttur
4.190 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.999 KR.~~

30% afsláttur
4.190 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.999 KR.~~

30% afsláttur
3.490 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.999 KR.~~

30% afsláttur
4.050 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.790 KR.~~

30% afsláttur
5.230 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~7.480 KR.~~

30% afsláttur
2.790 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.999 KR.~~

30% afsláttur
3.430 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.900 KR.~~

30% afsláttur
3.490 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.999 KR.~~

32% afsláttur
2.020 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~2.980 KR.~~

30% afsláttur
3.490 KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.999 KR.~~

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Lítill hiksti, stór músík

TÓNLIST ★★★★☆

Caput-hópurinn flutti verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson

Kaldalón í Hörpu

SUNNUDAGURINN 25. NÓVEMBER

Tónsmíðar bera oftar en ekki hefðbundin nöfn. Svo sem eins og kantata í C-dúr, sónata í D-dúr eða sinfónía í E-dúr. „Minniháttar hiksti“ er óvanalegra. Þetta var nafnið á einu verkanna eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem var flutt á tónleikum Caput-hópsins á sunnudaginn í Kaldalóni í Hörpu.

Titillinn er samt dæmigerður fyrir Þorkel. Húmorinn er sjaldan langt undan. Sumar tónsmíðarnar hans eru tækifærisverk, spunnar út frá bröndurum. Þær hafa elst misvel. Gallinn við brandara er að þeir eru bara fyndnir einu sinni. En það er líka alvara á ferðum hjá Þorkatli, meira að segja í tónverkum sem byrja á gríni. Hvað sem segja má um upphafshugmyndirnar, þá er framvindan og úrvinnslan í þessum sömu verkum yfirleitt áhugaverð og grípandi. Þegar best tekst til er innblásturinn auðfundinn. Hann er fáum gefinn.

Tónleikarnir voru þeir fyrstu í vetur hjá Caput-hópnum. Hann fagnar aldarfjórðungs afmæli um þessar mundir. Hópurinn hefur verið leiðandi í flutningi nýrrar tónlistar á Íslandi. Mörg verk hafa verið samin sérstaklega fyrir hann, bæði stærri og minni tónsmíðar, djarfar tilraunir, en líka hefðbundnari tónlist. Ef eitthvað er, má segja að flóra íslenskrar samtímatónlistar verði sífellt fjölbreyttari. Það hefur endurspeglast í starfi Caput-hópsins.

Það fór vel á að upphafstónleikar afmælisvetrarins væru þverskurður á starfsævi Þorkels, einu ástsælasta tónskáldi Íslendinga. Á efnisskránni voru nokkrar tónsmíðar sem aldrei hafa heyrst hér á landi. Sem fyrr segir er sumt hálfgerður brandari; hið sísta sennilega Music From the Court of Thóra. Þar er arfaslök laglína endurtekin út í það óendanlega með litlum tilbrigðum. En hikstinn fyrrnefndi er sniðugri. Verkið er fyrir slagverk og sembal, rytminn hljómar eins og hiksti – þaðan er nafnið komið. Svo vindur það upp á sig og verður að spennandi frásögn. Á tónleikunum var þessi tónasaga listilega útfærð af þeim Guðrúnu Óskarsdóttur og Steef van Oosterhout.

Hér er ekki pláss til að gera öllu skil. Það sem stóð upp úr (fyrir utan hikstann) var einkum tvennt: Níu lög úr þorpinu og Þrjú andlit úr látbragðsleik. Hið fyrra er flokkur stuttra laga við ljóð eftir Jón úr Vör. Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran söng ákaflega fallega, af einlægni og raddfegurð. Ekki skemmdi sérlega mjúkur og blæbrigðaríkur píanóleikur Valgerðar Andrésdóttur.

Síðara verkið er tríó fyrir píanó, fiðlu og selló. Það fékk nafn sitt þegar Þorkell sá fyrst andlit hljóðfæraleikaranna sem frumfluttu tríóið á sínum tíma. Þau voru mjög ólík. Þá kviknaði hugmyndin að semja tríó þriggja ólíkra radda. Hér voru það þau Valgerður, Zbigniew Dubik og Bryndís Halla Gylfadóttir sem léku. Raddirnar voru hver upp á kant við aðra, en runnu saman í lokin í einkar áhrifamiklum, lýrískum lokakafla. Það var frábær endir á athyglisverðum tónleikum.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Spennandi þverskurður á tónsmíðum Þorkels Sigurbjörnssonar. Sum verkin voru frábær.

ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON Það er alvara á ferðum hjá Þorkatli, meira að segja í tónverkum sem byrja á gríni segir í gagnrýni Jónasar Sen.

SKIN OG SKÚRIR Björn Þór segir áratuginn 2001 til 2010 hafa einkennst af miklum sveiflum, en ýmislegt jákvætt hafi unnist.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áratugur öfga, uppgjörs, taps og sigra

Áratugurinn frá 2001 til 2010 var sveiflukennt tímabil á Íslandi eins og fram kemur í bókinni Ísland í aldanna rás fyrir þann áratug. Höfundar bókarinnar eru blaðamennirnir Björn Þór Sigbjörnsson og Bergsteinn Sigurðsson. Björn Þór var spurður hvernig þeir hefðu skipt með sér verkum.

Í stuttu máli má segja að Bergsteinn hafi skrifað um það skemmtilega og ég það leiðinlega,“ segir Björn Þór glottandi. „Það skiptist að mestu eftir því hvar áhugasvið okkar liggja og viðfangsefnum okkar í blaðamennskunni á undanförnum árum. Ég skrifaði mikið um pólitík, efnahagsmál og viðskipti en Bergsteinn um menningarmál og hann sérhæfði sig einnig í glæpum í þessari bók.“

Þetta er gífurlegt verk. Tók þetta ekki langan tíma? „Þetta tók okkur um eitt og hálft ár. Við byrjuðum á því að fara yfir tímabilið, nálgast þá annála sem til eru, grufluðum í kollunum á okkur og teiknuðum þetta upp. Svo þurfti að velja mál og hafna og það var stundum dálítill hausverkur að velja hvað ætti að fara inn og hvað ekki. Margt átti augljóslega að vera í bókinni en svo var annað smærra sem þurfti að vega og meta eins og gengur.“

Áratugur öfganna

Hvað bar hæst á þessum áratug? Hvað verður hann kallaður í sögubókum framtíðarinnar? „Við köllum hann áratug öfganna. Það skiptust á skin og skúrir. Í upphafi áratugarins voru hér dálitlir efnahagslegir örðugleikar en í kjölfar þess að bankarnir voru seldir og ráðist í virkjanaframkvæmdir fór allt af stað og hér voru allt í einu peningar út um allt. Síðan hrundi sú spilaborg öll, eins og við þekkjum, og það er auðvitað það sem stendur upp úr og áratugarins verður minnst fyrir. En það eru mörg önnur stórmál. Mér finnst til dæmis brottför hersins mjög merkilegt mál. Hann hafði verið hér í öll þessi ár og ýmsir barist hart á móti veru hans, en síðan bara fór hann, hvarf nánast á einni nóttu og síðan hefur lítið verið um það talað. Það reis þessi virkjun fyrir austan, sem er stórviðburður, og í tengslum við það braust umhverfisvakningin, sem hafði verið í gerjun, út af fullum krafti. Allt í einu voru það ekki bara einhverjir kverúlantar sem mótmæltu röskun á ósnortinni náttúru heldur bara venjulegt fólk sem gerði það með miklum látum og mjög lengi og í kjölfarið er þessi aukna umhverfisvitund í samfélaginu komin til að vera.“

Tími uppgjörs

„Á þessum árum var líka áberandi að gömul mál voru gerð upp, þetta var tímabil uppgjörs. Það á við um mörg ofbeldismál eins og til dæmis Breiðavíkurmálið, Ólafs Skúlasonar málið og fleiri væri hægt að nefna. Það má segja að ríkt hafi andrúmsloft uppgjörs. Það var mikill vilji til að gera upp mál og margir sögðu sögu sína með ýmsum hætti. Fólk sem hafði orðið fyrir misnotkun eða einhverju slíku var tilbúið til að koma fram og segja frá og stjórnvöld voru opin fyrir því að málin væru gerð upp.“

Heldurðu að netvæðingin hafi átt þátt í þessari opnun? „Netvæðingin var náttúrulega ótrúleg á þessum áratug, nánast bylting. Það fóru allir að tjá sig um allt, fyrst í bloggi og síðan á Facebook og það hefur náttúrulega gríðarleg áhrif á samfélagið. Teygir anga sína með verulegum hætti inn í stjórnmálaumræðuna og út um allt.“

Glæpirnir, femínistahreyfingin, menningin

Fleiri mál sem einkenna áratuginn? „Já, fjölmörg. Til dæmis verða glæpir mun stórfelldari, menn eru að flytja inn fíkniefni í ótrúlegu magni og hljóta fyrir það mjög þunga dóma. Glæpaheimurinn verður skipulegri og harkalegri, handrukkanir voru til dæmis ekki mjög þekktar fyrir þetta tímabil. Á jákvæðari nótum er að jafnréttismálin fengu byr undir báða vængi, femínistahreyfingin sprettur upp þar sem ungar konur láta virkilega til sín taka og hafa mikil áhrif. Þær beina sjónum að þessum miður skemmtilegu málum eins og vændi, mansali og kynferðisofbeldi, sem menn voru ekkert mikið að horfa á áður. Það endar með því að nektardans er bannaður, sem stútar öllum nektarbúllum og síðan er vændi bannað með lögum. Launamunur kynjanna er hins vegar enn til staðar og það hlýtur að vera næsta verkefni femínistahreyfingarinnar að berjast gegn því.

Auk þess einkennist áratugurinn af sigrum Íslendinga á sviði íþrótta og menningar. Listir og menning nutu góðs af öllum peningunum sem voru í umferð, en ég held þó fyrst og fremst að útrásinni í viðskiptum hafi fylgt að fólk sá möguleika á öllum sviðum og að það væri hægt að hasla sér völl á hvaða sviði sem er alls staðar í heiminum. Björk ruddi brautina og aðrir fylgdu á eftir. Og í íþróttunum er það auðvitað með ólíkindum að við vinnum til silfurverðlauna í handbolta á Ólympíuleikum og að Eiður Smári spili með bestu fótboltaliðum í Evrópu svo dæmi séu tekin. Þannig að það voru unnir miklir sigrar víða.“

fridrikab@frettabladid.is

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

3490 kr.
Ljúfmeti úr lækningarjurtum

3990 kr.
Bjarni - Dísa



2790 kr.
Grimmsystur: Ævintýraspæjarar

2970 kr.
Apena

JÓLABÆKUR á frábæru verði!

1999 kr.
Segðu mér sögu

690 kr.
13 þrautir jólasveinanna

2990 kr.
Hringurinn

3999 kr.
Meistarinn

3990 kr.
Íslendingablokk

2999 kr.
Skórnir sem breyttu heiminum

1999 kr.
Dýrin- leitum og finnum



2650 kr.
Þú afhjúpar mig



2719 kr.
Dóttir húshjálparinnar

4210 kr.
Ósjálfrátt



4190 kr.
Hvítfeld

3990 kr.
Reykjavíkurnætur

Allir titlar fást í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi, minna úrval í öðrum verslunum. Tilboðin gilda 30.nóv.-3. des.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

Frumflytja nýja íslenska jólaóratóríu

Jólatónlistarhátíð Listvinafélags Hallgrímskirkju hefst í sjötta sinn á sunnudag með frumflutningi Jólaóratóríu eftir Sigurð Sævarsson, byggðu á Lúkasarguðspjallinu. Síðan rekur hver viðburðurinn annan út desember. Hápunkturinn, Jólaóratória Bachs, verður í Hörpu en hátíðinni lýkur með lúðrablæstri á gamlársdag.

Við höfum haldið Jólatónlistarhátíð í Hallgrímskirkju undanfarin sex ár og byrjum alltaf fyrsta sunnudag í aðventu, því þá hefst nýtt starfsár hjá Listvinafélaginu," segir Inga Rós Ingólfsdóttir, framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju. „Nú tökum við þetta með trompi og á sunnudaginn verður frumflutt nýtt verk eftir Sigurð Sævarsson, sem er einmitt nýkjörinn formaður Listvinafélagsins, en rétt er að taka fram að ákvörðunin um flutning verksins var tekin áður en hann tók við formennsku."

INGA RÓS INGÓLFSDÓTTIR

Verkið Jólaóratória er byggt á Lúkasarguðspjallinu ásamt textum úr Gamla og Nýja testamentinu og er allur textinn sunginn á latínu. Flytjendur eru kammerkórinn Schola cantorum, Caput-hópurinn, Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari, Kristín Erna Blöndal sópran og Jóhann Smári Sævarsson bassi, undir stjórn Harðar Áskelssonar. „Það ber öllum saman um að þetta sé óskaplega fallegt og aðgengilegt verk og þetta verður mikil upplifun," segir Inga Rós.

Flutningur Jólaóratóríunnar hefst klukkan 17 á sunnudag en í hádeginu verður opnuð sýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur grafíklistakonu í forkirkjunni. Síðan rekur hver viðburðurinn annan alveg til áramóta. „Það verða til dæmis hádegistónleikar þann 5. og 19. desember og það er nýjung sem við hugsum þannig að fólk geti komið í hádeginu á miðvikudögum og notið tónlistar á þessum annríkistíma," segir Inga Rós. „Miðvikudagurinn 12.12.12. er hins vegar uppbókaður fyrir brúðkaup í kirkjunni þannig að við urðum að sleppa honum." Jólatónlistarhátíðinni lýkur klukkan 17 á gamlársdag með hátíðartónlist fyrir trompeta, orgel og pákur. Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja verk m.a. eftir Vivaldi, Purcell, Widor og Albinoni. Hápunkturinn verður þó 29. og 30. desember þegar Jólaóratória Bachs verður í Hörpu í flutningi Mótettukórsins, Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Haag og einsöngvara undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Dagskrá Jólatónlistarhátíðarinnar má nálgast í heild á vefslóðinni Listvinafelag.is. fridrikab@frettabladid.is

Í MÖRGUM HLUTVERKUM Hörður Áskelsson og mótettukórinn leika stór hlutverk í dagskrá Jólatónlistarhátíðarinnar.

SPURNING VIKUNNAR

Hefur þú spilað hið sögufræga og stórskemmtilega borðspil Fimbulfamb sem allir eru að tala um?

Ásmundur Helgason
Já, Fimbulfamb er einfaldlega skemmtilegasta spil sem ég hef spilað!

Katla Hreiðarsdóttir
Algjör snilld! Örugg uppskrift að frábærum stundum með fjölskyldu og vinum.

Finnbogi Einarsson
Féll kylliflatur fyrir þessu spili á sínum tíma.

Hildur Sigurðardóttir
Það eru allir að tala um hvað þetta Fimbulfamb sé skemmtilegt. Mun strax tryggja mér eintak.

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistök frjáls. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.

tl.is TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Dansað í kringum Friðarsúluna

Sýningarflokkur frá Listdansskóla Hafnarfjarðar stígur dans í kringum Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey á sunnudag. Hugmyndin að baki dagskránni er að sameina kynslóðir og fólk af ólíku þjóðerni í gegnum dansinn.

Flokkurinn dansar þrjá ólíka dansstíla: ballett, diskó og nútímadans. Í kjölfarið verður boðið upp á danssmiðju þar sem þátttakendum er kenndur einfaldur dans sem tengist gleði og friði. Hér gefst einstakt tækifæri fyrir börn og fullorðna að dansa og gleðjast og sameinast undir merkjum friðarins. Ef veður leyfir lýkur dagskránni með dansi við Friðarsúluna sjálfa.

Umsjón með danssmiðjunni hefur Eva Rós Guðmundsdóttir, dansari og skólastjóri Listdansskóla Hafnarfjarðar. Ferja siglir á milli Skarfabakka og Viðeyjar á klukkustundarfresti en kveikt er á Friðarsúlunni klukkan 16.45. Ferjutollur og þátttökugjald er 1.000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir börn.

Dagskráin er samstarfsverkefni Viðeyjar, Listasafns Reykjavíkur, Borgarbókasafnsins og Listdansskóla Hafnarfjarðar.

„Jafnoki Stephen King“
INDEPENDENT



KULDI YRSU!

„Enn sterkari og áhrifameiri bók en Ég man þig.“

SIGURJÓN SIGHVATSSON KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI SEM TRYGGT HEFUR SÉR RÉTTINN Á *ÉG MAN ÞIG* OG *KULDA*

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

Spegilmyndir samtímans

BÆKUR ★★★★☆

Myndin í speglinum
Ragnheiður Gestsdóttir
VERÖLD

Ragnheiður Gestsdóttir hefur hlotið verðskuldaða athygli síðustu árin fyrir vandaðar barna- og unglingabækur. Nýjasta bók hennar, Myndin í speglinum, segir frá hinni 13 gömlu Rúnu sem undirbýr ferminguna og glímir við ýmis vandamál í fjölskyldu sinni. Foreldrar hennar eru fráskildir og neita að talast við. Eldri systur hennar, Helgu, dreymir um að verða fyrirsæta og er hætt að borða og er orðin föl og kinnfiskasogin. Hvernig getur Rúna hjálpað systur sinni þegar hennar nánustu tala ekki lengur saman og þegar enginn virðist reiðubúinn til að viðurkenna að eitthvað bjáti á hjá Helgu?

Myndin í speglinum er stórskemmtileg þroskasaga ungrar stúlku. Ragnheiður tekur á erfiðum málum í bók sinni. Sagan fjallar um sjálfsmyndir. Hvaða augum lítum við okkur í speglinum? Hvaða áhrif hefur útlitsdýrkun samtímamenningarinnar á það hvernig við sjáum okkur sjálf? Og hvað gerist þegar sjálfsmynd okkar brenglast svo svakalega að við sveltum okkur þar til allur þróttur er uppurinn og við lendum á sjúkrahúsi?

Tungutak Ragnheiðar er skýrt og látlaust en ekki barnalegt. Myndin í speglinum er bók sem foreldrar geta notið jafn vel og börnin, en Ragnheiður er einn af fáum íslenskum höfundum sem skrifa bækur sem liggja á þeim óskilgreindu mörkum sem skilja að barna- og unglingabækur og fullorðinsbækur.

Ragnheiður treystir lesendum sínum og talar ekki niður til þeirra. Hún treystir því að lesendur geti tekist á við erfiðar hugmyndir og vandamál sem erfitt er að leysa, vandamál sem jafnvel verða ekki leyst í bókinni sjálfri. Við lok bókarinnar er ljóst að erfiðir mánuðir og ár eru fram undan hjá Helgu sem þarf að glíma við sjúkdóm sem margir læknar hafa kallað ólæknandi. Og Rúnu hefur tekist að fá fjölskyldu sína til að ræða saman, en það þýðir ekki að allir séu orðnir vinir.

Rúna er hetja. Hún lendir kannski ekki í sérstökum ævintýrum, glímir hvorki við skrímsli né óvætti. En hún er hetja hvunndagsins. Hún þroskast og lærir að fylgja eigin sannfæringu. Hún stelst inn á Facebook-síðu systur sinnar til að leita að vinum sem geta hjálpað henni að taka fyrstu skrefin í átt að bata. Við getum öll verið hetjur. Við þurfum bara að taka af skarið og hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

NIÐURSTAÐA: Stórskemmtileg samtímasaga og fallega skrifuð um grafalvarlegt málefni. Ætluð börnum 11 ára og eldri en á erindi við okkur öll.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FÖSTUDAGUR 30. NÓVEMBER

Sýningar

16.00 Sýningin Hefurðu séð bleika hvalinn? opnar í Húsi Hákarla-Jörundar og Sæborg í Hrísey. Listamennirnir Yun og Rubin standa að sýningunni sem skoðar samspil manns og náttúru með því að nota þá orku sem býr í umhverfinu.

17.00 Aðventusýning félagsmanna SÍM opnar í sal SÍM hússins að Hafnarstræti 16. Á sýningunni verða verk í öllum miðlum eftir 60 félagsmenn.

20.30 Verkið Inanna og Ereskigal verður frumflutt í Rýminu á Akureyri. Það er fjöllistakonan Anna Richards og dansarinn Ernesto Camilo Aldazabal Valdes sem standa að sýningunni.

Upplestur

12.10 Margrét Blöndal og Pétur Blöndal lesa úr bókum sínum í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8. Boðið verður upp á te, kaffi og brauð.

Tónlist

12.15 Guðný Guðmundsdóttir og Peter Máté, félagar úr Tríói Reykjavíkur, efna til tónleika í anda jóla á Kjarvalsstöðum. Aðgangur er ókeypis.

12.30 Auður Gunnarsdóttir sópran og Snorri Wium tenór koma fram á hádegistónleikum í Háteigskirkju ásamt kammerhópnum Stillu. Almennt miðaverð er kr. 1.000.

19.30 Caput hópurinn heldur tónleika tileinkaða tónskáldinu Atla Ingólfssyni í sal Kaldalóns í Hörpu.

21.00 Stebbi og Eyfi spila á tónleikum í Salnum, Kópavogi. Ásamt því að flytja lög af ábreiðuplötunum sínum munu þeir flytja margar helstu söngperlur sem þeir hafa sent frá sér í gegnum tíðina, ýmist saman eða hvor í sínu lagi. Miðaverð er kr. 3.000.

21.00 Söngkonan Jussanam da Silva heldur útgáfutónleika vegna útgáfu annars geisladisks síns, Rio/Reykjavík. Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni og er miðaverð kr. 2.500.

21.00 Sigurður Guðmudnsson og Memfismafían halda árlega jólatónleika sína í Háskólabíói.

22.00 Vintage Caravan heldur útgáfutónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

22.00 Beggi og Mood flytja blús á Café Rosenberg.

23.00 Ingvar Grétarsson spilar á Ob-La-Dí Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

Leiðsögn

12.00 Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir – sumt neglt og annað saumað fast, og sýningu Þuríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hinumegin. Báðar sýningarnar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Tilboðin gilda **30. nóv - 2. des**

JÓLASYRPA
2012

1.965 KR

ÓVÆTTAFÖR
NR 10

1.856 KR

LÍKAMINN
ALFRÆÐI DISNEY

2.273 KR



GRIMMSYSTUR
ÆVINTÝRASPÆJARAR

2.713 KR

KAMILLA VINDMYLLA

2.594 KR

SKELLIBJALLA Í VANDRÆÐUM

2.022 KR

RÖKKURHÆÐIR
KRISTÓFER

2.262 KR



RÖKKURHÆÐIR
ÓFRIÐUR

2.615 KR

SKÓRNIR SEM BREYTTU HEIMINUM

3.107 KR



GLETTUR & GAMANMÁL

2.587 KR



NONNI

4.479 KR

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó bæklur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KL.10 OPNUM KL.10 OPNUM KL.10 OPNUM KL.10

GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA

1098 KR. BAKKINN

BÓNUS HEILSURÉTTUR

BÓNUS KJÚKLINGUR OG NÚÐLUR

BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

BÓNUS BURRITOS 4 STK

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS PASTA CARBONARA

froosh fruit: bottled — fljótleg og holl næring

298 KR. 250 ML

DÖNSK KJÚKLINGALÆRI FROSIN OG ÚRBEINUÐ

700 GRÖMM

1398 KR.

249 KR. 249 KR.

AMERÍSKAR PASTASÓSUR 680 GR 198 KR.
BARILLA SPAGHETTI 1 KG. 249 KR.
BARILLA FUSSILI 1 KG. 249 KR.

198 KR.

Bókin **Eftirréttir Sollu** KR. 3398,-
... HRÁEFNIÐ FÆST Í VERSLUNUM BÓNUS

359 KR.
BÓNUS **PEPPERONI** 150 GR

359 KR.
BÓNUS **LÚXUSSKINKA**
120 GR - TVÆR GERÐIR

FERSKAR BÓNUS KJÚKLINGABRINGUR

1998 KR. KG

BÓNUS **KJARNABRAUÐ 500gr**
50% meiri trefjar

198 KR.

ÞÚ GERIR ÞÍNA PIZZU HEIMA !
HÉR ER ALLT SEM ÞÚ ÞARFT

BÓNUS SPELT PIZZADEIG 400 GR
298 KR
BÓNUS VENJUL.PIZZADEIG 400 GR
259 KR

398 KR.
LÍFRÆNT / HIMNESKT **SPELT HVEITI**
GRÓFT EÐA FÍNT 1000 GR

259 KR.
BÓNUS **KLEINUHRINGIR** 6 STK

98 KR. 500 ML

459 KR.
LÍFRÆNT / HIMNESKT
100% HREINT **KAKÓDUFT 200gr**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KL.10 OPNUM KL.10 OPNUM KL.10 OPNUM

Jólasmjörið er komið

267 KR.

JÓLASMJÖR 500 GR 267 KR. STK

JÓLAKERTIN KOMIN RAUÐ OG HVÍT 12 X 6 SM **259 KR. STK**

8 METRA RÚLLA

298 KR.RL

JÓLAPAPPÍR

298 KR.

KOOP **LIMBAND** 5 RÚLLUR

498 KR.

HEIMA **FERSKAR DÖÐLUR** 600 GR NÝ UPPSKERA

298 KR.

BÓNUS **HVÍTT SÚKKULAÐI** 200 GR.

Gjafakort Bónus er tilvalin jólagjöf

Nú er hægt að fá **gjafakortið okkar** í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar.

GREIÐSLUMÖGULEIKAR
Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofuna

Skrifstofa Bónus:
Opin alla virka daga
frá kl. 9-16 Skútuvogi 13 **sími 527-9000**

1598 KR.

KONFEKT 650 GR *ALLIR BESTU MOLARNIR*

279 KR.

GÓÐ KAUP **SUÐUSÚKKULAÐI 300 GR**

HANGIFRAMP. ÚRB. **1798 KR.KG**

HANGILÆRI ÚRB. **2679 KR.KG**

FRÁ KJARNAFÆÐI:
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT

459 KR.

FROSIN **JARÐARBER** 1.2 KG POKI

998 KR.

BÓNUS **KONFEKT** 700 GR

179 KR.

APPALÓ **LAKKRÍSKURL** 150 GR

898 KR. KG

FRÁ KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA: **FROSINN LAMBABÓGUR**

1279 KR. KG

BÓNUS: **NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR**

1198 KR. KG

FRÁ KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA: **FROSIÐ LAMBALÆRI**

698 KR.KG.

FRÁ KJARNAFÆÐI: **REYKTUR GRÍSABÓGUR**

4 dósir af Víking Hátíðarblöndu fylgja með kippu af Coke 6 x 1,5 ltr.

1899 KR. KG

FRÁ SLÁTURFÉLAGINU: **LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR**

1298 KR. KG

FERSKT **NAUTGRIPAHAKK**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Mikill fengur í varðveislu eyðibýla

Rannsókn á íslenskum eyðibýlum hefur staðið yfir í tvö ár og hafa nú verið gefin út þrjú bindi þar sem birtar eru upplýsingar um eyðibýli á Norðausturlandi, Suðurlandi, Suðausturlandi og Vesturlandi. Gísli Sverrir Árnason, annar umsjónarmanna verkefnisins, segir mörg eyðibýli hafa varðveislugildi.

BAKKASEL Í ÖXNADAL Steinsteypuhús sem byggt var árið 1929 og síðast var búið í árið 1960. Húsið var byggt sérstaklega sem gistihús þótt búskapur væri á bænum. Varðveislugildi þess felst í staðsetningu, hlutverki í samgöngusögu og reisulegu byggingarlagi að því er fram kemur í rannsókninni á eyðibýlum landsins.

„Það er stefnan að taka yfirferð yfir allt landið, skrá og mynda öll eyðibýli," segir Gísli Sverrir Árnason, menningarráðgjafi og annar umsjónarmanna verkefnisins Eyðibýli á Íslandi. Skráningin hófst í fyrrasumar og unnu þá fimm háskólanemar að því að skrá og mynda eyðibýli. Í sumar voru átta í vinnu við verkefnið. „Við erum tveir umsjónarmenn verksins, ég og Sigbjörn Kjartansson arkitekt. Við stofnuðum áhugamannafélagið Eyðibýli en höfum fengið vaska sveit háskólanema í lið með okkur. Nemendurnir fá úthlutað svæðum og svo er það þeirra að skipuleggja verkið, skrá og mynda býlin. Það er gert eftir ákveðnum leiðbeiningum svo hægt sé að meta varðveislugildi býlanna."

Að sögn Gísla hafa mörg eyðibýli á Íslandi varðveislugildi, hvort sem er út frá sjónarmiði byggingar- eða menningarsögu. Og þegar rannsóknin er skoðuð kemur í ljós að oft er mælt með því að byggingarnar séu varðveittar. „Þarna eru margar gersemar í íslenskri byggingarsögu sem fengur væri að varðveita."

Haldið verður áfram með verkið næsta sumar. Gísli Sverrir hefur fylgt verkefninu frá upphafi en hann sat í undirbúningshópi sem hafði hist og velt fyrir sér hvernig glæða mætti eyðibýli lífi. Árið 2010 var svo ákveðið að láta á það reyna hvort áhugi væri fyrir því og reyndist svo vera en það hefur verið styrkt af Húsafriðunarnefnd, Nýsköpunarsjóði námsmanna, sveitarfélögum, mennta- og menningarmálaráðuneyti og fleirum.

En hvernig kviknaði áhugi Gísla á eyðibýlum? „Ég ólst upp á Hornafirði og þar um kring eru eyðibýli áberandi, ætli það sé ekki hluti skýringarinnar," segir Gísli að lokum. - sbt

JÓLA
OUTLET
Fatnaður á dömur og herra, skór og gjafavara.
Verslunarmiðstöðinni Firði
2. hæð – beint á móti versluninni Euroskór.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

HAMRAR Á MÝRUM Húsið var byggt árið 1926, það er úr timbri og er 120 fermetrar að stærð. Síðast var búið í húsinu árið 1966. Húsið hefur varðveislugildi sökum umhverfisgildis, byggingarlags og aldurs, sem og vegna menningarlandslags í umhverfi hússins segir í rannsókninni þar sem einnig kemur fram að bæjarstæðið sé með þeim glæsilegri.

SVARTUR Á LEIK

Svartur á Leik er byggð á samnefndri metsölubók eftir Stefán Mána. Kvikmyndin lýsir atburðum sem gerast undir síðustu aldamót, þegar íslenskir undirheimar gengu í gegnum mikið umbreytingaskeið. Myndin er að miklu leiti byggð á sönnum atburðum.
Komin á DVD og Blu-ray í Skífuna

Tilboðsverð DVD
2.639
Fullt verð 3.299,-

Tilboðsverð Blu-ray
3.759
Fullt verð 4.699,-

20% afsláttur um helgina

Ávaxtakarfan

Ný útgáfa af sígildum söngleik þeirra Kristlaugar Maríu Sigurðardóttur og Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar.

Tilboðsverð
2.399
Fullt verð 2.999,-

Þór Hetjur Valhallar

Fyrsta íslenska teiknimyndin í fullri lengd. Ævintýra- og hasarteiknimynd byggð á sögu Friðriks Erlingssonar.

Einnig fáanleg á Blu-ray

Tilboðsverð DVD
2.319
Fullt verð 2.899,-

Tilboðsverð Blu-ray
3.439
Fullt verð 4.299,-

Intouchables

Frönsk kvikmynd sem hefur farið sigurför um allan heim. Vinsælasta mynd ársins á Íslandi.

Tilboðsverð
2.239
Fullt verð 2.799,-

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

MÆÐGUR Elly og dóttir hennar, Hólmfríður Ásta. Vegna MS-sjúkdómsins var Hólmfríður komin í hjólastól 25 ára gömul.

HVAÐ HRUNDI ÚR ELDEY?

Margrét Blöndal hefur sent frá sér ævisögu Ellyjar Vilhjálms, einnar dáðustu söngkonu þjóðarinnar. Hér er gripið niður á tveimur stöðum í bókinni, sagt frá námsmeynni Elly á Laugarvatni um miðja síðustu öld og síðar þegar áföll dundu yfir.

Elly
Höfundur **Margrét Blöndal**
Útgáfa **Sena**
Fjöldi síðna **205**

Það hafði vafist fyrir foreldrum Ellyjar að finna dóttur sinni nafn og þegar það var loksins fundið átti fólk það til að hvá þegar hún kynnti sig.

Eldey þótti sérkennilegt nafn á lítilli stúlku og oftar en ekki þurfti hún að segja tvisvar eða jafnvel þrisvar til nafns. Henni féll þetta illa, fólk með sæmilega heyrn átti að geta skilið hvað hún sagði. Á Laugarvatni þutu brandararnir um Eldey Vilhjálmsdóttur og hina þverhníptu nöfnu hennar eins og eldur í sinu um skólann. Steininn tók úr, í orðsins fyllstu merkingu, í byrjun desember 1950 þegar Morgunblaðið greindi frá því að sjómenn teldu að hrunið hefði úr klettinum Eldey að austanverðu. „Mönnum ber þó ekki saman um, hversu mikið hrunið sje, en tök hafa ekki verið á að kanna það sjerstaklega vegna dimmviðris," sagði í blaðinu.

Skólafélögunum var skemmt. Spurningakassi málfundafélagsins fylltist af meinlegum athugasemdum og spurningin „Hvað hrundi úr Eldey?" glumdi í eyrum hennar hvert sem hún fór. Þetta kom illa við hana og í annað sinn á fjórtán árum var fundað um nafnið hennar. Hún settist niður með vinkonum sínum sem allar voru sammála um að aðgerða væri þörf. Eldey varð að víkja en nýja nafnið mátti ekki vera of ólíkt. Þær brutu heilann og ræddu ýmsar hugmyndir og loks kom svarið – Elly Vilhjálmsdóttir.

Henni var létt, nýja nafnið festist við hana, glósur skólasystkinanna hljóðnuðu. Gunnar Stefánsson gat þó ekki stillt sig þegar hann skrifaði til skólasystur sinnar að skilnaði vorið 1952:

„Ég þakka þér kærlega fyrir samveruna og ágæta viðkynningu. Ég get ekki séð að það hafi hrunið nokkuð úr Eldey í vetur. Þakka söngskemmtanirnar í Nýja skólanum. Bjarta framtíð. Gunnar."

•••

Hverful er gæfan

Elly var sannkallaður morgunhani. Henni fannst gott að fara snemma á fætur og flesta morgna vaknaði hún syngjandi glöð og reiðubúin til að takast á við verkefni komandi dags. Þriðjudagsmorgunninn 28. mars 1978 var engin undantekning. Það var vor í lofti, Elly hafði sett plötu á fóninn og var að hella upp á könnuna þegar síminn hringdi. Hún svaraði, grunlaus um hvert erindið væri. Á hinum enda línunnar var blaðamaður Dagblaðsins sem kynnti sig og spurði svo hvort það gæti verið að Vilhjálmur bróðir hennar væri látinn. Lögreglunni í Hafnarfirði hafði borist símskeyti á frönsku þar sem greint var frá því að íslenskur flugmaður hefði látist í bílslysi um nóttina. Grunur léki á að hinn látni væri Vilhjálmur en það hefði ekki fengist staðfest.

Um leið og blaðamaðurinn bar upp spurninguna vissi hann að honum höfðu orðið á skelfileg mistök. Elly hafði ekkert heyrt af slysinu og því síður af andláti bróður síns. Hún reyndi að spyrja blaðamanninn nánar út í fregnina, hann hikaði en sagði henni svo hvað hefði gerst. Því næst kvaddi hann í skyndi og Elly sat eftir skelfingu lostin. Þetta gat ekki verið satt. Skömmu síðar fékk hún fréttina staðfesta. Andlát Vilhjálms var henni mikið áfall og hún fyrirgaf blaðamanninum aldrei það sem hún kallaði síðar ómanneskjulega frekju.

Blaðamaðurinn var einnig miður sín, hann hafði aldrei lent í öðru eins. Þessi atburður er enn ljóslifandi í huga hans og hann hefur aldrei getað fyrirgefið sjálfum sér það að taka upp símtólið og hringja í Elly þennan örlagaríka dag.

Ár áfalla

Árið 1978 reyndist ár áfalla í lífi Ellyjar. Vilhjálmur lést í mars og um miðjan nóvember bárust fréttir af öðru slysi sem hún tók mjög nærri sér. Þota Flugleiða, sem var í pílagrímaflugi í Asíu, brotlenti á flugvelli við Colombo á Srí Lanka. Alls fórust 179 manns í þessu slysi, þar af átta Íslendingar. Einn þeirra var Ólafur Axelsson, deildarstjóri í flugdeild Flugleiða og tengdafaðir Atla, sonar Ellyjar. Ólafur hafði reynst Atla afar vel og Elly hafði miklar mætur á tengdafjölskyldu sonar síns. Hún kannaðist líka vel við báðar flugfreyjurnar sem fórust með vélinni. Önnur þeirra, Sigurbjörg Sveinsdóttir, var gift Eyþóri, fyrsta eiginmanni hennar, og hin, Erna Haraldsdóttir, var eiginkona Jóns Páls [annars eiginmanns Ellyjar].

Nokkru upp úr áramótum þetta örlagaríka ár fór Hólmfríður, dóttir Ellyjar, að finna fyrir dofa í iljum. Hún ræddi þetta við móður sína sem í fyrstu gaf því lítinn gaum. Hólmfríður var aðeins sextán ára og Elly þótti óhugsandi að eitthvað alvarlegt kynni að vera á seyði.

Hólmfríður hafði engar áhyggjur af þessu heldur, en í febrúar dofnaði annar fóturinn svo að hún hrasaði þegar hún var að hlaupa. Elly fór með hana til læknis sem kvað upp þann úrskurð að hún þjáðist af æðaþrengslum. Henni var ráðlagt að stunda böð, hlaupa og synda og það gerði hún. Allt kom fyrir ekki og Hólmfríður fór að finna fyrir jafnvægis- og máttleysi. Eitt sinn var hún rekin heim úr matreiðslutíma í skólanum eftir að hafa misst allt í gólfið og þegar hægri handleggurinn og hluti af andlitinu var orðinn máttlaus hætti fjölskyldunni að lítast á blikuna.

Elly fór með Hólmfríði á Slysavarðstofuna en þar virtust öll taugasvör vera eðlileg. Næst lá leiðin á Grensásdeild Borgarspítalans. Hólmfríður var þá að ljúka grunnskóla og að búa sig undir samræmdu prófin, og þó að hún þvertæki fyrir það að hafa áhyggjur af náminu var álagi í prófunum kennt um.

Hennar nánustu var hætt að lítast á blikuna og enn var haldið fund taugalæknis. Þar fékk hún þá greiningu að hún þjáðist af taugabólgum og henni ráðlagt að hafa hægt um sig. Hún lá í viku, aftur fékk hún mátt í hönd-ina en skömmu síðar fékk hún bæði sjón- og jafnvægistruflanir. Þær ágerðust og um haustið tókst loksins að greina hvað að amaði. Fríða var með MS-sjúkdóminn og honum fylgdu ótaldar dvalir á sjúkrahúsum næstu árin. Aðgerðir, lyfjameðferðir og uppskurðir, og 25 ára var Hólmfríður komin í hjólastól.

Eins og nærri má geta hafði Elly miklar áhyggjur af dóttur sinni og framtíð hennar og gerði allt sem í hennar valdi stóð til að reyna að létta henni lífið. Þær mæðgur voru ekki alltaf sammála um hvað réttast væri að gera og þó að Elly dáðist í aðra röndina að bjartsýni dóttur sinnar óttaðist hún oft að hún kynni sér ekki hóf. „Hún stóð keik og kát upp aftur eftir hvert stórkastið sem sjúkdómurinn olli," sagði Björg Rúnarsdóttir um vinkonu sína, „og á Landspítalanum eignaðist hún æ fleiri vini og kunningja. Hverja sjúkrahúslegu nýtti Fríða til að eignast nýja vini og kunningja í þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem önnuðust hana og sjúklingum sem með henni lágu. Ef leguna bar upp á sumartíma og Fríða var í færanlegu standi, þá lét hún koma sér fyrir úti í sólinni, hélt þar uppi fjörinu og kallaði spítalann „Costa del Lansa". Þaðan útskrifaðist hún síðan kaffibrún."

Á hinum enda línunnar var blaðamaður Dagblaðsins sem kynnti sig og spurði svo hvort það gæti verið að Vilhjálmur bróðir hennar væri látinn. ... Um leið og blaðamaðurinn bar upp spurninguna vissi hann að honum höfðu orðið á skelfileg mistök. Elly hafði ekkert heyrt af slysinu og því síður af andláti bróður síns.

GLÆSILEG Elly Vilhjálms í kringum 1960. Í upphafi ferils síns saumaði söngkonan kjólana sína sjálf en leitaði síðar til Sigríðar Jónsdóttur, saumakonu á Hjarðarhaganum, sem saumaði á hana kjóla eftir fyrirmyndum af hvíta tjaldinu.
MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Tilboðin gilda **30. nóv - 2. des**

Jólabókin leynist í Nettó

Sigurveig Káradóttir
höfundur bókarinnar Súpur allt árið kynnir bók sína ásamt því að gefa smakk af súpu í Nettó Mjódd laugardaginn 1. des frá kl 14:00 - 16:00



SÚPUR ALLT ÁRIÐ
1.795 KR

HÁRIÐ
3.569 KR



VILLIBRÁÐ
3.894 KR

STÓRA PRJÓNABÓKIN
3.569 KR

TAROT
NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ
1.743 KR

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

Opna hönnunarverslun á Norðurbrú

Vinkonurnar Anna Sóley og Eva Dögg létu drauminn rætast og opnuðu nýverið hönnunarverslunina Ampersand í Kaupmannahöfn. Stúlkurnar segja hverja vöru valda af kostgæfni inn í búðina, þar sem meðal annars er íslensk hönnun á boðstólum.

„Þessi hugmynd kom upp fyrir ári, en þá var þetta fjarlægur draumur og við erum í skýjunum yfir því að hann hafi ræst svona fljótt," segir fatahönnuðurinn Eva Dögg Rúnarsdóttir, sem ásamt vinkonu sinni Önnu Sóleyju hefur opnað hönnunarbúðina Ampersand í Kaupmannahöfn.

Ampersand er á Norðurbrú. Eva Dögg og Anna Sóley eru báðar búsettar í sama hverfi, sem þær segja að sé „hipsterahverfið" í Kaupmannahöfn. Eva Dögg hefur verið búsett síðastliðin átta ár í Danmörku en hún er lærður fatahönnuður og starfar sjálfstætt. Anna Sóley flutti út fyrir ári og er að klára ritlistarnám. „Við vorum upphaflega að leita okkur að vinnustofu saman en duttum svo niður á þetta húsnæði sem hentar fullkomlega til verslunarrekstursins," segir Eva Dögg. Þá þurftu vinkonurnar að hrökkva eða stökkva. „Við göldruðum fram peninga og slógum til. Húsaleiga á þessum stað í bænum er sem betur fer hagstæð og við gætum ekki verið ánægðari."

Eva Dögg hefur starfað sem fatahönnuður fyrir merki á borð við Samsøe & Samsøe og Shoe the Bear en hún sér um kvenlínu skómerkisins sem seld er í versluninni GK hér á landi. „Fyrsta línan sem ég sé um er væntanleg í búðir í byrjun næsta árs. Það verður spennandi, en ég verð áfram að vinna sem hönnuður samhliða búðarekstrinum."

Heimilislegt og huggulegt eru einkunnarorð Ampersan og segir Eva mikinn tíma fara í að velja réttar vörur inn í búðina þar sem íslensk hönnun blandast saman við erlenda.

alfrun@frettabladid.is

ÁNÆGÐIR EIGENDUR Anna Sóley og Eva Dögg létu draumin rætast og opnuðu búð í Kaupmannahöfn.

GÓÐIR GESTIR Yrja Kristinsdóttir ásamt vinum sínum við opnunina.

FLOTTIR Sigurjón Sighvatsson lét sig ekki vanta, hér ásamt Simon Werner.

SKÁLUÐU Gestir skáluðu í búðinni.

SYSTKININ Steinar Bjarki, Sigurbjörg og Gunnella Hólmarsbörn brostu til ljósmyndara.

Helgarblað Fréttablaðsins

Enn að leita að vondu köllunum

„Þú heyrir hvininn þegar sprengjurnar koma en veist aldrei hvar þær lenda. En þá hugga ég mig við að sprengjan sem grandar þér sé sprengjan sem þú heyrir aldrei springa," segir Jón Björgvinsson stríðsfréttaritari í helgarblaði Fréttablaðsins. Stútfullt blað af fréttum og fjölbreytileika.

Meðal efnis núna um helgina

Heilu skýjakljúfarnir af rusli

Gríðarlegt magn af úrgangi er urðað á hverju ári. Plastpokarnir einir myndu duga til að vefja meira en 2.100 sinnum utan um turninn á Smáratorgi.

Smart um hátíðirnar

Hvað boða tískuhönnuðir í fylgihlutum, skóm og fatnaði fyrir komandi veislutímabil?

Thriller þrjátíu ára

Poppkonungurinn Michael Jackson og söluhæsta plata sögunnar.

Baðkör og stjörnukúlur

Skoppa og Skrítla telja niður til jólanna í ár. Litið yfir sögu jóladagatala í sjónvarpi.

FITON / SÍA

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ

DVD OG BLU-RAY JÓL Í HAGKAUP

SKYLDUEIGN Í SAFNIÐ!

VINSÆLASTA MYND ÁRSINS OG FYRSTA LEIKNA ÍSLENSKA MYNDIN Á BLU-RAY

LENDIR Í DAG!

EINNIG FÁANLEGAR

FYRSTA ÍSLENSKA TEIKNIMYNDIN Á BLU-RAY

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPILAR Í HÖRPU Ásgeir Trausti spilar á ókeypis tónleikum í Hörpunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ásgeir Trausti ókeypis í Hörpu

Tónlistarmaðurinn vinsæli Ásgeir Trausti kemur fram á ókeypis tónleikum á Degi íslenskrar tónlistar í Hörpu á laugardaginn.
Tónleikarnir eru í boði FTT (Félags tónskálda og textahöfunda). Þeir verða á jarðhæð Hörpunnar, nánar tiltekið í Munnhörpunni, og hefjast kl. 15.00. Einnig koma fram Agent Fresco, Hafdís Huld, Lára Rúnars, Svavar Knútur, Magni, Thin Jimi og Benóný Ægisson.

Ásgeir Trausti hefur fengið boð um að spila á bransahátíðunum Eurosonic í Hollandi og by:Larm í Noregi á næsta ári og hver veit nema einhver útgáfufyrirtæki komi þar auga á hann.

JÓLAMARKAÐURINN GARÐATORGI

Upplifið notalega jólastemningu á Garðatorgi alla föstudaga og laugardaga til og með 15. des.

Fjöldi söluaðila, fallegt handverk, kórsöngur og gleði.

Jólamarkaðurinn Garðatorgi

Ótrúlegt sértilboð! *****

Tenerife

Jólaferð 20. desember í 14 nætur

Frá kr. 119.900

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Tenerife þann 20. desember.
Í boði er m.a. sértilboð á Paraiso del Sol íbúðahótelinu. Hótelið býður uppá hálft fæði og „allt innifalið“
Athugið að mjög takmörkuð gisting er í boði!

Frá kr. 119.900 Paraiso del Sol
Netverð á mann m.v. tvo fullorðna og 2 börn, 2 – 11 ára, í íbúð á Paraiso del Sol.
Netverð á mann kr. 149.900 m.v. tvo fullorðna í studio búð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Á LEIÐ TIL ÍSLANDS Tónlistarmaðurinn Squarepusher spilar á Sónarhátíðinni sem verður haldin í fyrsta sinn í Hörpunni 15. og 16. febrúar.

Bjó til tónlist úr drasli

Tónlistarmaðurinn Squarepusher spilar á Sónarhátíðinni í Hörpu á næsta ári. Hann lærði að búa til tónlist upp úr drasli og er þakklátur fyrir það.

Enski tónlistarmaðurinn Squarepusher spilar á Sónarhátíðinni sem verður haldin í Hörpunni í febrúar. Squearepusher, sem heitir réttu nafni Tom Jenkinson, er einn af sérstæðustu tónlistarmönnum heimsins. Hann er mikilsvirtur, bæði sem tilraunakenndur raftónlistarmaður og sem framúrstefnulegur djassisti. Hann steig fram á sjónarsviðið á tíunda áratugnum með óvenjulegum stíl þar sem hann blandaði saman hröðum breikbít-trommutöktum, teknói, jungle, acid house, hipphoppi og djassi.

Squarepusher, sem er afar fær bassaleikari, hefur gefið út fimmtán plötur á ferli sínum, flestar á vegum bresku útgáfunnar Warp. Sú nýjasta heitir Ufabalum þar sem kappinn einbeitir sér að hröðum og flóknum töktum á kostnað bassaleiks og djasstónlistar.

Fréttablaðið hafði samband við þennan tónlistargúrú þegar hann var staddur á hóteli í Tókýó. Hann hlakkar mikið til að heimsækja Ísland í fyrsta sinn og kveðst ætla að nýta tækifærið og kynnast íslenskri tónlist í leiðinni.

Sjónræni þátturinn mikilvægur

Aðspurður segir hann nýju plötuna Ufabalum vera bæði hljóð- og sjónrænt verkefni. „Á sama tíma og ég tók upp tónlistina í hljóðverinu var ég að vinna að myndefninu, sem sést bæði á umslagi plötunnar og á tónleikunum mínum. Platan er í raun aðeins hluti af því sem gerðist í sköpunarferlinu,“ segir Squarepusher.

„Að hluta til er ég að vinna að þessu tvennu á sama tíma til að sjá hvort ég geti búið til sterkt samband á milli tónlistarinnar og myndefnisins. Margir leggja ekkert á sig til að tengja myndefnið við tónlistina á tónleikunum sínum og þess vegna verður myndefnið merkingarlaust. Ég veit ekki hvort fólk kemur auga á tenginguna sem ég er að búa til en viðbrögðin sem ég hef fengið frá fólki gefa til kynna að það hefur gaman af þessu,“ segir hann djúpraddaður og hlær svo lítillega.

Ópersónulegur með hjálm

Uppi á sviði er Squarepusher með forláta hjálm á höfðinu sem hann bjó til frá grunni ásamt aðstoðarfólki sínu. Á honum birtist myndefni sem tengist tónlistinni og því sem er varpað á stóran skjá á bak við hann.

„Með þessum hjálmi er ég að reyna að fjarlægjast þessa rótgrónu dýrkun á þeim sem stendur fremst á sviðinu, að hann sé miðdepillinn. Þegar ég er með hjálminn á mér verð ég augljóslega miðdepillinn en mér finnst fólk ekki vera að horfa á mig lengur. Ég er orðinn að skjá sem birtir upplýsingar. Þannig get ég komið fram á ópersónulegri hátt, sem mér finnst þægilegra.“

Vill ekki sóa tíma fólks

Hann vill ekki meina að nýja platan sé afturhvarf til fyrri verka. „Fljótt á litið er kannski svipur með henni og gamla efninu, ef litið er á tempóið og forritaða tónlistina, en mér finnst þetta ekki vera líkt mínum gömlu verkum, enda myndi ég aldrei gefa út eitthvað sem væri afturhvarf til gamla tímans. Það sem ég er að gera verður að hafa eitthvað nýtt fram að færa, því annars finnst mér ég vera að sóa tíma fólks. Ég geri mér grein fyrir því að það eru til stereótýpur af mér sem fólk vill að ég uppfylli. Þetta er minn stærsti bardagi og ég legg mikið upp úr því að láta ekki undan þessum kröfum.“

Með upptökur á heilanum

Squarepusher byrjaði að grúska í tónlist ungur að aldri þegar hann tók upp á segulband lög úr útvarpinu og setti á kassettur. Einnig tók hann upp alls konar hljóð með hljóðnema á segulbandstæki og reyndi í framhaldinu að búa til eigin tónlist.

„Ég reyndi að smíða trommur heima hjá mér og þegar ég eignaðist pening keypti ég notuð hljóðfæri. Allt tengdist þetta upptökum því ég hef alltaf verið með á heilanum að búa til góðar upptökur. Mér finnst mjög heillandi að hljóðrita eitthvað ákveðið hljóð sem fangar hluta af veruleikanum og sjá til þess að hægt verði að spila það hvenær sem er í framtíðinni.“

Bjó til tónlist úr drasli

Þegar hann var ungur byrjaði hann að spila á bassa, var í nokkrum hljómsveitum og kynntist fólki sem í staðinn lánaði honum tækjabúnað. „Það ferli að semja nýja tónlist hefur alltaf tengst því að finna rétta búnaðinn og kaupa hann. Snemma á níunda áratugnum þegar ég var ungur var tölvutæknin mjög lítil en í dag getur þú verið með háþróað hljóðver innbyggt í litla fartölvu. Á þessum tíma voru bara til hljóðver sem kostuðu hundruð þúsundir punda. Ég held að það hafi verið gott fyrir mig að búa til tónlist nánast úr engu, eiginlega upp úr drasli. Það kitlaði hugmyndaflugið og maður gat séð alla þá möguleika sem hljóðfærið eða tækið sem maður var með í höndunum hafði upp á að bjóða. Þegar maður er með takmarkaða möguleika í höndunum nýtir maður þá betur.“

Ný tækni umlykur einmitt okkur öll og alltaf er einhver nýr snjallsími eða tölva að koma á markað. „Það eru margir ónotaðir möguleikar í þessum tækjum. Mín kynslóð varð að notfæra sér það besta úr þeim fáu möguleikum sem voru í boði. Nýja tæknin verður að stórum hluta ókönnuð því við verðum alltaf að fá ný tæki. Þetta er eiginlega kapítalísk bilun sem gerir fólk heimskara. Þetta letur fólk til að notfæra sér að fullu það tæki sem það er með í höndunum.“

freyr@frettabladid.is

Áhrif frá verksmiðjum og flugvélum

Squarepusher hefur haft mikil áhrif á aðra tónlistarmenn. Aðspurður hvort hann sjálfur eigi sér einhvern áhrifavald, segist hann vissulega líta upp til ákveðinna aðila. „En allt sem ég heyri, og þá er ég ekki bara að meina tónlist, reyni ég að notfæra mér. Ég er alltaf að fylgjast með því sem er að gerast í kringum mig, hvort sem það eru hljóð í flugvélum, öðrum vélum, eða önnur umhverfishljóð. Þetta hefur stanslaus áhrif á mig. Þetta geta líka verið hljóð í framleiðslutækjum eða stálborum. Ég ólst upp rétt hjá járnbrautarteinum og verksmiðju sem býr til stálbolta. Öll þessi hljóð heilluðu mig sem barn.“

SELMA BJÖRNS

REGÍNA ÓSK

STEFANÍA SVAVARS

ERNA HRÖNN



Tilvalið í jólapakkann

HEIÐURSTÓNLEIKAR

HARPA ELDBORG **09.02.13** | HOF AKUREYRI **16.03.13**

Dægurflugan kynnir heiðurstónleika ABBA í Hörpu og Hofi, Akureyri. Miðasala er hafin á **midi.is**, **harpa.is**, **menningarhus.is** eða í síma **528 5050** (Harpa) og **450 1000** (Hof). Miðaverð í Hörpu **4.990 kr. - 9.990 kr.** Miðaverð í Hofi **7.990 kr.**

Viðskiptavinir Íslandsbanka fá 20% afslátt á ABBA ef greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr. Viðskiptavinir á tilboðslista Vildarklúbbsins fá heimsendan afsláttarkóða í tölvupósti til nota í netsölu. Einnig er hægt að nálgast afsláttarkóða í þjónustuveri bankans í síma 440 4000 eða í næsta útibúi bankans.

Brandenburg

Íslandsbanki

HOF HARPA

Spáðu í mig sungið um allt land

Þrjú íslensk lög verða spiluð á öllum útvarpsstöðvum á landinu í dag.

Verkefnið Syngjum saman, sem hrundið var af stokkunum í fyrra, verður nú endurtekið í tilefni af Degi íslenskrar tónlistar.

Þar sem dagurinn lendir á laugardegi í ár verður haldið upp á hann í dag til að sem flestir geta tekið þátt, þar á meðal skólar og tónmenntaskólar.

Landsmenn geta kveikt á útvarpinu og sungið með þremur lögum. Þau eru Jólakötturinn eftir Ingibjörgu Þorbergs, Spáðu í mig eftir Megas og Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns við ljóð Gríms Thomsen. Textar og gítargrip laganna eru aðgengileg á Facebook-síðu Syngjum saman. Þar verður einnig samkeppni um skemmtilegasta myndbandið.

Sérstök athöfn verður í Hörpu klukkan 11 þar sem lögin þrjú verða í brennidepli og veitt verða sérstök verðlaun sem kallast Lítill fugl. Þau fær sá fjölmiðlamaður eða -kona sem hefur þótt styðja vel við íslenska tónlist í gegnum tíðina. Jafnframt munu forsvarsmenn Íslensku tónlistarverðlaunanna kynna tilnefningar til verðlaunanna ásamt því að boðið verður upp á lifandi tónlist.

MEGAS Spáðu í mig eftir Megas verður spilað á öllum útvarpsstöðvum í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STJÖRNUSTRÍÐ Stormsveitarmaður úr Star Wars leiddi hljómsveitarstjórann Lucas Richman á brott á tónleikum Sinfó í Hörpu. Mannaveiðarinn Boba Fett gætti þess að allt væri með felldu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjarnfræðilegt stuð hjá Sinfó

TÓNLEIKAR ★★★★★

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Hljómsveitarstjóri: Lucas Richman
ELDBORG Í HÖRPU, 28. NÓVEMBER

Á árunum 1977 til 1983 komu út þrjár kvikmyndir sem skildu eftir sig dýpri spor í kvikmyndasögunni en nokkurn óraði fyrir. Saman mynda þær Stjörnustríðsþríleikinn, myndaflokk sem þykir með því merkilegra sem sést hefur í bandarísku afþreyingarbíói frá upphafi. Í kringum aldamótin bætti hugmyndasmiðurinn George Lucas svo þremur myndum við seríuna. Viðbæturnar eru töluvert síðri að gæðum en gamli þríleikurinn, en eitt þykir þó vel heppnað í öllum myndunum sex og það er undursamleg kvikmyndatónlist Johns Williams.

Það ríkti mikil eftirvænting í Eldborginni þegar hljómsveitarstjóri kvöldsins (og sögumaður), Lucas Richman, gekk inn á svið. Hann kynnti tónleikana, en á efnisskránni voru vel valin stef úr þessum sígilda myndaflokki. Hljómsveitin hoppaði yfir kynningarlag Twentieth Century Fox og byrjaði beint á stefinu sem allir þekkja, sjálfu aðalstefinu. Það var öllum ljóst frá fyrstu nótu að Sinfóníuhljómsveit Íslands myndi fara vel með þessa frábæru tónlist. Flutningurinn var upp á tíu og hljómurinn góður.

Fyrir hlé var mestmegnis leikin tónlist úr seinni þríleiknum (sem er í raun fyrri hluti sögunnar) og í upphafi setti ég spurningarmerki við þá ákvörðun. Nýrri stefin eru ekki jafn grípandi og þau gömlu, en þegar þau eru leikin í tónleikasal fjarri Jar Jar Binks og Svarthöfðabarninu heyrir áhorfandinn glögglega að tónskáldið Williams sofnaði aldrei á verðinum þó George Lucas hafi gert það. Eftir vel heppnaða upphitun var stef Svarthöfða leikið, og í miðjum klíðum birtist hann sjálfur á sviðinu ásamt tveimur aðstoðarmönnum og fjarlægði hljómsveitarstjórann.

Eftir stutt hlé (þar sem ég heyrði meðal annars tvo fullorðna menn óskapast yfir því að Greedo hefði skotið fyrst í endurútgáfu A New Hope) var komið að alvörunni. Þarna fengu gestir allt það sem þeir vildu. Ljúfsár einkennislög vitringsins Yoda og Lilju prinsessu, kómíkina í eyðimerkurævintýrum vélmennanna R2D2 og C-3PO, æsilegan lokabardagann á plánetunni Endor, og meira að segja furðudjass pöbbabandsins í Mos Eisley. Allt það sem eyrun girntust og rúmlega það.

Hljómsveitin lék í tæpar tvær klukkustundir, að frádregnu hléi, og hvergi var feilnóta slegin. Tímaröðin virkaði vel og hljómsveitarstjórinn er ágætis sögumaður. Stjarnfræðilegar væntingar aðdáenda kvikmyndanna voru uppfylltar, og hinum hefur varla leiðst heldur. Til þess er tónlistin hreinlega of góð.

Haukur Viðar Alfreðsson

NIÐURSTAÐA: Stórskemmtileg kvöldstund og Sinfó í banastuði. John Williams væri stoltur.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%



Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
KILLING THEM SOFTLY	8, 10	16
NIKO 2	4, 6	L
SKYFALL	6, 9	12
PITCH PERFECT	8, 10.15	12
WRECK-IT RALPH 3D	4, 5.40	L
TEDDI LANDKÖNNUÐUR	4	L

SAMBÍÓIN SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
ALEX CROSS	KL. 5:50 - 8 - 10:20	12
ALEX CROSS VIP	KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	VIP
POSSESSION	KL. 5:50 - 8 - 10:10	16
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2	KL. 3:10 - 5:40 - 8 - 10:30	12
WRECK IT RALPH ÍSL. TAL	KL. 5:50	L
WRECK IT RALPH ÍSL. TAL 3D	KL. 3:40 - 5:50	L
WRECK IT RALPH ENS. TAL	KL. 10:20	L
ARGO	KL. 5:40 - 8 - 10:30	14
HOPE SPRINGS	KL. 3:40	L
END OF WATCH	KL. 10:10	16
BRAVE ÍSL TAL	KL. 3:40	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
ALEX CROSS	KL. 8	12
THE POSSESSION	KL.10:20	16
WRECK-IT RALPH ÍSL. TAL 3D	KL. 6	L
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2	KL. 8	12
ARGO	KL. 10:20	14
BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TAL	KL. 6	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
ALEX CROSS	KL. 5:40 - 8 - 10:20	12
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2	KL. 5:30 - 8	12
HERE COMES BOOM	5:40 - 8 - 10:20	7
ARGO	KL. 10:20	14
CLOUD ATLAS	KL. 8	16
WRECK-IT RALPH ÍSLTAL	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	NÚMERUÐ SÆTI	
ALEX CROSS	KL. 8 - 10:20	12
POSSESSION	KL. 11	16
TWILIGHT	KL. 5:30 - 8	12
SKYFALL	KL. 5 - 8 - 10:20	12
WRECK IT RALPH ÍSL. TAL	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
ALEX CROSS	KL. 8	12
THE POSSESSION	KL. 10:10	16
PITCH PERFECT	KL. 8	L
KILLING THEM SOFTLY	KL. 10:20	16
WRECK IT RALPH ÍSL TAL 3D	KL. 5:50	L
BRAVE ÍSLTAL	KL. 6	L

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR 5%	
KILLING THEM SOFTLY	KL. 8 - 10.15	16
SILVER LININGS PLAYBOOK	KL. 5.20 - 8 - 10.40	16
HERE COMES THE BOOM	KL. 5.40 - 8 - 10.20	7
NIKO 2	KL. 4 - 6	L
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI	KL. 3.30	7
SKYFALL	KL. 5 - 8	12
SKYFALL LÚXUS	KL. 5 - 8	12

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS 5%	
ARFUR NÓBELS	KL. 5.50 - 8 - 10.10	16
SILVER LININGS PLAYBOOK	KL. 5.20 - 8	16
SNABBA CASH 2	KL. 10.40	16
CLOUD ATLAS	KL. 5.30 - 8 - 9	16
DJÚPIÐ	KL. 5.50	10

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	
KILLING THEM SOFTLY	KL. 8 - 10	16
HERE COMES THE BOOM	KL. 8	7
SILVER LININGS PLAYBOOK	KL. 5.40 - 10	12
SKYFALL	KL. 5.20	12

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

FÖSTUDAGUR: ARFUR NÓBELS 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 22:00 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

D3200

Nikon

At the heart of the image

Verð frá 129.995.-

Nikon School
D-SLR Intro – 2.5 klst
kynningar-námskeið
ásamt Check & Clean í
3 ár fylgir með D3200
að verðmæti 25.000.-

KAUPAUKI

Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti **11.995.-**

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

I AM MERRY CLICKMAS

KAUPAUKI

Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti **2.495.-**

Verð 22.995.-

COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld. Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

www.nikon.is

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Reykjavik Foto – Laugavegur 51 – 577-5900 – www.reykjavikfoto.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt

N1-DEILDIN

HK 23
HAUKAR 24

HK - Mörk (skot): Bjarki Már Elísson 8/3 (12/3), Atli Karl Bachmann 5 (9), Leó Snær Pétursson 3 (7), Eyþór Már Magnússon 3 (8), Garðar Svansson 2 (4), Tryggvi Þór Tryggvason 1 (1), Daníel Örn Einarsson 1 (3), Bjarki Már Gunnarsson (1), Ólafur Víðir Ólafsson (1),

Varin skot: Arnór Freyr Stefánsson 5/1 (26/2, 19%), Björn Ingi Friðþjófsson 4 (7, 57%),

Haukar - Mörk (skot): Stefán Rafn Sigurmannsson 9/1 (11/2), Tjörvi Þorgeirsson 4 (9), Sveinn Þorgeirsson 2 (3), Gylfi Gylfason 2 (3), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (3), Gísli Jón Þórisson 2 (6), Árni Steinn Steinþórsson 2 (7)

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 21 (43/2, 49%), Einar Ólafur Vilmundarson (1/1, 0%),

FRAM 26
FH 31

Fram - Mörk (skot): Haraldur Þorvarðarson 8/1 (10/2), Róbert Aron Hostert 6 (13), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (3), Stefán Darri Þórsson 2 (3), Jóhann Gunnar Einarsson 2/1 (6/2), Sigurður Eggertsson 2 (8), Ólafur Magnússon 1 (2), Hákon Stefánsson 1 (2), Ægir Hrafn Jónsson 1 (3), Arnar Freyr Dagbjartsson (1), Þorri Gunnarsson (3),

Varin skot: Magnús Erlendsson 16 (40/3, 40%), Björn Viðar Björnsson (7/1, 0%),

FH - Mörk (skot): Ragnar Jóhannsson 7 (11), Einar Rafn Eiðsson 6/3 (9/3), Ásbjörn Friðriksson 4/1 (5/1), Sigurður Ágústsson 3 (4), Þorkell Magnússon 3 (5), Andri Berg Haraldsson 3 (6), Magnús Óli Magnússon 2 (2), Logi Geirsson 2 (3), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (2),

Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 18/2 (44/4, 41%),

DOMINOS-DEILD KARLA

KR 80
GRINDAVÍK 87

KR: Helgi Már Magnússon 20/8 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 16/4 fráköst, Kristófer Acox 15/12 fráköst, Martin Hermannsson 15, Finnur Atli Magnusson 10/8 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 4.

Grindavík: Aaron Broussard 27/6 fráköst, Samuel Zeglinski 23/7 fráköst/5 stoðsendingar, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12/6 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 10/6 fráköst, Þorleifur Ólafsson 8, Davíð Ingi Bustion 4, Jóhann Árni Ólafsson 3

KFÍ 86
ÍR 90

KFÍ: Damier Erik Pitts 37/8 fráköst/7 stoðsendingar, Tyrone Lorenzo Bradshaw 18, Mirko Stefán Virijevic 15/8 fráköst, Kristján Pétur Andrésson 14/11 fráköst, Jón Hrafn Baldvinsson 2/5 fráköst.

ÍR: Eric James Palm 23/4 fráköst/6 stoðsendingar, Nemanja Sovic 21/7 fráköst, Hreggviður Magnússon 15/9 fráköst, Isaac Deshon Miles 11/14 fráköst, Sveinbjörn Claessen 7, Hjalti Friðriksson 7, Vilhjálmur Jónsson 4, Ellert Arnarson 2

FJÖLNIR 86
NJARÐVÍK 110

Fjölnir: Sylverster Cheston Spicer 20/12 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 16, Paul Anthony Williams 11, Elvar Sigurðsson 9, Jón Sverrisson 7, Gunnar Ólafsson 2, Árni Ragnarsson 2.

Njarðvík: Ágúst Orrason 22, Elvar Már Friðriksson 17, Nigel Moore 13/9 fráköst/11 stoðsendingar, Marcus Van 10/19 fráköst, Friðrik E. Stefánsson 7/6 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 6, Ólafur Helgi Jónsson 6, Hjörtur Hrafn Einarsson 5, Óli Ragnar Alexandersson 4, Oddur Birnir Pétursson 2

TINDASTÓLL 85
ÞÓR 101

Tindastóll: George Valentine 23, Þröstur Leó Jóhannsson 15, Drew Gibson 13/8 fráköst/7 stoðsendingar, Helgi Rafn Viggósson 11/6 fráköst, Ingvi Rafn Ingvarsson 10, Hreinn Gunnar Birgisson 8, Pétur Rúnar Birgisson 3, Svavar Birgisson 2.

Þór Þ.: Benjamin Curtis Smith 31/6 stoðsendingar, David Bernard Jackson 30/11 fráköst, Darri Hilmarsson 24/5 fráköst, Darrell Flake 14/6 fráköst, Guðmundur Jónsson 2/5 fráköst/7 stoðsendinga

KEFLAVÍK 86
SNÆFELL 82

Keflavík: Stephen Mc Dowell 28/7 fráköst, Valur Orri Valsson 19, Darrel Keith Lewis 17/6 fráköst, Michael Craion 15/19 fráköst/4 varin skot, Magnús Þór Gunnarsson 5, Ragnar Albertsson 2.

Snæfell: Jón Ólafur Jónsson 31/9 fráköst, Asim McQueen 13/6 fráköst, Jay Threatt 12/8 fráköst/10 stoðsendingar, Sigurður Á. Þorvaldsson 11, Sveinn Arnar Davíðsson 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 4/4 fráköst, Hafþór Ingi Gunnarsson 3, Ólafur Torfason 2/4 fráköst

SKALLAGRÍMUR X
STJARNAN X

Skallagrímur: Carlos Medlock 23/4 fráköst/5 stoðsendingar, Haminn Quaintance 21/8 fráköst/5 stoðsendingar, Sigmar Egilsson 14, Trausti Eiríksson 7/4 fráköst/6 stoðsendingar, Orri Jónsson 6/4 fráköst, Birgir Þór Sverrisson 5, Davíð Ásgeirsson 5, Davíð Guðmundsson 3.

Stjarnan: Brian Mills 35/14 fráköst, Justin Shouse 21/16 stoðsendingar, Marvin Valdimarsson 18/12 fráköst, Jovan Zdravevski 12/5 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 5/5 fráköst, Fannar Freyr Helgason 4, Dagur Kár Jónsson 3/5 fráköst

visir.is

Frekari upplýsingar um leikina má finna á Vísi.

Á SÖGUSLÓÐUM De los Santos er hér að slá upphafshöggið á 18. holu á frægasta golfvelli heims, St. Andrew's. Hann lék þann völl á 76 höggum. NORDICPHOTOS/GETTY

Einfætti kylfingurinn

Manuel de los Santos er enginn venjulegur kylfingur. Þrátt fyrir að vera með aðeins einn fótlegg hefur honum tekist að ná ótrúlegum tökum á golfíþróttinni. Hann er kominn með þrjá í forgjöf og slær hátt í 300 metra upphafshögg.

GOLF Hinn 25 ára gamli Manuel de los Santos kemur frá Dóminíska lýðveldinu. Hann hefur alla tíð verið hæfileikaríkur íþróttamaður og átti bjarta framtíð fyrir sér sem hafnaboltamaður. Það var nánast frágengið að hann myndi spila með Toronto Blue Jays í MLB-deildinni í Bandaríkjunum þegar líf hans breyttist skyndilega.

Hann var þá 18 ára gamall og lenti í mótorhjólaslysi sem leiddi til þess að það varð að taka af honum annan fótinn. Eftir það varð De los Santos að hugsa lífið upp á nýtt.

De los Santos lét fötlun sína ekki aftra sér frá því að taka þátt í íþróttum og árið 2003, er hann flutti til Frakklands, byrjaði hann að æfa golf. Það var Tiger Woods að þakka. „Tiger Woods er hetjan mín," sagði De los Santos sem fór að æfa eins og Tiger og notaði ráðleggingar frá honum í bókum.

Hann varð líka fyrir miklum áhrifum er hann sá myndina „The Legend of Bagger Vance" en hún fjallar um kylfing sem lendir í miklu mótlæti.

„Daginn eftir að ég sá myndina bað ég um að fá að fara út golfæfingasvæði. Það skiptir ekki máli þó ég hafi bara einn fótlegg. Þegar lífið gefur manni tækifæri þá verður maður að grípa það. Ég ákvað að gera það," sagði þessi ungi maður sem er orðinn fyrirmynd um allan heim.

De los Santos hefur náð ótrúlegum árangri í golfinu og er þegar kominn með þrjá í forgjöf. Það sem gerir árangur hans enn eftirtektarverðari er að hann notar ekki gervifót. Hann stendur á einum fæti og slær. Það er hreint ótrúlegt að sjá hvernig hann nær að slá hátt í 300 metra og vippar síðan eins og atvinnumaður. Hann styðst þó við hækjur á milli högga.

Hann fékk stóran draum uppfylltan á dögunum er hann fékk að spila á móti atvinnumanna og áhugamanna á St. Andrew's-vellinum í Skotlandi.

„Ég hef líklega aldrei séð eins góðan kylfing með þrjá í forgjöf," sagði atvinnumaðurinn Gavin Dear eftir hringinn með De los Santos en hann kom í hús á 76 höggum á þessum gríðarlega erfiða velli sem hann hafði ekki leikið áður.

John Hopkins, fyrrum kylfingur og blaðamaður, var á meðal þeirra sem fylgdust með einfætta kylfingnum.

„Á golfvellinum í morgun varð ég vitni að líklega því ótrúlegasta sem ég hef séð á 50 ára ferli í sportinu. Augun stóðu á stilkum er ég horfði á De los Santos spila. Einfættur án gervifótar með upphafshögg sem ná tæplega 300 metra. Svo vippaði hann með álíka tilfinningu og Seve Ballesteros gerði á sínum tíma. Þessu mun ég aldrei gleyma," skrifaði Hopkins.

henry@frettabladid.is

JAFNVÆGI De los Santos heldur ótrúlegu jafnvægi á einum fæti. Hann vill ekki sjá gervifót.

Torres þarf að rífa í lóðin

FÓTBOLTI Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Chelsea, er á þeirri skoðun að Fernando Torres, framherji liðsins, þurfi að rífa í lóðin í lyftingasalnum til þess að ná fyrri getu. Torres hefur átt erfitt uppdráttar frá því hann kom til Chelsea frá Liverpool fyrir um 10 milljarða kr. í lok janúar á síðasta ári.

Benítez segir í viðtali við íþróttafréttavefinn Sportinglife að hann viti ekki hvort Torres nái fyrri styrk. Hinn 28 ára gamli Torres lék gríðarlega vel undir stjórn Benítez hjá Liverpool.

„Torres þarf að leggja áherslu á þá hluti sem bæta hann sem leikmann. Við erum að finna út úr því hvað það er, og það mun taka tíma. Hann þarf að bæta styrk sinn og það gerir hann í lyftingasalnum," sagði Benítez m.a. í viðtalinu. Hann bætti því við að slakt gengi Torres á vellinum hefði ekkert með meiðsli eða aldur hans að gera.

Helena fjórða besta skyttan

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir fékk langþráðar mínútur með Good Angels Kosic í Euroleague í fyrrakvöld og skilaði sínu (11 stig og 4 fráköst) í naumu 91-93 tapi á móti tyrkneska liðinu Fenerbahce. Helena átti lokaskot leiksins og gat tryggt sínu liði sigur með því að hitta en því miður geigaði skotið sem var tekið úr afar erfiðri stöðu.

Helena hefur aðeins fengið alvöru mínútur í tveimur leikjum í Euroleague í vetur en er með samtals 29 stig og 11 fráköst í þeim sem ætti að kalla á fleiri mínútur í framhaldinu.

Frábær skotnýting hennar vekur athygli. Helena hefur nýtt 6 af 9 þriggja stiga skotum sínum í þessum tveimur leikjum og er eins og er búin að nýta 55 prósent þriggja stiga skota sinna í keppninni (6 af 11). Hún er þessa stundina í 4. sæti yfir bestu þriggja stiga skytturnar í Euroleague en auk þess hefur hún nýtt öll sex vítin sín.

Langar helst að spila með liði í Danmörku

Rúnar Már er nýkominn heim úr miklu ferðalagi um Evrópu og bíður nú eftir tilboðum.

FÓTBOLTI Sauðkrækingurinn Rúnar Már Sigurjónsson er nýkominn til landsins en hann hefur verið á ferð og flugi frá því Pepsi-deildinni lauk í sumar.

Þessi efnilegi Valsmaður hefur vakið athygli víða um Evrópu og er eftirsóttur. Það er því afar ólíklegt að við sjáum hann í Pepsi-deildinni næsta sumar.

„Þetta hefur verið stór pakki og nú er loks smá frí frá ferðalögum. Nú bíð ég bara eftir því hvað liðin vilja gera. Ég býst fastlega við því að heyra í þeim á næstu tveimur vikum," sagði Rúnar Már en leiktíðunum í Noregi og Svíþjóð er lokið og danska deildin er á lokasprettinum.

„Ég byrjaði á því að fara í vikutíma til SönderjyskE í Danmörku og þaðan fór ég þriggja daga ferð til Tromsö í Noregi. Þaðan lá leiðin til Kalmar í Svíþjóð þar sem ég var í fimm daga. Svo fór ég með landsliðinu til Andorra og loks aftur til SönderjyskE nú síðast," sagði Rúnar sem mokar inn flugpunktum en er feginn að vera kominn aftur heim.

„Þetta gekk ágætlega hjá mér. Fyrsta vikan í Danmörku var róleg enda þeir að spila mikið á þeim tíma. Þess vegna fór ég aftur og spilaði leik með varaliðinu sem mér fannst reyndar ekki ganga nógu vel. Ég fór aðallega til Noregs að skoða aðstæður. Ég tók flottar æfingar í Svíþjóð og það gekk best þar fannst mér."

Fleiri félög vildu fá Rúnar til æfinga en hann ásamt umboðsmanni sínum ákvað að taka þessum boðum þar sem þau þóttu meira spennandi sem stendur.

„Ég vonast eftir því að fá tvö til þrjú tilboð svo ég geti valið besta kostinn. Danmörk heillar mest og ég vil helst spila þar. Það er besta deildin. Ef ekkert af þessu gengur upp þá skoða ég líklega hina kostina," sagði Rúnar en hann er samningsbundinn Val og spilar með þeim næsta sumar fari svo að hann komist ekki í atvinnumennsku á þessum tímapunkti.

EFTIRSÓTTUR Fjölmörg lið í Skandinavíu vildu skoða Skagfirðinginn sterka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það eru nánast engar líkur á því að ég spili hér heima næsta sumar en ég gæti fótbrotnað eða eitthvað og það myndi þá eyðileggja möguleikann á að fara út núna. Ein ástæðan fyrir því að ég samdi við Val var að hafa starfsöryggi. Ég býst samt við því að fara út," sagði Skagfirðingurinn sem var valinn besti leikmaður Pepsi-deildarinnar 2012 af Fréttablaðinu.

- hbg

KRÓNAN

Tilboð gilda aðeins á Granda
– meðan birgðir endast!

PEPSI EÐA PEPSI MAX 4X2 L
FLOTT JÓLAHÚFA Í KAUPBÆTI!

4x2 lítrar

Ein jólahúfa fylgir hverri kippu!

779 kr. pk.
Pepsi eða Pepsi MAX , 4x2 l og ein jólahúfa

199 kr. kg
Jólaklementínur í lausu

2 lítrar

139 kr. stk.
Hátíðarappelsín, 2 L

4 í pk.

299 kr. pk.
First Price eldhúsrúllur, 4 stk.

GOTT VERÐ

998 kr. kg
KEA hangiframpartur m/beini, í poka

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. EXPO • www.expo.is

HEFUR OPNAÐ
Í KRÓNUNNI GRANDA

KYNNINGAR UM HELGINA

Jólakaffi, Nóa konfekt og margt fleira!

AÐEINS Á Granda

KRÓNAN Granda

OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!

Hversu Veiga(r)mikill verður hann?

Stjörnumenn endurheimtu son sinn á dögunum þegar Veigar Páll Gunnarsson skrifaði undir samning við félagið og er kominn heim eftir tólf ára fjarveru hjá KR og í atvinnumennsku. Fréttablaðið veltir fyrir sér mikilvægi þess að hafa mann eins og Veigar Pál.

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson gekk frá fjögurra ára samningi við Stjörnuna á þriðjudagskvöldið en þess 32 ára sóknarmaður mun næsta sumar spila sitt fyrsta tímabil í íslensku deildinni í tíu ár eða síðan hann lék með KR-ingum sumarið 2003.

Stjörnuliðið gerði tíu jafntefli í Pepsi-deildinni síðasta sumar og vantaði oft tilfinnanlega mann til að gera út um leikina. Framganga Veigars fyrir tíu árum ætti að auka væntingarnar í Garðabænum um að félagið sé nú komið með manninn sem getur klárað þessa jöfnu leiki.

Það væri reyndar hægt að halda því fram að tímabilið 2003 hafi verið eitt af þeim tímabilum þar sem einn leikmaður öðrum fremur sá um hvar Íslandsbikarinn endaði. Veigar Páll spilaði þá 13 af 18 leikjum Vesturbæjarliðsins og KR náði í 91 prósent stiga sinna í þeim.

KR-liðið vann níu deildarleiki þetta sumar. Veigar Páll skoraði eða lagði upp sigurmark í fimm þeirra, skoraði tvö mörk í þeim sjötta og lagði upp þrjú mörk í sjöunda leiknum. Veigar Páll var alls með 6 mörk og 7 stoðsendingar í umræddum níu sigurleikjum KR auk þess að eitt mark til viðbótar var skorað þegar fylgt var eftir skoti hans.

Gengi KR-liðsins án Veigars Páls var líka kapítuli út af fyrir sig. KR-liðið tapaði nefnilega 4 af 5 leikjum án hans og markatala liðsins í þeim leikjum var 5-15. Það er líka athyglisvert að skoða gengi KR-inga fyrir og eftir komu Veigars Páls í Vesturbæinn. KR-liðið náði ekki að vera í efri hluta deildarinnar árið fyrir komu hans sem og tvö fyrstu árin eftir að hann fór í atvinnumennsku til Noregs. Bæði árin hans í Vesturbænum kom hins vegar Íslandsmeistarabikarinn í hús.

Veigar Páll spilaði síðast með Stjörnunni í Landssímadeildinni sumarið 2000 þegar hann var aðeins 18 ára gamall. Veigar Páll kom þar með beinum hætti að 10 af 18 mörkum liðsins en gat ekki komið í veg fyrir að félagið félli úr deildinni. Veigar Páll hittir þó fyrir Garðbæing sem hann spilaði með í framlínu KR sumarið 2003. Garðar Jóhannsson skoraði 3 deildarmörk fyrir KR það sumar, þar af eitt eftir stoðsendingu frá Veigari.

Garðar hefur skorað 23 mörk í Pepsi-deildinni undanfarin tvö sumur og væntanleg þjónusta frá Veigari Páli ætti að gefa honum nóg af tækifærum til að bæta verulega við þá tölu á komandi tímabili. Sóknarleikur Garðbæinga ætti að vera í fínum málum en nú þarf Logi Ólafsson væntanlega að fara að einbeita sér að því að þétta varnarleikinn sem hefur verið að margra mati Akkilesarhæll liðsins undanfarin ár.

- óój

14 MÖRK Í 30 LEIKJUM Veigar Páll Gunnarsson sést hér á æfingu með KR fyrir tíu árum en hann var allt í öllu í Íslandsmeistaratitlum KR árin 2002 og 2003. MYND/E.ÓL

Hversu Veiga(r)mikill var hann?

Gengi KR á árunum í kringum komu Veigars í Vesturbæinn

2001 KR í 7. sæti
40,7% stiga í húsi

Veigar Páll kemur í Vesturbæinn

2002 KR Íslandsmeistari
64,7% stiga í húsi

2003 KR Íslandsmeistari
76,9% stiga í húsi

Veigar Páll fer úr Vesturbænum

2004 KR í 6. sæti
40,7% stiga í húsi

2005 KR í 6. sæti
46,3% stiga í húsi





JÓLAGJÖFIN ÞÍN Í ÁR ER SJÁLFSUMHYGGJA
VERTU VELKOMIN/N Í HOT YOGA Í SPORTHÚSINU ALLAN DESEMBER

Hot Yoga iceland

VERÐSKRÁ

Tími	Verð
4 vikur	14.900 kr.
10 tíma klippikort	12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi
6 mán áskrift	11.900 kr. á mán
12 mán áskrift + kaupauki	7.900 kr. á mán

Aðalumsjón og kennari: Jóhanna Karlsdóttir með hæstu gráðu frá í Yoga fræðum frá Yoga Alliance. Jóhanna er nýkomin heim frá Tælandi þar sem hún kenndi meðal þeirra færustu og reynslumestu í heiminum Absolute Hot Yoga.

"Hot Yoga hefur gefið mér aukin styrk í hnjám og mjöðmum"

"Ég tók Hot Yoga áskorun og æfði á hverjum degi í 4 vikur og missti 10 kíló"

"Hot Yoga heldur mér við og ég er laus við stífar axlir og almenna stífni í líkamanum"

"Hot Yoga hefur gjörsamlega bjargað mjóbakinu mínu"

TÍMATAFLA

mán.	þri.	mið.	fim.	fös.
6:15 (60 mín)		6:15 (60 mín)		6:15 (60 mín)
9:00 (60 mín)		9:00 (60 mín)		9:00 (90 mín)
	12:00 (60 mín)		12:00 (60 mín)	
17:30 (90 mín)		17:30 (90 mín)		17:30 (75 mín)
	18:15 (90 mín)		18:15 (90 mín)	
19:30 (60 mín)		19:30 (60 mín)		

Laugardaga stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

FÖRUNEYTIÐ AUGLÝSINGASTOFA

SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla

Nánari upplýsingar og skráning á **www.sporthusid.is**,
S: 564 4050 eða **gunnhildur@sporthusid.is**

þín þróun...

SPORTHÚSIÐ • DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

„... mjög flott verk.“

EGILL HELGASON / KILJAN



„Hún heldur svo vel utan um þessa þræði – hún lýgur sig inn á þetta form
með undraverðum hætti ... mjög vel gert.“

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Mér finnst formið afskaplega vel heppnað,
hnitmiðað og fágað ... mjög fallegt.“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / KILJAN

„Hún er rosalega flinkur höfundur – hvernig hún setur þessa sögu fram og
hvernig hún byggir hana upp ... þetta er mjög flott verk hjá henni.“

EGILL HELGASON / KILJAN

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

ÁHRIF CANTONA Á GENGI UNITED

Fyrir komu Eric Cantona
Ekki Englandsmeistarar í 26 ár (1967)

Fimm tímabil með Eric Cantona
4 Englandsmeistaratitlar
Tvisvar tvöfaldir meistarar
64 mörk í 142 leikjum
89 sigrar og aðeins 15 töp í 142 leikjum

1992-93 1993-94 1995-96 1996-97

Eftir Eric Cantona
8 Englandsmeistaratitlar á 15 árum

1998-99 1999-00 200-01 2002-03 2006-07 2007-08 2008-09 2010-11

Símtalið sem breytti fótboltanum

Tuttugu ár eru liðin frá því Eric Cantona gekk óvænt til liðs við Manchester United frá þáverandi Englandsmeisturum Leeds. Líklega hafa engin félagaskipti haft jafn mikil áhrif á gengi eins liðs og í tilfelli Cantona og United, sem hafði þá ekki unnið titilinn í 26 ár.

FÓTBOLTI Haustið 1992 höfðu stuðningsmenn Manchester United ekki fagnað Englandsmeistaratitlinum í 25 ár og útlit var fyrir að lengi yrði enn að bíða. Vorið á undan hafði liðið glutrað niður vænu forskoti á Leeds, sem fagnaði fyrir vikið óvæntum og kærkomnum meistaratitli. Markaskorun var helsta vandamál United, sem sat í áttunda sæti deildarinnar og var úr leik í báðum bikarkeppnunum þegar síminn hringdi á Old Trafford 25. nóvember 1992.

Bill Fotherby, framkvæmdastjóri Leeds, var á línunni og vildi vita hvort Denis Irwin, bakvörður United, væri til sölu. Martin Edwards, stjórnarformaður United, ráðfærði sig við Alex Ferguson, stjóra liðsins, sem tók ekki í mál að selja írska varnarmanninn. Ferguson sat við hliðina á Edwards samkvæmt flestum útgáfum sögunnar. Skotinn ritaði nafn Cantona á blað og Edwards spurðist fyrir um stöðu Frakkans hjá Leeds. Sú fyrirspurn átti eftir að borga sig.

Cantona hafði komið til Leeds tímabilið á undan og átt stóran þátt í frábæru gengi liðsins. Franski landsliðsmaðurinn, sem þekktur var fyrir ólæti og vandræðagang í takt við boltafimi sína, reyndist ekki í uppáhaldi hjá Howard Wilkinson, stjóra Leeds. Sólarhring eftir símtal Fotherby og Edwards var Cantona kynntur til leiks á Old Trafford. Í hönd fór sigursælasti kaflinn í sögu United, sem enn sér ekki fyrir endann á.

Breytti hugsunarhætti leikmanna

Á fimm tímabilum með Eric Cantona innanborðs unnu lærisveinar Alex Ferguson deildina fjórum sinnum og ensku bikarkeppnina í tvígang. Cantona gerði ekki aðeins knattspyrnuunnendur orðlausa með tilþrifum sínum heldur gerði hann samherja sína að betri leikmönnum. Þrátt fyrir titlaleysið hafði United haft mjög góða leikmenn innanborðs sem virtust ekki passa saman. Olían sem vantaði á vélina var Cantona.

„Frammistaða hans í leikjum skipti ekki jafn miklu máli og hvernig hann opnaði augu mín fyrir mikilvægi þess að æfa vel," sagði Ferguson í ævisögu sinni.

Að lokinni fyrstu æfingu hjá United bað Cantona Ferguson um tvo leikmenn, markvörð og boltapokann. Í hönd fór hálftíma viðbótaræfing þar sem Cantona skaut á markið eftir fyrirgjafir frá hægri og vinstri. Daginn eftir varð helmingur liðsins eftir og æfði aukalega. Hugsunarháttur leikmanna breyttist.

Krakkarnir áttu föður

Þegar Paul Ince, Lee Sharpe og Andrei Kanchelskis yfirgáfu Old Trafford sumarið 1995 töldu margir að leiðin lægi niður á við hjá United. „Þú vinnur ekkert með krakka í liðinu," sagði sparkspekingurinn Alan Hansen um ungt lið United, sem steinlá 3-1 í fyrsta leik tímabilsins gegn Aston Villa.

Í hönd fór eftirminnilegt kapphlaup United við Newcastle um meistaratitilinn. United vann upp tólf stiga forskot Newcastle og munaði miklu um fjóra 1-0 sigurleiki United á vormánuðum 1996. Cantona skoraði sigurmarkið í þeim öllum og einnig sigurmarkið í 1-0 sigri á Liverpool í úrslitum enska bikarsins.

„Krakkarnir" hans Hansen áttu sér lærimeistara og ári síðar, þegar Cantona kvaddi Old Trafford eftir viðtöku fjórða Englandsmeistaratitilsins, voru krakkarnir orðnir að sigursælum mönnum.

Tólf meistaratitlar og öðlun

Tuttugu árum eftir komu Cantona á Old Trafford er Sir Alex Ferguson virtasti stjórinn í ensku úrvalsdeildinni og mögulega í öllum heiminum. Tólf Englandsmeistaratitlar á tuttugu árum gerðu United að sigursælasta liði í sögu enskrar knattspyrnu. Fram að komu Cantona var Ferguson valtur í sessi sökum titlaleysis.

„Ef ég ætti að nefna einn leikmann í öllum heiminum sem var skapaður til þess að spila fyrir Manchester United þá væri það Cantona," sagði Ferguson um franska sóknarmanninn sem hann á mikið að þakka.

„Hann mætti til leiks með brjóstkassann þaninn, lyfti höfði og horfði út í loftið líkt og hann spyrði: „Ég er Cantona. Hversu stór ert þú? Ert þú jafnoki minn?""

kolbeinntumi@365.is



MEÐ ROBSON Cantona fagnar hér Englandsmeistaratitli vorið 1993 með miðjumanninum Bryan Robson.

VIÐ AFHJÚPUN Stytta af Ferguson var afhjúpuð í Manchester í síðustu viku. Cantona mætti og vottaði gamla stjóranum virðingu, sjálfur hefur hann lýst yfir áhuga á að taka við stjórastöðu United einhvern daginn.

Rosaleg breyting á sóknarleik United

Hér fyrir neðan má sjá gengi Manchester United 37 leiki fyrir komu Cantona miðað við gengið í 37 leikjum eftir að Cantona fór að spila með liðinu. Flestir eru sammála um að bitleysi í sókninni hafi kostað liðið titilinn árið á undan en tölfræðin sýnir svart á hvítu rosalega breytingu á sóknarleik United-liðsins við komu Frakkans á Old Trafford.

Fyrir komu Cantona
37 deildarleikir
54 stig
38 mörk

Eftir komu Cantona
37 deildarleikir
88 stig
77 mörk

Dökku hliðar Eric Cantona



Ýmsir töldu Ferguson gera mikil mistök með kaupunum á Cantona. Frakkinn þótti agalaus og gekk illa að festa sig í sessi hjá félagsliðum sínum. Hann virtist finna frið á Old Trafford þótt þar hafi hann einnig komið sér á forsíður dagblaðanna fyrir óviðunandi hegðun. Stendur keppnistímabilið 1994-1995 upp úr.

Rauð spjöld í tveimur deildarleikjum í röð ásamt brottvísun í Evrópuleik gegn Galatasaray rifjuðu upp orðspor Cantona. Það var þó aðeins lognið á undan storminum. Í deildarleik gegn Crystal Palace í janúar 1995 réðst Cantona á stuðningsmann mótherjanna með kung fu-sparki.

„Ég á margar góðar minningar en sú sem stendur upp úr er þegar ég sparkaði í fótboltabulluna," sagði Cantona eitt sinn spurður út í feril sinn.

Cantona fór í átta mánaða keppnisbann og gegndi samfélagsþjónustu. Færa má rök fyrir því að fjarvera Frakkans hafi kostað United bæði Englandsmeistaratitilinn og enska bikarinn. Tímabilið var hið eina titillausa á meðan Cantona var í herbúðum Rauðu djöflanna.

Ódýrast!
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur

Ofurdagur

7 kr.

afsláttur af lítranum í dag*

Öll Skeljungskort gilda
líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði
á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

ENNEMM / SÍA / NM49890

DAGSKRÁ

STÖÐ 2 KL. 20.10
MasterChef Ísland

MastherChef Ísland fór vel af stað á Stöð 2. Það er komið að seinni þættinum í vali á þeim kokkum sem fá að taka þátt í sjálfri keppninni en sýningar á henni hefjast í janúar. Í kvöld kemur í ljós hverjir komast áfram í átta manna hópinn.

Í KVÖLD

The Twilight Saga: Eclipse

RÚV KL. 21.40 Þriðja myndin í Twilight-ævintýrinu vinsæla. Þríeykið Robert Pattinson, Kristen Stewart og Taylor Lautner mæta hér aftur sem Edward, Bella og Jakob. Þegar útskriftardagur Bellu nálgast þarf hún að velja á milli Edwards og Jakobs í eitt skipti fyrir öll.

Rotten Tomatoes 49% IMDb 4,8

America's Funniest Home Videos

SKJÁR 1 kl. **20.20** Nýjasta serían af skemmtiþáttunum sem rekja sögu sína aftur til 1989. Tom Bergeron stjórnar þeim og sýnir fyndin og skemmtileg myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa náð á upptöku og sent inn.

TV.COM 8,3 IMDb 6,0

Lethal Weapon 3

STÖÐ 2 kl. **22.35** Þriðja myndin um lögreglufélagana sívinsælu Martin Riggs og Roger Murtaugh. Sem áður eru það Mel Gibson og Danny Glover sem fara með hlutverk félaganna sem nú þurfa að glíma við vopnasala sem er fyrrverandi lögreglumaður.

Rotten Tomatoes 56% IMDb 6,6

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er stjórnun? **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Smásaga: Lífsvilji **15.28** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól

RÚV

15.40 Ástareldur *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

16.30 Ástareldur *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

17.20 Babar *(2:26) (Babar and the Adventures of Badou)*

17.45 Bombubyrgið *(13:26) (Blast Lab)*

18.15 Táknmálsfréttir

18.25 Hljómskálinn *(2:4) (e)*

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.40 Á tali við Hemma Gunn Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnarsson rifja upp gamla tíma og kynna á ný gesti sem slógu í gegn í þáttum Hemma á sínum tíma. Gestur þáttarins er Sigurður Sigurjónsson.

20.30 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Reykjanesbæjar og Mosfellsbæjar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.

21.40 Ljósaskipti: Myrkvun *(The Twilight Saga: Eclipse)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

23.45 Arabíu-Lárens *(Lawrence of Arabia)* Bresk bíómynd frá 1962.Thomas Edward Lawrence var njósnari Breta í Kaíró árið 1916 og fékk leyfi til að fylgjast með uppreisn araba gegn Tyrkjum í fyrra stríði. Í eyðimörkinni skipulagði hann skæruliðaher og barðist með aröbum gegn Tyrkjum um tveggja ára skeið. Lawrence lést 47 ára í vélhjólaslysi í London. Leikstjóri er David Lean og meðal leikenda eru Peter O'Toole, Alec Guinness, Anthony Quinn og Omar Sharif. Myndin hlaut sjö Óskarsverðlaun, þar á meðal sem besta myndin.

03.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

11.05 30 Days Until I'm Famous
12.35 Prince and Me II
14.15 Balls of Fury
15.45 30 Days Until I'm Famous
17.15 Prince and Me II
18.55 Balls of Fury
20.25 The Good Witch's Garden
22.00 Repo Men
00.00 Any Given Sunday
02.30 The Good Witch's Garden

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.45 Tasmanía
08.05 Malcolm in the Middle *(2:22)*
08.30 Ellen *(5:170)*
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors *(34:175)*
10.15 Sjálfstætt fólk *(29:30)*
10.55 Hank *(9:10)*
11.20 Til Death *(2:18)*
11.50 Masterchef USA *(5:20)*
12.35 Nágrannar
13.00 Last Man Standing *(5:24)*
13.25 The Ugly Truth Rómantísk gamanmynd með Katherine Heigl og Gerard Butler í aðalhlutverkum. Heigl leikur framleiðanda morgunþáttar sem er að tapa vinsældunum og til að reyna bjarga áhorfi ræður hún Butler sem er mikil karlremba. Hann fer ekki dult með skoðanir sínar um samskipti kynjanna og ákveður að hjálpa henni í ástalífinu með afar misjöfnum en skemmtilegum árangri.
15.00 Game Tíví
15.30 Barnatími Stöðvar 2
16.00 Ævintýri Tinna
16.20 Barnatími Stöðvar 2
16.45 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen *(8:170)*
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Simpson-fjölskyldan *(15:22)*
19.45 Týnda kynslóðin *(13:24)* Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga.
20.10 MasterChef Ísland *(2:9)* .
21.05 The X-Factor *(20:27)* Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni af þessum sívinsæla þætti.
22.35 Lethal Weapon
00.30 w Delta z
02.15 Lions for Lambs
03.45 Tin Cup
05.55 Simpson-fjölskyldan *(15:22)*

SPORT
besta sætið

17.30 Meistaradeildin í handbolta: markaþáttur
18.00 Spænsku mörkin
18.30 Þýski handboltinn: Magdeburg - Füchse Berlin
20.00 Meistaradeildin: fréttaþáttur
20.30 La Liga Report
21.00 24/7 Pacquiao - Marquez Þættir um hnefaleikakappana Manny Pacquiao og Juan Manuel Marquez.
21.30 Tvöfaldur skolli Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
22.05 UFC 117 Margir af snjöllustu bardagamönnum heims keppa hér í þessari mögnuðu íþróttagrein.

SPORT 2
enski boltinn

16.15 Premier League Review Show 2012/13
17.10 Tottenham - Liverpool
18.50 Everton - Norwich
20.30 Premier League World 2012/13
21.00 Premier League Preview Show 2012/13 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna og spáð í spilin fyrir leikina sem eru fram undan.
21.30 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
22.00 Stoke - Fulham
23.40 Premier League Preview Show
00.10 Sunderland - WBA

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Dóra könnuður
08.25 Doddi litli og Eyrnastór
08.35 UKI
08.45 Stubbarnir
09.10 Strumparnir
09.30 Brunabílarnir
09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.15 Ævintýri Tinna
10.35 Búbbarnir *(12:21)*
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
16.55 Villingarnir
17.20 Xiaolin Showdown
17.45 Tricky TV *(7:23)*

POPP TÍVÍ

17.05 The Simpsons *(19:22)* Allt fer í háaloft þegar Skinner skólastjóri sýnir fyrrverandi nemanda sínum kvenfyrirlitningu. Fyrir vikið er Skinner rekinn með skömm og í staðinn er ráðinn grjótharður femínisti sem kemur á kynjaskiptingu í skólanum.
17.25 Íslenski listinn
17.55 Sjáðu
18.20 Gossip Girl *(11:18)*
19.00 Friends *(21:24)* Aðeins fjórar vikur eru í brúðkaup Monicu og Chandlers og þau ákveða að drífa í því að treysta hjúskaparheitið, sem reynist þó erfiðara en þau grunaði.
19.25 The Simpsons *(14:23)*
19.50 How I Met Your Mother *(2:20)*
20.15 The Secret Circle *(15:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
21.00 The Vampire Diaries *(15:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár.
21.45 Pretty Little Liars *(16:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
22.30 Sons of Anarchy *(2:13)* Önnur þáttaröðin um alræmda mótorhjólaklúbbinn í Charming í Kaliforníu.
23.15 The Secret Circle *(15:22)*
00.00 The Vampire Diaries *(15:22)*
00.45 Pretty Little Liars *(16:25)*
01.30 Sons of Anarchy *(2:13)*
02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.10 Doctors *(81:175)*
18.50 Ellen *(8:170)*
19.30 Það var lagið
20.30 Idol-Stjörnuleit
22.10 Entourage *(6:12)*
22.40 The X-Factor *(21:27)*
23.25 Það var lagið
00.25 Idol-Stjörnuleit
01.55 Entourage *(6:12)*
02.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray *(e)*
08.45 Dr. Phil *(e)*
09.35 Pepsi MAX tónlist
15.25 Parenthood *(21:22) (e)*
16.10 Top Chef *(1:15) (e)*
16.55 Rachael Ray
17.40 Dr. Phil
18.20 Survivor *(4:15) (e)*
19.05 Running Wilde *(2:13) (e)* Steve gerir hosur sínar grænar fyrir Emmy og vill endilega taka hana og dótturina með sér í ferðalag en tilvonandi eiginmaður setur strik í reikninginn.
19.30 Solsidan *(2:10) (e)* Alex hefur Önnu grunaða um að hafa átt í ástarsambandi. Freddie þróar með sér grillfíkn.
19.55 America's Funniest Home Videos *(35:48) (e)*
20.20 America's Funniest Home Videos *(6:44)*
20.45 Minute To Win It Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri.
21.30 The Voice *(12:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki.
00.05 Excused Nýstárlegur stefnumótaþáttur um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.
00.30 House *(11:23) (e)*
01.20 CSI: New York *(15:18) (e)*
02.10 Last Resort *(2:13) (e)*
03.0 A Gifted Man *(13:16) (e)*
03.50 CSI *(7:23) (e)*
04.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** World Challenge **2012** (**1:4**) **11.10** Golfing World **12.00** World Challenge **2012** (**1:4**) **15.00** The Open Championship Official Film **2009** **16**.00 World Challenge **2012** (**1:4**) **19.00** US Open **2008** - Official Film **20.00** World Challenge **2012** (**2:4**) **23.00** Presidents Cup Official Film **2009** (**1:1**) **23.50** ESPN America

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Randver **21.30** Eldað með Holta

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

PIPAR\TBWA - SÍA - 123541

Afsláttur allan hringinn

Sæktu um lykil núna á ob.is

...og að auki 15 Vildarpunktar Icelandair

á hverjar 1.000 kr. eða um 150 punktar á eldsneytisáfyllingu miðað við 40 lítra tank. Það eru um 7.500 punktar á ári hjá meðalnotanda.

1. Sérafslættir (-10 kr. í fyrsta skipti, -10 kr. á afmælisdaginn og -15 kr. í 10. hvert skipti þegar dælt er 25 l eða meira) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör. Nánar á ob.is.
2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykillinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykilinn Viðskiptakorti Olís og safna Vildarpunktum. Punktasöfnun er 1,5% af upphæð.

ICELANDAIR SAGA CLUB

ÓB

HELGIN

„Ætli ég nýti hana ekki í að læra undir próf. Svo er ég reyndar að fara á jólaleikrit og var kannski að hugsa um að kíkja með systkinum mínum í laufabrauðsgerð, svona til að fá smá jólafíling.“

Hafdís Maria Matsdóttir, leikkona barnaefnisins Daginn í dag.

Við lofum að gera þetta ekki aftur

Hljómsveitin Baggalútur er hætt að gera texta við erlend lög án þess að fá til þess tilskilin leyfi.

„Þetta er ósiður sem hefur viðgengist fulllengi hérna. Við erum búnir að skammast okkar og lofum að gera þetta ekki aftur,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur.

Hljómsveitin hefur verið dugleg við að gera íslenska texta við erlend lög við miklar vinsældir án þess að fá til þess tilskilin leyfi að utan. „Ég er oft búinn að reyna að fá leyfi en það er happa og glappa hvort þeir nenna að svara einhverjum Íslendingum,“ segir Bragi Valdimar. „En ég er núna fyrir mitt leyti búinn að „stræka“ á alla textagerð nema það sé allt klappað og klárt.“

Á undanförnum mánuðum hafa FTT og STEF staðið fyrir vitundarvakningu meðal tónlistar- og textahöfunda varðandi réttindi og skyldur við útgáfu á tónlist með nýjum textum. Nýlega vakti mikla athygli þegar gerð var athugasemd við Bítlalagið Across the Universe sem Bubbi Morthens hafði gert íslenskan texta við fyrir jólaplötu sína, án þess að leyfi að utan hefði fengist. Í kjölfarið ákvað hann að fresta útgáfu plötunnar.

Spurður hvort nýjasta lag Baggalúts, Heims um bóleró, sé löglegt segir Bragi: „Það er frumsamið en er svo sem undir áhrifum héðan og þaðan.“

- fb

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EKKI AFTUR Bragi Valdimar Skúlason segir það ósið sem hefur viðgengist of lengi að gera texta við erlend lög ólöglega.

SKÁLMÖLD Hljómsveitin Skálmöld í Hörpunni á hinni nýafstöðnu tónlistarhátíð Iceland Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðasala hefst á Airwaves

Miðasala á fimmtándu Iceland Airwaves hefst á hádegi á morgun, laugardaginn 1. desember, á heimasíðu hátíðarinnar. Sérstakt forsöluverð verður í boði fyrir þá fyrstu sem kaupa.

Í ár seldust miðar upp fyrr en nokkru sinni áður og hafa erlendir gestir sem heimsóttu Reykjavík á Iceland Airwaves aldrei verið fleiri. Hátíðin verður haldin dagana 30. október til 3. nóvember 2013 og er undirbúningur þegar hafinn. Fyrstu listamennirnir verða kynntir til leiks snemma á næsta ári.

Á LAG Í SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS Davíð á eitt þeirra tólf laga sem komust inn í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins fyrir árið 2013. Jóhanna Guðrún söng lagið á upptökunni og útilokar ekki að hún flytji það í Hörpu líka.

MYND/MARGRÉT STEINDÓRSDÓTTIR

Með Davíð á sviðinu verður alltaf allt í lagi

Þau Jóhanna Guðrún og Davíð Sigurgeirsson verða í Noregi á jólunum. Hún þurfti að hafna þátttöku í Jólagestum Bó þetta árið vegna anna þar ytra.

„Hann er frábær lagahöfundur og það er æðislegt að hann hafi fengið viðurkenningu fyrir það. Ég er alltaf að segja honum hvað hann sé góður, en auðvitað er miklu betra þegar það kemur frá utanaðkomandi,“ segir söngkonan Jóhanna Guðrún um kærastann sinn, Davíð Sigurgeirsson.

Lag Davíðs, Þú, er eitt þeirra tólf sem voru valin úr 240 innsendum lögum í Söngvakeppni Sjónvarpsins fyrir árið 2013. Jóhanna Guðrún söng lagið sem var sent inn og útilokar hún ekki að hún flytji það á sviðinu í Hörpu. „Það gæti farið svo, en ekkert hefur verið ákveðið. Davíð er voðalega afslappaður með þetta allt saman. Það að hann hafi komist inn er nægur sigur í bili,“ segir hún, en aldrei hafa jafn mörg lög verið skráð til keppni og núna.

Eins og flestir vita er Jóhanna keppninni vel kunnug, en hún tók þátt fyrir Íslands hönd árið 2009 með lagið Is It True? Þar jafnaði hún árangur Selmu Björnsdóttur frá 1999 og hafnaði í öðru sæti. Hún reyndi aftur við íslensku keppnina árið 2011 þegar hún flutti lagið Nótt, en hafnaði þá í þriðja sæti og Vinir Sjonna héldu til Düsseldorf.

Davíð og Jóhanna Guðrún spila og semja mikið saman og hjálpa hvort öðru í tónlistinni. „Ég er sjálflærð poppsöngkona en hann er lærður og þaulreyndur og því með alla tæknilega hluti á hreinu. Það hjálpar mér rosalega mikið. Hann spilar líka yfirleitt undir hjá mér núorðið og ég elska að hafa hann með mér á sviðinu. Ég veit alltaf að allt verður í lagi ef hann er þarna,“ segir hún blíðri röddu. Þau hafa verið að vinna í plötu að undanförnu sem Jóhanna Guðrún vonast til að komi út á árinu 2013.

Hittust í fyrsta skipti í fermingarveislu

Jóhanna Guðrún og Davíð eru búin að vera saman í rúm tvö ár. Þau kynntust vorið 2010 þegar þau spiluðu saman í fermingarveislu. „Gunni og Kolla í Andersen og Lauth báðu mig um að koma og syngja í fermingarveislu hjá syni sínum. Þegar ég sagðist ætla að taka gítarleikarann minn með sögðu þau að þau væru með gítarleikarann úr Í svörtum fötum svo ég þyrfti ekki að hugsa um það. Yfirleitt er ég mjög skeptísk á að spila með fólki sem ég þekki ekki en þarna fannst mér það allt í lagi því ég þekkti Kela, gítarleikara Í Svörtum fötum. Það sem ég vissi ekki var að Keli var hættur og Davíð kominn í staðinn. Hann stóð sig svo svona líka ljómandi vel og við klikkuðum strax. Mér fannst eins og ég hefði þekkt hann alltaf. Eftir það spiluðum við nokkrum sinnum saman og vorum byrjuð saman áður en leið á löngu,“ rifjar Jóhanna Guðrún upp.

Parið hefur verið búsett í norska bænum Kongsvinger í tæpt ár og líður mjög vel meðal frænda okkar Norðmanna. Bæði eru þau að gera góða hluti í tónlistinni þar ytra og strax búin að skapa sér góðan orðstír. Þau taka mestmegnis að sér einstaka verkefni og á dögunum fór Jóhanna til dæmis í sjónvarpsþáttinn Beat for Beat í norska ríkissjónvarpinu. „Þeir eru fyrirmyndin að þættinum Það var lagið með Hemma Gunn og svipað uppbyggðir. Mitt lið sigraði naumlega,“ segir Jóhanna og hlær, en hún var pöruð saman við ungan söngvara og lagahöfund að nafni Tom Hugo.

Jólunum ætla Jóhanna og Davíð að eyða í Noregi. „Við ætluðum að koma heim og mér var meðal annars boðið að syngja á Jólagestum Björgvins eins og síðustu ár. Ég varð bara svo fljótt uppbókuð hérna úti að það gekk ekki upp. Það er alltaf svo mikill fjölskyldufílingur í þessum tónleikum hjá Bjögga og mér fannst hræðilega leiðinlegt að segja nei. Maður segir ekki nei við Bó,“ segir hún. Jóhanna og Davíð verða þó ekki einmana yfir jólin því auk þess að hafa hundana sína, Bjart og Dívu, verða þau umvafin fjölskyldu Davíðs. Systir hans býr í Noregi með fjölskylduna sína og mamma hans ætlar að fljúga til þeirra yfir hátíðarnar. Jóhanna þarf því ekki að hafa áhyggjur af jólamatnum. „Nei, mamma hans Davíðs býr til svo góðan kalkún að ég leyfi henni bara að sjá um það. Ég reyni að hjálpa til, þó Davíð sé betri kokkur en ég. Ég get kannski vaskað upp,“ segir hún og hlær.

tinnaros@frettabladid.is



Gleðigjafar

Frásagnir foreldra einstakra barna

Bók sem stækkar hjörtu þeirra sem lesa og á erindi til allra.



Töfraðu fram lífið með Siggu Kling

Fyrir þá sem vilja bæta og auðga líf sitt og verða betri manneskjur.

BÓKAFÉLAGIÐ

bokafelagid.is

Ayn Rand Undirstaðan

Ein áhrifamesta skáldsaga allra tíma.

Ayn Rand er einn vinsælasti skáldsagnahöfundur allra tíma, en alls hafa selst 30 milljónir eintaka af skáldsögum hennar um heim allan.





Limrubókin

Snjöllustu, fyndnustu og furðulegustu limrurnar

Stórskemmtileg bók full af gamanmálum, tvíræðni og ljóðrænum stemmningum.

www.bokafelagid.is

Almenna bókafélagið

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Árni til Frakklands

Ár kattarins, ný glæpasaga **Árna Þórarinssonar**, hefur verið seld til Frakklands. Útgefandi Árna í Frakklandi, Anne Marie Métailié, sendi tilboðið í útgáfuréttinn um leið og hún fékk prentað eintak í hendurnar. Svo virðist sem blaðamaðurinn Einar falli í kramið í Frakklandi því síðasta bók Árna, Morgunengillinn, fékk góða dóma þar í landi og sama hefur verið uppi á teningnum með aðrar bækur hans.

Moses-maður með í för

Krakkarnir í Of Monsters and Men héldu af stað í enn eitt tónleikaferðalagið eftir að þau spiluðu á Kex Hosteli á Iceland Airwaves-hátíðinni – nú til Norður-Ameríku, þar sem þau hafa þegar slegið rækilega í gegn. Fyrir ferðalagið var höggvið skarð í raðir þeirra, því að hljómborðsleikarinn Árni Guðjónsson er hættur í sveitinni og það dugði ekkert minna en maður með reynslu í hans stað. Sá er enginn annar en **Steingrímur Karl Teague**, söngvari og hljómborðsleikari Moses Hightower, sem spilar með þeim á Ameríkutúrnum og svo er bara að sjá hvað setur í framhaldinu.

- fb, sh

Mest lesið vísir

1. Hælisleitendur flúðu land
2. Stóra túnfiskbátamálið: Of seint að breyta
3. Mark Wahlberg fagnaði Djúpinu með Baltasar
4. Kallaður hinn egypski Stjáni blái
5. Námsmenn ósáttir við bát mánaðarins
6. Fluttu fimmtán ára gamalt mál
7. Sólarhringur án ofbeldisglæpa í New York – lögreglumenn gáttaðir
8. Unglingar í Grafarvogi safna fyrir fjölskyldu látins vinar
9. Tveir skipta með sér 73 milljarða lottóvinningi

rekkjan

SÆNGURFATA ÚTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI

LÝKUR Á MORGUN, LAUGARDAG!

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 4.950 KR.

50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

ALLURE

Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 163.600 kr.

NÚ 89.900 kr.

45% AFSLÁTTUR!

ALLURE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

50-60% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM

VERÐDÆMI!
RÚMTEPPI (240X260 CM)
Fullt verð 29.900 kr.
NÚ 11.960 kr.

ARGHH 011212

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16